AUGLÝSING

FRÉTTABLAÐIÐ

— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —

269. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 10. DESEMBER 2022

EINRÓMA LOF

DAGUR HJARTARSON

★★★★

„Furðuleg og falleg bók … húmorísk og snjöll.“
SB / MORGUNBLAÐIÐ





SJÓN

Heildarsafn ritverka Sjóns



LILJA SIGURÐARDÓTTIR

„Æsispennandi og skemmtileg saga.“
UMSÖGN DÓMNEFNDAR BLÓÐDROPANS



ARNALDUR INDRIÐASON

★★★★★

„… í einu orði sagt meistarastykki.“
SG / MORGUNBLAÐIÐ



KRISTÍN EIRÍKSDÓTTIR

★★★★★

„… spilar á allan tilfinningaskalann …“
SB / MORGUNBLAÐIÐ



★★★½

„… hvergi er dauður punktur.“
SG / MORGUNBLAÐIÐ

JÓNÍNA LEÓSDÓTTIR



JÓNAS REYNIR GUNNARSSON

★★★★½

„… sprengfullur af forvitnilegum hugmyndum.“
RB / MORGUNBLAÐIÐ



ELÍSABET JÖKULSDÓTTIR

★★★★½

„Saknaðarilmur er kraftmikil og falleg …“
IIA / MORGUNBLAÐIÐ



EINAR KÁRASON

★★★★

„… vel skrifuð saga um hræðilegt slys …“
PEW / MORGUNBLAÐIÐ



STEINAR BRAGI

★★★★½

„… ein besta bók Steinars Braga.“
PEW / MORGUNBLAÐIÐ



RAGNA SIGURÐARDÓTTIR

★★★★

„… vel sögð saga um ástir og örlög.“
RB / MORGUNBLAÐIÐ



JÓN ATLI JÓNASSON

★★★★

„… raunverulega fyndin … mjög spennandi.“
AH / STUNDIN



ÓSKAR MAGNÚSSON

★★★★

„… stórskemmtilegur krimmi …“
PEW / MORGUNBLAÐIÐ



HAUKUR MÁR HELGASON

★★★★★

„Verk hans er mikið afrek …“
PBB / STUNDIN



★★★★½

„… hennar besta verk.“
RB / MORGUNBLAÐIÐ

BENNÝ SIF ÍSLEIFSDÓTTIR

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | **www.forlagid.is**



JÓHANNES NORDAL

★★★★★

„Gildi bókarinnar er ótvírætt.“
BB / MORGUNBLAÐIÐ



INGIBJÖRG HJARTARDÓTTIR

Einlæg saga um ævi baráttukonu



ÞÓRÐUR SÆVAR JÓNSSON

★★★½

„Stíllinn er einlægur og hraður.“
SS / MORGUNBLAÐIÐ



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

Einstæð innsýn í nístandi sára baráttu



SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR

★★★★

„... ljóðin eru mörg hver afskaplega tær.“
RB / MORGUNBLAÐIÐ





GERÐUR KRISTNÝ

★★★★½

„... verk sem á skilið mikið lof.“
IIA / MORGUNBLAÐIÐ



LINDA VILHJÁLMSDÓTTIR

„... sterk, djúp og hljómmikil.“
SAB / SKALD.IS

Opið í bókabúð Forlagsins
10–19
alla daga til jóla



ÞORVALDUR SIGURBJÖRN HELGASON

★★★½

„... skemmtilegur og ljúfur lestur sem gleður ...“
SB / MORGUNBLAÐIÐ



ARI JÓHANNESSON

★★★★

„... mörg ljóðin vel ort og ágeng ...“
SS / MORGUNBLAÐIÐ



JANE AUSTEN
ÞÝÐANDI: SILJA AÐALSTEINSDÓTTIR

„Þetta er unaðslegur lestur ...“
KB / KILJAN



JEAN-JACQUES ROUSSEAU
ÞÝÐANDI: PÉTUR GUNNARSSON

Stórbrotið bókmenntaverk

Næsta ár verði betra

Lenya Rún og Stefán Ingvar fara yfir innlendar fréttir ársins sem er að líða. ➤ 40



Östlund svarar gagnrýnendum

Sorgarþríhyrningurinn slær í gegn. Ruben ræðir gerð myndarinnar. ➤ 44



Lífið er að muna að Stekkjarstaur kemur til byggða 12. desember

Lífið er … að mæta því óvænta

FRÉTTABLAÐIÐ

269. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 10. DESEMBER 2022

Engar venjulegar vinkonur

Júlíana Sara Gunnarsdóttir og Vala Kristín Eiríksdóttir hafa unnið saman að fjölda verkefna. Þær eru saman í liði í stað þess að keppa hvor við aðra. ➤ 28



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI





Önnur göngubrúnna. MYND/AÐSEND

Gert við lengstu göngubrú landsins

ser@frettabladid.is

ÚTIVIST Göngubrýrnar við Eskifell og Kollumúla í Lóni, sem skemmdust talsvert í óveðri í lok september, verða lagaðar á næstu mánuðum.

Brýrnar auðvelda fólki leið inn í eina mestu náttúruparadís Íslands, Lónsöræfin, sem hafa hrifið æ fleiri eftir að þau opnuðust ferðamönnum fyrir um þrjátíu árum.

Göngubrúin yfir Jökulsána við Eskifell er ein sú lengsta á landinu, 95 metra löng. Hin brúin við Kollumúla er aftur á móti jafn stutt og hún er nauðsynleg til að komast yfir ána þar sem hún er hvað þrengst.

Skemmdirnar á Eskifellsbrúnni voru sýnu meiri. „Það slitnaði hliðarstag og fjögur upphengisstög," segir Sveinn Þórðarson, verkefnastjóri hjá Vegagerðinni í nýjustu framvæmdafréttum hennar. „Svo bognuðu fjögur upphengisstög sem halda uppi brúargólfinu, auk þess sem stálbitar og vindgrindur í gólfinu skemmdust," bætir hann við. ■

Jól í skóginum



Nú á aðventunni gerast jólaævintýri í Guðmundarlundi í Kópavogi. Þar eru nú í boði sérstakar sýningar þegar rökkva tekur þar sem gestir ganga um skóginn og rekast á ferð sinni um hann á ýmsar ævintýraverur á borð við Grýlu og Leppalúða og syni þeirra jólasveinana. Muna þarf að vera með vasaljós og klæða sig í hlý föt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Yfir hundrað þúsund til Barnaþorpa

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Nemendur í Salaskóla vildu láta gott af sér leiða á aðventunni og stóðu fyrir jólamarkaði nú í vikunni.

Börnin ákváðu að gefa framlagið til SOS Barnaþorpanna og nam það 120 þúsund krónum sem renna óskiptar til fjölskyldueflingar SOS Barnaþorpanna í Malaví.

Samkvæmt upplýsingum frá SOS Barnaþorpunum lögðu krakkarnir mikið á sig. Allir tóku þátt í að gera tíu mismunandi föndurvörur sem voru til sölu á jólamarkaðnum.

Börnunum var skipt upp í 13 hópa og fékk hver sölubás nafn eins jólasveins. Alls voru til sölu 52 stykki af föndri á hverjum básí en líka kaffi, kakó, piparkökur og smákökur. Þar að auki æfðu börnin skemmtiatriði, lásu vísur og sungu.



Krakkar úr fjórða bekk í Salaskóla. MYND/AÐSEND

Fjölskylduefling SOS styður við barnafjölskyldur sem búa við krefjandi aðstæður og eiga á hættu að missa börn sín frá sér. Fjölskyldueflingin aðstoðar foreldra barnanna við að standa á eigin fótum svo þeir geti annast börnin sín. ■



Verðmætasta vinnuvél Íslandssögunnar gerð upp

Orkuveita Reykjavíkur, HS Orka og Landsvirkjun hafa saman lagt til 36 milljónir til að gera upp gufuborinn Dofra og mun hann verða til sýnis við Elliðaárstöð í Elliðaárdal.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Gufuborinn Dofri olli straumhvörfum í borun eftir heitu vatni og gufu hér á landi þegar útbreiðsla hitaveitna hér á landi var örust. Í ljósi þess mikla sparnaðar, bæði fyrir buddur almennings og umhverfið, sem hitaveitunni fylgja má segja að borinn sé einhver allra verðmætasta einstaka vinnuvél Íslandssögunnar.

Rétt eins og Gufuborinn, eins og hann var fyrst kallaður, gerði landsmönnum kleift að fara úr olíukyndingu í hitaveitur, hóf borinn sjálfur feril sinn í olíubransanum í Bandaríkjunum. Reykjavíkurborg og ríkið sameinuðust um kaup á honum árið 1957. Fyrsta holan var boruð með honum við gatnamót Nóatúns og Sigtúns í Reykjavík og sú síðasta árið 1991 við Kröflu í Mývatnssveit.

Þess á milli átti þessi bor stærstan þátt í borun fyrir hitaveituna á höfuðborgarsvæðinu í Mosfellsbæ, í Reykjavík og á Nesjavöllum meðan hitaveituvæðingu höfuðborgarsvæðisins var að ljúka eftir olíukreppuna á 8. áratug síðustu aldar.

Samkvæmt upplýsingum frá Orkuveitunni eru afar fá jarðhitasvæðin sem Dofri snerti ekki á. Hann var notaður í Svartsengi, á Reykjanesi, á Seltjarnarnesi, í Hveragerði og í Krýsuvík. Svo kom hann í Mývatnssveitina og boraði bæði í Bjarnarflagi og við Kröflu og reyndar miklu víðar – meira að segja í Færeyjum.

„Borinn var að drabbast niður þegar HS Orka hafði frumkvæði að

Dofri við borun 1958 á Undralandstúninu í Reykjavík, nú við Nóatún. Líklega er gufuborinn þarna að bora sína fyrstu holu. MYND/PÉTUR THOMSEN



Birna Bragadóttir, forstöðukona Elliðaárstöðvar

því, á vettvangi Íslenska jarðhitaklasans, að þessari merku sögu yrði sómi sýndur með því að gera Dofra upp," segir Birna Bragadóttir forstöðukona Elliðárstöðvar.

Það er vélsmiðjan VHE í Hafnarfirði sem sér um viðgerðina en að henni lokinni verður þessum merka bor komið fyrir við Elliðaárstöð, áfangastað við gömlu rafstöðina í Elliðaárdal, sem Orkuveita Reykjavíkur byggir nú upp.

„Við erum afskaplega stolt og ánægð yfir því að fá Dofra til okkar í Elliðaárdalinn enda hefur hann svo sannarlega skipt sköpum í okkar sögu. Hann verður nú hluti af áfangastað sem við erum að byggja upp í dalnum og munum við gera honum góð skil," segir Birna. ■

FRJÁLS

TOYOTA LAND CRUISER



Verð frá: 10.360.000 kr.

KINTO Langtímaleiga
Verð frá: 213.000 kr.

KAUPAUKI FYLGIR AFMÆLISÚTGÁFU
998.000 kr. kaupauki fylgir áfram í takmarkaðan tíma.*

33" breyting, heilsársdekk og felgur, hliðarlistar, hlíf undir framstuðara, hlíf á afturstuðara, krómlisti á hlera og krómstútur á púst.

TOYOTA – MEST SELDA BIFREIÐATEGUNDIN Á ÍSLANDI
32
ÁR Í RÖÐ

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

7 3+4 ÁBYRGÐ
3 ÁRA ÞJÓNUSTA

Toyota Kauptúni	Toyota Akureyri	Toyota Reykjanesbæ	Toyota Selfossi
Kauptúni 6	Baldursnesi 1	Njarðarbraut 19	Fossnesi 14
570 5070	460 4300	420 6600	480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. *Gildir ekki með öðrum tilboðum eða LX útfærslu Land Cruiser og á eingöngu við um nýja bíla. Birt með fyrirvara um villur.

Tölur vikunnar

370
milljarða króna er hlutur ríkisins í bönkunum metinn á.

5
daga tekur að bregðast við olíuleka frá skemmtiferðaskipi hér.

6
milljónir plantna mun Skógræktin framleiða á næsta ári.

1
milljarð kosta nýir lampar í ljósastaura Reykjavíkurborgar.

60
börn æfa sund á Selfossi og laugin er sprungin.

Þrjú í fréttum



Vilhjálmur Birgisson

formaður Starfsgreinasambandsins

sagðist dapur vegna gagnrýni Ragnars Þórs Ingólfssonar hjá VR og Sólveigar Önnu Jónsdóttur hjá Eflingu á nýgerðan kjarasamning. Einnig sagðist hann hafa verið stunginn í bakið af vinum sínum sem hafi lekið upplýsingum í fjölmiðla. Dramatíkin heldur því áfram.



Brynja Bjarnadóttir

65 ára einstæðingur og öryrki

sem leigir á Hverfisgötu hjá íbúðafélaginu Ölmu greindi frá 75 þúsund króna hækkun á húsaleigu. Leigan átti að hækka úr 250 þúsund krónum í 325 Hefur þessi hækkun valdið hneykslan og hefur fólk verið hvatt til að sniðganga vörur frá eigendunum, svo sem Freyju, Ali, Matfugli og fleirum.



Ólafur Jóhann Ólafsson

rithöfundur

toppar Arnald, Yrsu, Ragnar og Katrínu á metsölulista Eymundsson. Bók hans Játning var mest selda bókin í nóvember. Í helgarviðtali Fréttablaðsins 11. nóvember sagðist Ólafur alltaf hafa hugann á Íslandi þrátt fyrir að vera búsettur erlendis. Síðasta bók hans, Snerting, verður brátt kvikmynduð af Baltasar Kormáki.■

Leigjendur mótmæli með einhliða greiðsluhléi eftir hækkanir leigusala

Formaður Leigjendasamtakanna segir að fólk sem gert er að taka á sig miklar húsaleiguhækkanir hafi þá leið að greiða ekki samkvæmt hækkaðri leigu heldur leggi gömlu upphæðina á biðreikning.

bth@frettabladid.is

HÚSNÆÐISMÁL Guðmundur Hrafn Arngrímsson, formaður Leigjendasamtakanna, hvetur leigjendur hjá Ölmu til að íhuga að hætta að greiða húsaleigu til félagsins. Þá hvetur hann almenning til að sniðganga allar vörur frá Langasjó, félaginu sem á Ölmu.

„Leigjendur hafa ýmis ráð og það er þekkt úrræði að hætta að borga leigu ef reynt er að okra á þeim," segir Guðmundur Hrafn.

„Á Spáni er algengt ef mikið ber á milli eftir hækkanir að leigjendur greiði leigu án hækkunar inn á biðreikning lögfræðinga í stað þess að hún renni beint til leigusala. Þetta gæti verið góð leið hér," segir Guðmundur Hrafn sem telur vel koma til greina að leigjendur hjá Ölmu beiti slíkum aðgerðum.

Vafamál er hvort skilmálar hjá hagnaðardrifnum leigufélögum eru virtir. Óljóst virðist við hvað vísitöluhækkanir eiga að miðast eftir því hvort um langtíma- eða skammtímaleigu er að ræða.

Ef íbúðafélagið Alma hefur hækkað leigu um 30 prósent á tímum þar sem verðbólga er undir 10 prósentum kallar það á athugun, að sögn Más Wolfgangs Mixa, hagfræðings og lektors við Háskóla Íslands.

Már Mixa segir að hækkun á húsaleigu komi ekki á óvart vegna mikilla verðhækkana á fasteignum undangengin misseri. Í rannsókn sem hann gerði á stöðu leigjenda í fyrra kom fram að uppbygging leigumarkaðarins síðastliðin ár hefur leitt til aðstæðna hjá leigjendum sem einkennast af óöryggi. Már skoðaði meðal annars staðlaða leigusamninga hjá tveimur atkvæðamiklum einkareknum leigufélögum, Ölmu og Heimstaden, sem áður hét Heimavellir. Í samningunum, sem voru langtímasamningar, segir að leiguverð breytist í takt við neysluvísitölu.



Lágir vextir í heimsfaraldri kórónaveirunnar og takmörkuð fjárfestingartækifæri virðast hafa skapað vanda hjá leigjendum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Ef fréttirnar af Ölmu eru það sem koma skal eru um blikur á lofti," segir Már Mixa. „Ein spurningin er hvort Alma lítur á endurnýjun samnings sem ígildi nýs samnings."

Már telur að ef rétt reynist að staða fólks á leigumarkaði hjá hagnaðardrifnum leigufélögum sé eins viðkvæm hvað varðar skammtímasamninga og fram hafi komið í fréttum þurfi áhætta sem kunni að leynast að koma fram.

Auður Jónsdóttir rithöfundur sagði á Fréttavaktinni á Hringbraut í gær að stærstu mistök sem hún hefði gert um dagana væru að selja eigið húsnæði fyrir skemmstu. Staðan á markaði í dag væri eins og villta vestrið. Dæmi væru um að leigusalar krefjist fyrirframgreiðslu sem næmi hálfri milljón króna.

Auður er sjálf leigjandi. Hún segir öll spil á hendi fasteignaeigenda. Sumir leigusalar líti á húsnæði sem

> Leigjendur hafa ýmis ráð og það er þekkt úrræði að hætta að borga leigu ef reynt er að okra á þeim.



Guðmundur Hrafn Arngrímsson, formaður Leigjendasamtakanna

hlutabréf. Helsta markmiðið sé að græða eins mikið fé og mögulegt er sem spyrji síðferðislegra spurninga, ekki síst þegar um ræði börn í leiguhúsnæði.

Daði Már Kristófersson, hagfræðingur og prófessor við Háskóla Íslands, segir að í Covid hafi orðið sprenging. Fólk hafi keypt fasteignir í fjárfestingarskyni sem aldrei fyrr og það skýri að hluta ástandið. Stjórnvöld þurfi nú að skoða aukna félagsmöguleika og reyna um leið að jafna húsnæðismarkaðinn til lengri tíma.

Staðlaðir leigusamningar á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins, sem hægt er að nálgast í gegnum heimasíðu Ölmu, skilgreina ekki með skýrum hætti hvernig leiguverð skuli breytast á leigutíma. Þar segir einfaldlega: „Leiguverð skal breytast samkvæmt síðara samkomulagi." ■




Herra lagerinn
outlet
lika fyrir konur
TROÐFULL VERSLUN AF MERKJAVÖRU
FRÁ EFTIRTÖLDUM VERSLUNUM
herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN / SMÁRALIND
BOSS
BÚÐIN KRINGLUNNI
HANZ
KRINGLUNNI
Mathilda
Kringlunni
COLLECTIONS
Geirsgata 4 - við Hafnartorg
40-60%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
SUÐURLANDSBRAUT 54 - BLÁU HÚSIN VIÐ FAXAFEN / OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 17 SUNNUDAGA 13 - 17 / SÍMI 568-9512

Áhyggjuefni að dregið sé úr vöktun fiskistofna

bth@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR „Það er vissulega áhyggjuefni að haffræðilegir þættir eins og hiti, selta og straumar eru hugsanlega að breytast," segir Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, SFS.

„Hafið við Ísland er þó ákaflega heppilegt búsvæði fyrir þorsk, hér er nú mátulega hlýtt. Þorskur virðist vera að hrekjast norður undan auknum hita í Norðursjó og allt í kringum Írland," segir Heiðrún.

Katherine Richardson, prófessor í haffræði við Kaupmannahafnarháskóla og stjórnandi ROCS, sagði á forsíðu Fréttablaðsins í gær að loftslagsbreytingar væru að valda fordæmalausum breytingum á hafinu í kringum Ísland. Óvissa væri um framhald þorskgengdar þar sem þorskurinn leitaði í kaldan sjó.

Heiðrún segir að samkvæmt annarri rannsókn en Katharine vitnar í hafi verið reynt að meta áhrif mögulegra loftslagsbreytinga á útbreiðslu fiskistofna við Ísland. Þar hafi skapast vísbending um að hlýnun myndi ekki hafa mikil áhrif á útbreiðslu stofnsins. Svipaða sögu megi segja fyrir helstu botnfiskstofna eins og ýsu og ufsa.

> Það er vissulega áhyggjuefni að haffræðilegir þættir eins og hiti, selta og straumar eru hugsanlega að breytast.



Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS

„Sú niðurstaða er nokkuð á skjön við það sem Katherine segir, en það er engu að síður mikið áhyggjuefni að sífellt er verið að draga úr vöktun nytjastofna og rannsóknum á hafinu," segir Heiðrún Lind. ■

Guðrún Bjerring Parker látin 102 ára

kristinnhaukur@frettabladid.is



Guðrún Bjerring Parker að störfum.

ANDLÁT Hin vesturíslenska kvikmyndagerðarkona Guðrún Bjerring Parker er látin, 102 ára að aldri. Guðrún var, fyrir utan Ruth Hanson, fyrsta íslenska konan sem kom að kvikmyndagerð og sú fyrsta sem gerði það að ferli.

Guðrún var fædd í Winnipeg árið 1920, af þingeyskum ættum, dóttir Sigtryggs Ólasonar Bjerring frá Húsavík og Sigríðar Jónsdóttur frá Gautlöndum í Mývatnssveit.

Guðrún starfaði sem blaðamaður frá fimmta áratugnum og gerði heimildarmyndir samhliða því, meðal annars um vinnandi mæður og kynjahlutverkin.

Hún hlaut heiðursorðu Kanada, sambærilega íslensku fálkaorðunni.

Í viðtali sem birtist við hana í dagblaði Vestur-Íslendinga, Lögbergi-Heimskringlu, árið 2004 sagðist hún líta á sig sem Íslending og þykja vænt um landið.

„Ég vil ekki að heimurinn fái áhuga á Íslandi," sagði hún. „Ég hef heyrt að útlenskir leikarar séu komnir með áhuga og hafi keypt sér sumarbústaði þar. Það er það versta sem gæti gerst. Þetta á ekki að vera þannig land." ■

Næstu kynslóðir muni ekki gleyma þessum sársauka

Sendiherra Úkraínu hjá Evrópuráðinu segir óvild Rússa gegn landi sínu hafa staðið yfir í aldir. Úkraínumenn séu hins vegar sannfærðir um sigur og að Rússar verði látnir svara til saka.

kristinnhaukur@frettabladid.is



Borys var utanríkisráðherra 1998 til 2000 og 2005 til 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÚKRAÍNA Sambandið við Rússland verður aldrei samt eftir stríðið samkvæmt Borys Tarasyuk, sendiherra Úkraínu hjá Evrópuráðinu og fyrrverandi utanríkisráðherra. Hann kom til Íslands í vikunni og tók í gær þátt í málþingi utanríkisráðuneytisins og Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands um ábyrgðarskyldu vegna alþjóðlegra glæpa sem framdir hafa verið í Úkraínu.

„Við höfum mátt þola óvild Rússa í aldir," segir Borys sem er 73 ára og hefur starfað í stjórnmálum frá árinu 1975. Hann segir stóru innrásina, sem hófst 24. febrúar, framhald af innrás inn í Donbas og Krím árið 2014. En þetta sé langt frá því að vera eitthvað nýtt.

Úkraína var stofnuð árið 1917 en Rússar hernámu landið fjórum árum síðar. Þá fylgdu fjórar manngerðar hungursneyðir til að berja niður þjóðina, árin 1921 til 1923, 1932 til 1933 og 1946 til 1947. Sú fyrsta, kölluð holodomor, var sérstaklega skæð og drap milljónir.

„Á síðustu öld reyndu þeir að drepa okkur með hungri, núna með frosti," segir Borys og á við skeytaárásir Rússa á orkuinnviði í vetrarbyrjun. Í dag sé 15 til 20 prósenta skortur á rafmagni í landinu. „Þetta verður erfiður vetur fyrir milljónir Úkraínumanna," segir hann.

Spurður um endalok stríðsins segist Borys illa geta spáð um tímasetningar. Bandarískri herforinginn Ben Hodges hafi nefnt sumarið 2023 sem mögulegan endapunkt en ómögulegt sé að segja til um það.

„Við Úkraínumenn erum sannfærðir um sigur. Við höfum allan hinn lýðræðislega heim á bak við okkur," segir Borys. Stríðið sé tilvistarleg barátta þjóðarinnar.

Stríðsreksturinn núna gangi líka vel. Úkraínumenn hafa 400 þúsund reynslumikla hermenn í Donbas. Alls sé um 1 milljón manns í úkraínska hernum. Það væri þó erfitt að verja landið án hernaðaraðstoðar bandamanna, sem hefur reynst mjög vel.

„Fyrir okkur felur ásættanlegur friður í sér frelsun alls okkar lands undan hernámi. Það er stefna forseta okkar og ríkisstjórnar," segir Borys. Þetta sé einnig stefna sem bandamennirnir virða.

> Sá tími mun koma að Pútín og hans klíka munu þurfa að svara til saka.
>
> Borys Tarasyuk, sendiherra Úkraínu hjá Evrópuráðinu

Berst nú talið að stríðsglæpum Rússa, sem uppgötvaðir hafa verið í Bútsja, Ízjúm og fleiri stöðum sem frelsaðir hafa verið undan hernámi. Borys segir þetta það erfiðasta við stríðið.

„Ekkert þessu líkt hefur gerst í Evrópu síðan í seinni heimsstyrjöldinni. Það er ekki hægt að venjast þessum sársauka," segir Borys. „Ég spái því að næstu kynslóðir muni ekki gleyma þessu. Það verður ekki hægt að eiga samband við Rússa eins og var fyrir árið 2014."

Ekki er hægt að meta umfang stríðsglæpanna en lögreglan er að taka saman gögn um stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyni sem rússneskir hermenn hafa framið. 40 þúsund skráningar eru þegar komnar, sem verða afhentar Alþjóðadómstólnum í Haag. Gerendur í mörgum þeirra hafa verið auðkenndir. Einnig er verið að vinna að ákæru um þjóðarmorð. Það hafi opinberast í orðum Vladímírs Pútíns um „afnasistavæðingu", það er, að hann vildi eyða Úkraínu sem þjóð.

„Sá tími mun koma að Pútín og hans klíka munu þurfa að svara til saka," segir Borys en þörf sé á sérstökum dómstól til þess að rannsaka innrás Rússa. Núverandi alþjóðlegir dómstólar hafi ekki vald til þess. Draga þurfi pólitíska og hernaðarleiðtoga Rússlands til ábyrgðar.

Þá býst Borys einnig við að búið verði til gangverk til þess að bæta Úkraínumönnum fjárhagslegt tjón, sem nemur í dag 342 milljörðum dollara. Verði fjármagn í eigu Rússa látið flæða til Úkraínu en samtal um þetta gangverk á sér nú stað milli Úkraínumanna, Evrópusambandsins og Alþjóðabankans. ■



GOTT AÐGENGI
Í FERÐAÞJÓNUSTU
ACCESSIBLE TOURISM



TAKK FYRIR OKKUR

Ferðamálastofa þakkar ÖBÍ fyrir að veita verkefninu
Gott aðgengi í ferðaþjónustu Hvatningarverðlaunin 2022.

Íslensk ferðaþjónusta, tökum nú höndum saman, sýnum í verki hvers við erum megnug. Tökum þátt í verkefninu og bætum aðgengi fyrir fatlaða.

Munum að gott aðgengi fyrir fatlaða leiðir af sér betra aðgengi fyrir alla.
Allar upplýsingar um verkefnið er að finna á **ferdamalastofa.is**

Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

Lengdu dóm yfir árásamanni með exi

jonthor@frettabladid.is

DÓMSMÁL Landsréttur bætti í gær einu ári við fjögurra og hálfs árs dóm sem karlmaður hafði áður fengið fyrir tilraun til manndráps.

Maðurinn, sem heitir Davíð Nikulásson, er dæmdur fyrir að hafa í október 2020 lagt til annars manns með exi í höfuð og búk. Kom fram að fórnarlamb Davíðs hafi hlotið sjö sentímetra skurð frá miðju enni að hársrót, brot á höfuðkúpu og andlitsbeinum, fimm sentímetra skurð á brjóstkassa og skurð á upphandlegg. Davíð hafði verið með sverð og fjölda hnífa í fórum sínum.

Samkvæmt framburði fórnarlambsins í héraðsdómi hafði hann sakað axarmanninn að stela lyfjum af honum. Við það hafi maðurinn reiðst og farið að brjóta og bramla með exinni í herberginu og síðan slegið hann sjálfan með exinni. ■



Heldur Palla-böll á Tenerife

Íslendingar verða úti um allar trissur um jólin og áramótin. Á Tenerife verða þúsundir Íslendinga og þar verður blásið til Palla-balls með Páli Óskari Hjálmtýssyni á gamlárskvöld og aftur á nýárskvöld.

olafur@frettabladid.is



Á Tene verður Palla-ball um áramótin



Fjöldi Íslendinga verður á Tenerife í sól og hita um jólin og áramótin.

MYND/AÐSEND

FERÐALÖG Margir Íslendingar verða á faraldsfæti yfir jól og áramót enda er þetta í fyrsta sinn í þrjú ár sem ekki eru ferða- og samkomutakmarkanir yfir hátíðarnar.

Þórunn Reynisdóttir, forstjóri Úrvals-Útsýnar, segir að fólk verði úti um allar trissur. Greinilegt sé að margir vilji vera í sól og hita á þessum dimmasta tíma ársins og mikill fjöldi verði á Kanaríeyjum og Tenerife. „Svo eru borgarferðir til Evrópu líka vinsælar.“

Þórunn segir ýmislegt verða um að vera fyrir Íslendinga sem dvelja erlendis um jólin og áramótin, bæði sé ýmislegt um að vera víðast hvar, auk þess sem mörg hótel standi fyrir viðburðum. Aðspurð segir hún að utanlandsferðir Íslendinga á þessum árstíma hafi jafnað sig eftir Covid og fjöldi Íslendinga á faraldsfæti um þessi jól sé svipaður og 2019.

Mikill straumur Íslendinga er sem fyrr segir til Kanaríeyja og Tenerife. Icelandair er með 30 flug til Tenerife í desember og Play er einnig með þétta áætlun, auk leiguflugs á vegum ferðaskrifstofa.

Svali Kaldalóns er búsettur á Tenerife og rekur þar ferðaþjónustufyrirtækið Tenerifeferðir, sem býður upp á margs konar ferðir og upplifun fyrir íslenska ferðamenn.

„Við prófuðum í fyrra, þegar takmarkanir voru ansi strangar, að fá hingað út íslenska skemmtikrafta og það gekk alveg bærilega miðað við aðstæður,“ segir Svali. „Ég setti mig svo í samband við Pál Óskar Hjálmtýsson í sumar og hann kom hingað í október til að skoða aðstæður. Við ákváðum í sameiningu að slá upp Palla-balli á gamlárskvöld,“ segir Svali.

„Ballið er haldið á Íslendingabarnum hjá Nilla. Við máttum selja 300 miða og það seldist upp á augabragði. Við bættum við nýársballi með Páli Óskari á nýárskvöld og erum langt komin með að selja upp á það líka,“ segir Svali sem segir varlega áætlað að 6 til 8 þúsund Íslendingar verði á Tenerife um jólin.

„Ég er sjúklega peppaður fyrir þessum áramótum,“ segir Páll Óskar. „Þétta er eitthvað sem ég hef aldrei gert áður og ef þetta gengur vel hef ég fullan hug á að gera þetta aftur um næstu áramót,“ bætir hann við.

„Ég væri raunar alveg til í að vera á Tene um áramótin næstu árin. Hugsaðu þér, ég verð þarna með mínar skífur og þeyti þeim og svo þegar stundin rennur upp tek ég showið mitt með dönsurum,“ segir Páll Óskar.

„Þeldu í því að gera þetta í 29 stiga hita á gamlárskvöld, það er eitthvað æðislegt,“ segir Páll Óskar sem verður heima um jólin en flýgur til Tenerife milli jóla og nýárs til að undirbúa böllin sem upphaflega áttu bara að vera eitt. ■





Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þarf að skoða allt fjölmiðlalandslagið

gar@frettabladid.is

FJÖLMIÐLAR Hagstofan hefur tekið saman að tæplega helmingur þess fjár sem varið var til birtingar auglýsinga innanlands árið 2021 rann til erlendra aðila.

„Við í ríkisstjórninni erum sammála um það að skoða þurfi allt fjölmiðlalandslagið og það verður kynnt í næstu viku hvernig þeirri vinnu verður háttað,“ segir Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra.

Að sögn Lilju kemur meðal annars til greina að beita skattalegum hvötum til að fá auglýsendur til að auglýsa í innlendum miðlum þótt hafa þurfi í huga að menn auglýsi þar sem fólkið sé.

„Í öðru lagi settum við styrkjakerfið á þótt ég hafi alltaf sagt að það sé ekki eina og endanlega lausnin. Í þriðja lagi er spurningin um hvort RÚV eigi að vera með auglýsingar,“ segir ráðherra og bendir á að ekki hafi verið pólitísk sátt um að auglýsingar hyrfu úr RÚV.

„Við þurfum að huga að ákveðinni vitundarvakningu,“ segir Lilja. „Við verðum að hafa öfluga fjölmiðla á Íslandi, upp á orðaforða og upp á skilning á málefni líðandi stundar. Og það þarf að vera á móðurmálinu. Það er ákaflega mikilvægt að þetta takist.“

Heildargreiðslur vegna auglýsingakaupa á árinu 2021 hér á Íslandi námu fast að 22 milljörðum króna, þar af féllu 9,5 milljarðar króna í hlut útlendra miðla, eða 44 prósent, á móti 12,3 milljörðum til innlendra miðla sem er um 56 prósent af heildinni. ■



Njótum aðventunnar

Þú finnur fallegu jólatrén í Garðheimum:
Nordmannsþinur, Nobilis, Stafafura og Rauðgreni.
Heitt kakó og notaleg stemning í jólatrjáaskóginum.
Úrval af fallegum ljósaseríum og jólaskrauti.









Opið 10-21
alla daga

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is





Kjaraviðræður hafa staðið yfir í sjö mánuði og gengur hvorki né rekur í deilunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Rándýrt verkfall breska póstsins

benediktboas@frettabladid.is

ENGLAND Breski pósturinn bar ekki út bréf í gær, en verkfall póstsins hefur kostað The Royal Mail yfir 100 milljónir punda eða 17 milljarða króna, samkvæmt BBC. Þetta er ekki í fyrsta sinn í ár sem pósturinn hefur ekki borist íbúum. Áður hafði pósturinn farið í verkfall meðal annars á Svörtum föstudegi og rafrænum mánudegi, sem eru einhverjir stærstu dagar póstsins yfir árið.

Verði ekki samið mun pósturinn halda áfram litlum verkföllum sem hafa þó mikil áhrif. Um 115 þúsund manns vinna hjá póstinum og er verið að semja um kaup og kjör en kjaradeilan er í hnút og ekki útlit fyrir að skrifað verði undir samninga á næstunni. Næstu verkföll verða 14. og 15. desember og svo 23. og 24. desember. ■



Sunak var sýnd Typhoon flugvél og fór inn í flugskýli til að skoða líkan af Tempest þotunni sem verið er að þróa. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Sunak kynnti sér allt um Tempest herþotuna

benediktboas@frettabladid.is

Tempest herþotan, sem gerð er í Bretlandi, Ítalíu og Japan, var kynnt fyrir forsætisráðherra Bretlands í gær. Verkefnið kostar milljarða punda og skapar fjölmörg störf.

ENGLAND Forsætisráðherra Breta, Rishi Sunak, kom í heimsókn til Konunglega breska flughersins, RAF, í gær til að skoða teikningar og kynna sér nýju orrustuþotuna sem Bretar eru að hanna ásamt Japönum og Ítölum fyrir árið 2035.

Þotan, sem kallast Tempest á að taka við af Typhoon. Sinak kom til stöðvarinnar í Hercules flugvél og var tekið á móti honum af Sir Mike Wigston yfirmanni flughersins og Billy Cooper, stöðvarstjóra.

Sunak sagði við fréttamenn sem fylgdust með heimsókninni að Bretar gætu og ættu að vera stoltir af þessu verkefni. „Við erum eitt fárra landa í heiminum sem hefur getu til að smíða háþróaðar orrustuflugvélar," sagði forsætisráðherrann.

„Verkefnið er milljarða punda innspýting í hagkerfið og skapar tugi þúsunda starfa um allt land. En verkefnið er líka gott fyrir alþjóðlegt orðspor okkar.

> Verkefnið er milljarða punda innspýting í hagkerfið og skapar tugi þúsunda starfa um allt land.
>
> Rishi Sunak, forsætisráðherra Breta

Í dag erum við í samstarfi við Ítalíu og Japan, tvær af okkar nánustu bandalagsþjóðum, til að smíða þessa næstu kynslóð flugvéla sem mun tryggja öryggi okkar. Það er eitthvað sem við getum öll verið mjög stolt af."

Gert er ráð fyrir að þotan geti flogið hraðar en á hljóðhraða og hafi getu til að skjóta hljóðbylgjuvopnum. ■

ICELANDAIR CARGO

Jólagleðin liggur í loftinu



icelandaircargo.is

Innanlandsflug fyrir jólapakkann á 2.000 kr.*

Sælla er að gefa en þiggja – en jólafrakt Icelandair Cargo getur aukið enn á ánægjuna. Hvort sem þú lætur kerti, spil eða eitthvað allt annað í jólapakkana sjáum við um að flytja þá hratt og örugglega í réttar hendur fyrir jólin.

*Gildir 8.–20. desember fyrir pakka allt að 10 kg.
Komdu jólagjöfinni í réttar hendur – síminn er 5050-401



Fínt svifryk mældist 308 rúmmetrar í Mumbai í gær klukkan níu. Á sama tíma, við Grensásveg, fór svifryk í 24 rúmmetra. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Mengun í Mumbai slær öll fyrri met

benediktboas@frettabladid.is

INDLAND Sjúkrahús í Mumbai eru nánast yfirfull vegna loftmengunar. Læknar hafa sagt fólki að vera ekki á ferli nema í brýnni neyð og borgaryfirvöld hafa sent frá sér tilkynningu og sagt að þau séu að gera allt til að bæta loftgæðin.

Samkvæmt frétt BBC hafa loftgæði í Mumbai verið afar slæm að undanförnu. Samkvæmt mælum urðu þau verri en í Delí nokkrum sinnum yfir vikuna, sem yfirleitt er talin frekar ógeðfelld borg þegar kemur að loftgæðum.

Sérfræðingar segja að veðurskilyrði, útblástur frá bílum og mikil framkvæmdagleði í borginni séu vandamálið.

Fínt svifryk mældist 308 rúmmetrar í borginni í gær klukkan níu. Samkvæmt loftgæðamæli við Grensásveg í Reykjavík fór svifryk í 24 rúmmetra á sama tíma og kvörtuðu margir sáran undan loftgæðum í borginni.

Samkvæmt frétt BBC kostuðu slæm loftgæði 2,3 milljónir manna lífið árið 2019, en margar borgir í landinu glíma við vandann. Delí, Kolkata, Kanpur, Patna og nú Mumbai, eru oft með svifryksmengun í hæstu hæðum. ■



VELLÍÐAN ER BESTA GJÖFIN

Þegar allt hreyfist hratt er mikilvægt
að hægja á, huga að eigin heilsu,
anda og taka deginum rólega.

Nú er tími til að njóta

LYFJA



Frá uppgreftrinum á Skriðuklaustri. MYND/PÉTUR SÖRENSON



Sárasóttin olli miklum skaða á beinum, holdi og húð konunnar.



Kristinn Haukur Guðnason
kristinnhaukur
@frettabladid.is

Fólk oft dáið áður en sjúkdómurinn gekk svona langt

Erlendir vísindamenn hafa gert tölvulíkan af andliti ungrar íslenskrar konu sem lést úr sárasótt. Prófessorinn sem gróf hana upp segist muna vel eftir henni.

Andlit íslenskrar konu frá sextándu öld hefur verið tölvuteiknað út frá höfuðkúpu hennar í nýrri brasilískri og ástralskri mannfræðirannsókn. Beinagrind konunnar fannst í fornleifauppgreftri í Skriðuklaustri í Fljótsdalshreppi fyrir meira en áratug síðan. Konan var illa haldin af sárasótt og vannæringu og lést að öllum líkindum innan við þrítugt.

„Ég man vel eftir þessari beinagrind. Þetta er mjög svæsið dæmi um sárasótt og það kemur mér ekki á óvart að það hafi orðið fyrir valinu í þessari rannsókn," segir Steinunn Kristjánsdóttir, prófessor í fornleifafræði við Háskóla Íslands, sem stýrði uppgreftrinum á Skriðuklaustri árin 2000 til 2012. Í kirkjugarðinum við klaustrið fundust tæplega 300 beinagrindur frá mjög afmörkuðu tímabili sem varpað hafa ljósi á heilsufar og lifnaðarhætti fólks. 19 beinagrindur báru mörk sárasóttar.

„Beinin eru lifandi vefur og þau verða fyrir áhrifum af mat og öðru líkt og aðrir vefir líkamans," segir Steinunn. „Ég komst að því á Skriðuklaustri að það er hægt að sjá lífssögu fólks í gegnum beinagrindurnar."

Það var hinn brasilíski Cicero Moraes sem gerði tölvulíkanið af konunni. Neðri kjálkann vantaði en hægt var að teikna hann út frá tanngarðinum í efri kjálka. Auk Moraes unnu ástralskir mannfræðingar rannsóknina, sem fjallar um sárasótt og áhrif hennar á fólk fyrir tíma pensillíns.

„Það er erfitt að segja hvað dró konuna til dauða út frá höfuðkúpunni einni saman," sagði Moraes, í samtali við vefritið Live Science. „En sárasótt olli henni miklum vandamálum."

Vannærð með gigt

Talið er að þessi kona, sem ekki er vitað hver var, hafi látist á milli 25 og 30 ára aldurs. Sárasóttin olli miklum skaða á höfuðkúpunni og hefur gert það á holdinu og húðinni einnig. Rannsóknir á beinagrind konunnar hafa sýnt að hún hefur þjáðst af mikilli gigt og vannæringu.

Allt bendir til þess að líf konunnar hafi ekki verið gott. „Þetta er alveg skelfilegur sjúkdómur," segir Steinunn. Einnig að sárasóttarsjúklingar hafi oft verið dánir áður en sjúkdómurinn fékk að ganga svona langt.

„Sú vannæring sem sést í beinum hennar gæti stafað af sjúkdómnum því allt bendir til þess að fæði hafi verið nægt á Skriðuklaustri." Grænmeti var ræktað við klaustrið og dýrabein hafa verið grafin upp sem benda til að þar hafi verið borðaðir matarmestu bitarnir. Því er alls óvíst að fátækt hafi valdið vannæringu konunnar.

Lítið er vitað um konuna fyrir utan þetta. Gerðar hafa verið ísótópagreiningar á beinagrindunum sem leiða í ljós að flestar eru af Íslendingum og flestar fólki sem kom frá Austurlandi.

Yngsti fjórtán ára

Sárasótt er kynsjúkdómur en getur einnig verið meðfæddur. Yngsti sárasóttarsjúklingurinn sem fannst á Skriðuklaustri dó 14 ára gamall. Baktería sem kallast treponema pallidum veldur sárasótt og er í dag hægt að lækna sjúkdóminn með sýklalyfjum. Áður fyrr var þeim ekki til að dreifa og því gat sjúkdómurinn valdið miklum skaða. Fólk gat fengið hjartabilun, lömun, geðveiki og látist af sjúkdómnum, og getur enn, ef hann er ekki meðhöndlaður.

Sárasótt var stundum kölluð hefnd Montezuma, Azteka-keisarans sem Spánverjar hittu fyrir í nýja heiminum við landafundina. Breiddist sárasótt út um Evrópu í lok fimmtándu og í upphafi sextándu aldar.

Í meira en þrjú hundruð ár var sárasóttin ein helsta heilbrigðisógnin sem til var og þar sem hún er kynsjúkdómur fylgdi henni einnig mikil skömm.

„Lengi var talið að sárasótt hefði ekki borist til Íslands fyrr en löngu seinna," segir Steinunn. Talið hafi verið að sárasótt hefði verið ruglað saman við holdsveiki í heimildum. En útbreiðsla holdsveiki var lítil á þessum tíma og beinagrindurnar á Skriðuklaustri segja sína sögu. „Þessi tilfelli eyðileggja goðsögnina um að Ísland hafi verið einangrað. Ísland hefur aldrei verið einangrað því hafið býr til tengingar," segir hún. Engin ástæða sé fyrir því að sárasótt ætti ekki að breiðast út hér á landi eins og annars staðar.

Lassi og kvikasilfrið

Til eru heimildir um þýskan bartskera, það er lækni, sem Ögmundur Pálsson Skálholtsbiskup réð til landsins til þess að sinna sárasóttarsjúklingum. Hét hann Lazarus Matheusson, kallaður Skáneyjar-Lassi, því Ögmundur lofaði honum jörðinni Skáney í Reykholtsdal í Borgarfirði, læknaði hann eitt hundrað sárasóttarsjúklinga.

Lassi þessi notaði kvikasilfurssmyrsl á sína sjúklinga. Kvikasilfur hefur einnig verið greint í beinagrindunum á Skriðuklaustri. En kvikasilfrið sjálft gat valdið skaða á sjúklingunum. Algengt var einnig að fólk reyndi að minnka einkenni sín með jurtum og smyrslum eða jafnvel heitum böðum.

„Það virðist sem sjúkt fólk hafi leitað til Skriðuklausturs þar sem var til þekking til lækninga," segir Steinunn. Á Skriðuklaustri hafi verið rekið nokkurs konar sjúkrahús en í beinagrindunum hafa fundist margs konar aðrir sjúkdómar og fatlanir en sárasótt. Meðal annars berklar, Downs-heilkenni, lungnabólga og sullaveiki. „Skriðuklaustur var stofnað undir lok 15. aldar þegar ein bylgja svarta dauða var að ganga yfir. Þörfin fyrir spítala var mjög mikil á þessum tíma," segir Steinunn.

Klaustrið var stofnað árið 1493 og lokað við siðaskiptin hálfri öld síðar. Formlega átti að loka klaustrinu árið 1541 en það starfaði á undanþágu til ársins 1554.

Ekki er víst að sambærileg þjónusta við sjúka hafi verið til staðar í öllum landshlutum og var í Skriðuklaustri.

> Þetta er alveg skelfilegur sjúkdómur.



Steinunn Kristjánsdóttir, prófessor í fornleifafræði við Háskóla Íslands

Einstakur gluggi

Kirkjugarðurinn er einstakur gluggi fyrir vísindamenn að rannsaka. En oft er erfiðara að gera greiningar í kirkjugörðum þar sem grafið hefur verið í langan tíma, jafnvel 900 ár eins og á Þingeyrum í Húnaþingi, þar sem einnig var klaustur.

„Það er alltaf að koma eitthvað nýtt í ljós í sambandi við þetta beinasafn," segir Steinunn um Skriðuklaustur. Hin nýja erlenda rannsókn sé til marks um það.

Hún segir vandmeðfarið að búa til og birta myndir eins og af konunni með sárasóttina. Það verði að liggja rannsóknartilgangur að baki slíkri birtingu. „Þetta fólk hefur ekki neinn málsvara lengur nema okkur sem erum að grafa það upp. Mér finnst því að okkur beri að vernda það frá skrumskælingu," segir hún. ■

Mátulegir

Sviðsútgáfa af kvikmyndinni Druk



9líf

Bubbi Morthens
Söngleikur





Gefðu upplifun í jólagjöf



Tryggðu þér gjafakort á borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

GILDIR TIL
ÞRIÐJUDAGS

TAX FREE



AF ÖLLUM VÖRUM*

*** Taxfree tilboðið gildir af öllum vörum, nema frá IITTALA, BITZ, SKOVBY og sérpöntunum.**
Afsláttur jafngildir 19,35% afslætti. Gildir ekki sem viðbótarafsláttur af áður niðursettum verðum.
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

20-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLU JÓLASKRAUTI OG VALINNI JÓLAVÖRU

Reykjavík Bíldshöfði 20
11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri Dalsbraut 1
11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður **Skeiði 1**

www.husgagnahollin.is
558 1100

Upplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

www.husgagnahollin.is

VEFVERSLUN

Sendum frítt með Póstinum
í póstbox og pakkaport
ef keyptar eru smávörur fyrir
9.900 kr. eða meira.

HÚSGAGNA
HÖLLIN

Palestína birtist víða á HM í knattspyrnu

Þrátt fyrir að vera ekki meðal þátttökuþjóða í lokakeppni HM í knattspyrnu má sjá fána Palestínu víðs vegar þegar mótið fer fram í Mið-Austurlöndum í fyrsta sinn. Formaður félagsins Ísland-Palestína segir það til marks um að almenningur víðs vegar sé á bandi Palestínumanna.

kristinnpall@frettabladid.is



Leikmenn Marokkó fagna með palestínska fánann í lelkslok gegn Spánverjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ÍÞRÓTTIR Í aðdraganda Heimsmeistaramótsins í knattspyrnu gaf Alþjóðaknattspyrnusambandið út beiðni um að sundurgreina pólitískar deilur frá knattspyrnunni, en til þessa hefur mátt sjá stuðning við Palestínu víða á leikjum mótsins. Það vakti meðal annars heimsathygli þegar spútniklið Marokkó sem leikur gegn Portúgal í átta liða úrslitunum í dag, fagnaði sigrinum á Spáni í 16-liða úrslitunum með palestínskum fána. Fjölmiðlar víðs vegar að úr heiminum eru farnir að fjalla um málið og jafnvel titla Palestínu sem sigurvegara HM.

Í riðlakeppninni mátti sjá fjölmarga stuðningsmenn á áhorfendapöllunum skarta palestínska fánanum en kaflaskil áttu sér stað þegar Marokkó, síðasta liðið frá Arabalöndunum, fagnaði óvæntum sigri á Spánverjum fyrir framan augu heimsins með palestínska fánanum.

„Ég hef heyrt af þessu. Þótt stjórnvöld í Ísrael geri oft samkomulag við stjórnvöld í Arabalöndunum, yfirleitt til að komast í bandarísk vopn, þá virðist sem svo að almenningurinn í Arabalöndunum hafi mun meiri samstöðu með Palestínumönnum en yfirvöldin. Það hefur verið sagt að málsstaður Palestínu sé týndur og glataður, en þetta sýnir að það er alls ekki. Almenningi verður enn hugsað til Palestínu," segir Hjálmtýr Heiðdal, formaður félagsins Ísland-Palestína, aðspurður um þennan stuðning sem Palestína virðist njóta á HM.

> Það hefur verið sagt að málstaður Palestínu sé týndur og glataður, en þetta sýnir að það er alls ekki.
>
> Hjálmtýr Heiðdal

Hjálmtýr telur að almenningi í Arabalöndunum svíði að sjá tilhneigingu Vesturlanda til að verja Ísrael.

„Almenningi í Arabalöndunum svíður að sjá hvernig Vesturlönd verja iðulega Ísrael á flestum sviðum. Þau sjá þegar ákveðið er að grípa til efnahagsaðgerða í garð Írans og Rússlands, sem eru að brjóta sömu alþjóðasamninga og Ísraelar þegar kemur að meðferð fólks á hernumdu svæði. Almenningur er óánægður að sjá hvað Ísraelar sleppa vel," segir Hjálmtýr og heldur áfram:

„Ísland sat á dögunum hjá í atkvæðagreiðslu Sameinuðu þjóðanna um að mál Ísrael yrði tekið fyrir hjá Alþjóðaglæpadómstólnum. Það gengur illa að færa málstaðinn á sama stig og Íran og Rússland og það svíður hjá almenningi í Arabalöndunum sem eiga mjög margt sameiginlegt með Palestínumönnum. Þó að yfirvöld séu að semja við Ísrael er það ekki í samræmi við vilja almennings."

Hann segir að það sé ekki nýtt að nýta knattspyrnuleiki til að koma skilaboðum áleiðis.

„Þarna er tækifæri til að koma skilaboðum áleiðis þegar heimurinn fylgist með og það virðast fjölmargir vera að nýta sér það. Þessari baráttu bregður oft fyrir á knattspyrnuleikjum á Írlandi enda erfiðara að stöðva það. Sjónvarpsstöðvar geta ákveðið að sniðganga mótmælagöngur, en þarna er annar möguleiki á að koma skilaboðunum áleiðis."

Aðspurður segist hann ekki vera viss hvort að skilaboð á slíkum vettvangi eigi eftir að hafa mikil áhrif í baráttu Palestínumanna fyrir tilverurétti sínum.

„Hreint út sagt efast ég um að þetta hafi áhrif hjá stjórnvöldum ríkja sem styðja Ísrael eins og stærstur hluti Vesturlandanna. Á sama tíma vekur þetta athygli almennings á þessum málstað og kveikir vonandi einhverja neista." ■

Viltu byggja fyrir verslun og þjónustu á besta stað?

Byggingarréttur í boði fyrir glæsilegt atvinnuhúsnæði við Hlíðarbraut 4

Eins og allir vita fer tækifærum í verslun og þjónustu á Akureyri sífellt fjölgandi og alls konar spennandi fyrirtæki vilja koma sér vel fyrir á besta stað. Við leitum því að öflugum aðilum til að reisa glæsilegt hús fyrir verslun og þjónustu við Hlíðarbraut.

Lóðin er 6.415m² en byggja má 4–5 hæðir auk bílakjallara. Byggingarmagn er 7.687 m² ofanjarðar og 2.562 m² neðanjarðar.

Umsókn um lóðina ásamt kauptilboði þarf að skila gegnum útboðsvef Akureyrarbæjar fyrir kl. 12.00 fimmtudaginn 12. janúar 2023.

Nánari upplýsingar er að finna á útboðsvef á heimasíðu Akureyrarbæjar, **www.akureyri.is**.

Geislagata 9 I Sími 460 1000 I www.akureyri.is I akureyri@akureyri.is

Farmers Market

ICELAND



KONTOR REYKJAVÍK

VERZLANIR OKKAR Í REYKJAVÍK: FARMERS & FRIENDS Laugavegur 37 Hólmaslóð 2 / Grandi

WWW.FARMERSMARKET.IS

Íslenska okrið



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Það er ekki að spyrja að íslenska okrinu. Og svo hefur raunar aldrei verið. En það hefur átt sér athvarf hérna í útnáranum, og þar er einmitt komin réttlætingin fyrir fésugunni, svo utan vega sem landinn er og hefur alltaf verið.

En íslenska okrið hefur ekkert með fjarlægðina frá meginlandinu að gera. Það snýst um græðgi og óheilindi. Og það sem meira er, algeran skort á samkeppni og vilja til að reka samfélag á forsendum réttlætis og sanngirni.

Heildsalakerfið á Íslandi, sem hefur getið af sér ormagryfju einkaumboða af öllu tagi, er skilgetið afkvæmi af því sjálfstæði landsins sem var á sínum tíma ætlað fámennum klúbbi kaupahéðna, fremur en almenningi í landinu. Nýlenduveldið var einfaldlega yfirfært á hendur fárra útvalinna sem fengu að leika sér í peningabuddu alþýðunnar.

Og þetta er vitað. Fyrr og síðar hafa íslenskir heildsalar haldið eftir sínum hlut, á kostnað almennings, langt utan allrar samkeppni. Ef einingarverðið hefur staðið í 100 krónum, hafa þeir þvingað það niður í 95 krónur, en fengið að kaupa inn varninginn á 110 krónur.

Mismunurinn, fimmtán krónurnar, hafa svo alltaf verið geymdar erlendis, hjá birgjunum – og hans svo vitjað seinna meir, án þess að það hafi nokkurn tíma verið upplýst, hvað þá að nokkur einasti skattur sé greiddur af földu fénu.

Og allra haganlegast hefur þetta auðvitað verið hjá þeim kærleiksríku kapítalistum sem eignast hafa einkaumboð á einhverjum útlenskum varningi, því þá er reiknikúnstin af þessu taginu slegin í gadda.

Þetta er vitað. Og þetta hefur löngum verið haft í flimtingum í þröngum hópi íslenskra heildsala sem hafa komist upp með galskapinn allt frá byrjun síðustu aldar, þegar kóngurinn sleppti landanum lausum.

Frægt er þegar forkólfar Bónuss gáfu íslenska heildsalakerfinu pungspark á sínum tíma. Og fóru að flytja inn sjálfir, fram hjá kerfinu, altso í þágu almennings, en ekki einhverra fjölskyldna, útvalinna að íslenskum sið. Þá barst ramakveinið úr repúblikanaflokki landsmanna, þeirri hérlenskri hagsmunagæsluhreyfingu sem á allt sitt undir auðmönnum, en hann hafði ekki önnur ráð en að uppnefna Bónus nógu oft svo Baugsveldið sæti eftir í hugum landsmanna.

Á meginlandi Evrópu er einkaumboðskerfið ekki liðið – og hvað þá íslenska heildsalahugsunin; að taka sitt, einmitt það lykilatriði að láta liðið borga, hvað sem það kostar. ■

> Fyrr og síðar hafa íslenskir heildsalar haldið eftir sínum hlut, á kostnað almennings, langt utan allrar samkeppni.



Gunnar



Mín skoðun

Færni til verðmerkinga



Sif Sigmarsdóttir

Árið 2000 keypti ég mér nýja skó. Það væri vart í frásögur færandi ef ekki væri fyrir þær sakir að skórnir urðu að dagblaðsfrétt.

Sumarið 2000 hóf ég störf sem blaðamaður á Morgunblaðinu. Þegar ég mætti fyrsta daginn ætlaði ég að breyta heiminum. Ég sá sjálfa mig fyrir mér hlaupa um bæinn með skjalatösku og diktafón eins og Lois Lane, með hárið blásið eins og Dolly Parton í kvikmyndinni „Nine to five“, vopnuð kúlupenna sem ég notaði til að fletta ofan af spilltum stjórnmálamönnum og siðblindum viðskiptajöfrum milli þess sem ég færi í blautan löns með ritstjóranum. Raunveruleikinn varð annar.

Fyrsta frétt mín fjallaði hvorki um pólitík né spillingu heldur ágang sílamáva á Tjörninni. Ritstjórinn bauð mér aldrei í löns heldur rölti ég daglega af skrifstofum Morgunblaðsins, sem þá voru til húsa í Kringlunni, yfir í verslunarmiðstöðina hinum megin götunnar þar sem ég keypti mér Sómasamloku með túnfisksalati í hádegismat.

Einn daginn dró hins vegar óvænt til tíðinda. Ég hafði farið ásamt samstarfskonu, sem starfaði á neytendasíðum blaðsins, á hinar daglegu samlokuveiðar. Við ákváðum að kíkja í nokkrar búðir í leiðinni því útsölur voru að hefjast. Í skóbúð einni kom ég auga á skóna sem ég klæddist og hafði keypt í versluninni nokkrum vikum fyrr. Þeir voru komnir á útsölu og á handskrifuðu blaði stóð að tilboðsverð væri 3.500 krónur. Upphaflegt verð var sagt hafa verið 4.900 krónur.

Ég fann blóðið þjóta fram í kinnar mér. Ég hafði hnotið um spillingarmálið sem ég hafði leitað að allt sumarið. Skórnir höfðu ekki kostað 4.900 krónur þegar ég keypti þá fullu verði heldur 3.900 krónur. Verslunin hlaut að fara rangt með svo að afslátturinn virtist meiri en hann var. Við samstarfskonan hlupum uppveðraðar yfir götuna og greindum fréttastjóra frá hneykslinu, sem gaf okkur leyfi til að skoða málið nánar. Ég skaust heim og sótti kvittun sem ég átti fyrir skónum meðan samstarfskonan hringdi í verslunareigandann.

Skórnir enduðu í blaðinu. Ekki þótti þó ástæða til að gera þá að þeirri stórfrétt sem okkur stöllum fannst tilefni til. „Fyrir mistök var ein skósendingin sett á rangt vörunúmer,“ var haft eftir verslunareigandanum sem fullyrti að skórnir hefðu alltaf átt að kosta 4.900 krónur. Harmað var að viðskiptavinur skyldi hafa orðið „fyrir barðinu á þessum mistökum“.

> Svo virðist hins vegar sem á sama tíma hafi færni verslunareigenda á sviði verðmerkinga á tilboðsdögum ekkert fleytt fram.

Er það ekki skrýtið

Í Fréttablaðinu í vikunni var sagt frá gremju neytenda yfir annmörkum á verðmerkingum í verslunum. Töluvert hefði borið á misræmi á upprunalegu verði á tilboðsdögum. Í Fésbókar-hópnum „Vertu á verði“, þar sem neytendur benda á vafasama viðskiptahætti, nefnir notandi dæmi um sófa í húsgagnaverslun, sem kostaði 349.990 krónur fullu verði. Þegar sófinn fór á tilboð á Svörtum föstudegi lækkaði verð hans niður í 319.992 krónur. Á verðmerkingu var því hins vegar haldið fram að upphaflegt verð sófans hefði verið 399.990 krónur.

Í samtali við blaðamann Fréttablaðsins sagði eigandi verslunarinnar að um mannleg mistök væri að ræða. Sófinn hefði alltaf átt að kosta 399.990 krónur og hann hefði „bara verið vitlaust verðlagður“.

Frá því árið 2000 hefur mannkynið kortlagt genamengi sitt, fundið upp snjallsímann, haft upp á Higgs-bóseindinni og uppgötvað vatn á tunglinu. Svo virðist hins vegar sem að á sama tíma hafi færni verslunareigenda á sviði verðmerkinga á tilboðsdögum ekkert fleytt fram. Er það ekki skrýtið? ■

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is*
FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is*, Lovísa Arnardóttir *lovisa@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*. **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is*
MENNING: Þorvaldur S. Helgason *tsh@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*


FRÍÐRIK DÓR · KK · HILDUR VALA
GÓÐA NÓTT ...
OG SOFÐU NÚ RÓTT
Í ALLA NÓTT
SOFÐU RÓTT
HUGLJÚFAR VÖGGUVÍSUR
Undirleikur: Jón Ólafsson
Teikningar: Úlfur Logason


VERA ILLUGADÓTTIR
ILLUGI JÖKULSSON
DÝRIN
SEM ERU ÆGILEG EN LÍKA HLÆGILEG,
FYNDIN OG FURÐULEG,
SKONDIN OG SKEMMTILEG
EN FYRST OG FREMST FORVITNILEG!
sögur
ÚTGÁFA

Kitlaði að mæta til Las Vegas um helgina

Næsta ár lofar góðu fyrir UFC bardagakappann Gunnar Nelson sem er nú heill heilsu, eftir að hafa þurft að gangast undir aðgerð á nefi. Gunni sneri aftur í bardagabúrið í mars á þessu ári eftir tveggja ára fjarveru og er stefnan tekin á fleiri bardaga árið 2023.

aron@frettabladid.is

> Eitt er hins vegar ljóst og það er sú staðreynd að þeir vita af þessum mikla áhuga okkar.
>
> Haraldur Dean Nelson

UFC Eftir sigur á Japananum Takashi Sato á bardagakvöldi UFC í London í mars fyrr á þessu ári, stóðu vonir til að Gunnar myndi fljótt snúa aftur í bardagabúrið. Hann þurfti hins vegar á aðgerð á nefi að halda sem hefur valdið því að ekkert hefur orðið af öðrum bardaga á árinu.

Nú er Gunnar hins vegar búinn að ná sér að fullu eftir aðgerðina, farinn að æfa og er stefnan sett á fleiri bardaga á komandi ári.

„Þetta virðist allt hafa tekist mjög vel og Gunnar er bara búinn að vera að æfa á fullu undanfarið," segir Haraldur Dean Nelson, faðir og umboðsmaður Gunnars við Fréttablaðið.

Stefnan tekin á London

Á dögunum opinberaði UFC áform sín um risastórt bardagakvöld sitt í O2-höllinni í London þann 18. mars á næsta ári. Ekki er búið að opinbera neina bardaga á því kvöldi en fastlega má gera ráð fyrir því að titilbardagi ríkjandi meistara veltivigtardeildarinnar, Bretans Leon Edwards og fyrrum meistarans Kamaru Usman, muni verða aðalbardagi þess kvölds. Það er þangað sem Gunnar og hans teymi stefnir.

„Ég er búinn að virkja samtalið við UFC og gera þeim það ljóst að við viljum mjög mikið vera hluti af þessu stóra bardagakvöldi sem búið er að boða að fari fram í London.

Gunni tapaði naumlega fyrir Edwards á sínum tíma, á klofinni dómaraákvörðun og nú reynir sá að verja titil sinn á móti Usman, við erum búnir að óska eftir því við UFC að fá pláss á því bardagakvöldi."

Engin ákvörðun hefur hins vegar verið tekin af hálfu UFC í því máli.

„Eitt er hins vegar ljóst og það er sú staðreynd að þeir vita af þessum mikla áhuga okkar á því að Gunnar berjist á þessu kvöldi."



Við megum búast við því að sjá Gunnar Nelson reglulega í bardagabúrinu árið 2023. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> Þetta er í raun eini maðurinn sem Gunnar hefur nafngreint opinberlega í fjölmiðlum og sagst vilja berjast við.
>
> Haraldur Dean Nelson

Las Vegas kitlaði

Eins og fyrr sagði er Gunnar nú heill heilsu og mátti sjá á samfélagsmiðlum á dögunum að margur stuðningsmaður hans vildi fá hann í bardagabúrið á nýjan leik á bardagakvöldi UFC sem fram fer í Las Vegas í Bandaríkjunum í kvöld.

Þannig er mál með vexti að í vikunni sem er nú að líða bárust fréttir af því að andstæðingur Santiago Ponzinibbio, Robbie Lawler, hefði meiðst í aðdraganda bardagans og þurfti því að finna nýjan andstæðing.

Ponzinibbio og Gunnar mættust í bardagabúrinu á sínum tíma og segja má að framganga þess fyrrnefnda í búrinu þá hafi skilað því að hann er nú ekki á jólakortalista Íslendinga. Ítrekuð augnpot og óheiðarleiki af hálfu Ponzinibbio, varð að lokum til þess að hann bar sigur úr býtum í bardaga sínum við Gunnar.

Gunnar hefur áður, til að mynda í viðtali við Fréttablaðið eftir sigur sinn gegn Sato í mars á þessu ári, sagst vilja mæta Ponzinibbio í búrinu á nýjan leik. Kitlaði það ekki Gunnar að taka slaginn núna um helgina í Las Vegas?

„Jú, það kitlaði hann alveg en þeir voru búnir að finna annan andstæðing fyrir hann og mér skilst að Ponzinibbio hafi lítinn áhuga á því að mæta Gunnari aftur í bardagabúrinu," segir Haraldur.



„Það kom ekki til að Gunnar myndi stíga þarna inn þó svo að ég hafi spurst fyrir um það óformlega í gegnum mína tengiliði. Minn skilningur er sá að það hafi verið búið að finna nýjan andstæðing fyrir Ponzinibbio mjög fljótt.

Án þess að ég viti það nákvæmlega þá skilst mér að UFC hafi ekki látið vita af meiðslum Lawler fyrr en búið var að finna annan andstæðing fyrir Ponzinibbio."

Gunnar og hans teymi hafi verið pollrólegir í þessum aðstæðum enda kannski ekki kjörið að stökkva inn með svo litlum fyrirvara á bardagakvöld sem fer fram í Las Vegas.

„Við vorum alveg rólegir gagnvart þessu og settum enga pressu á UFC um að fá að stíga þarna inn. Gunnar langar það hins vegar alveg rosalega að mæta honum aftur í búrinu. Þetta er í raun eini maðurinn sem Gunnar hefur nafngreint opinberlega í fjölmiðlum og sagst vilja berjast við."

Spennandi 2023

Gunnar hefur ekki gefið neitt annað út en að hann ætli að halda áfram í UFC og fram undan er spennandi ár fyrir hann.

„Hans sýn á þennan UFC-feril hefur ávallt verið sú að taka bara eitt bardagakvöld fyrir í einu. Núna vill hann komast á þetta bardagakvöld í London í mars.

Við kannski vinnum þetta svolítið öðruvísi en margir í þessum bransa, og erum samstíga hvað það varðar við feðgarnir, að ekki séu teknir of margir bardagar á hverju ári fyrir sig. Miklu frekar viljum við að þetta séu kannski tveir til þrír bardagar á ári.

Núna horfum við bara björtum augum fram á næsta ár. Vonandi fáum við allaveganna að vera hluti af þessu bardagakvöldi í mars og ef það er raunin má búast við því að fleiri bardagar muni eiga sér stað á árinu 2023 hjá Gunnari." ■



ILVA

VEFVERSLUN - WWW.ILVA.IS - ALLTAF OPIN

KÓSÍ UM JÓLIN
20-40%
AF VÖLDUM VÖRUM

Möndluvagninn ristar jólamöndlur milli 14-17 í Kauptúni í dag 10. desember

20%

VISBY Hár skápur 180cm
~~149.900~~ kr. **Nú 119.900 kr.**

37%

SONA Loftljós
~~10.995~~ kr.
Nú 6.900 kr.

22%

RAW Hnífaparasett 4x4 svart
~~11.495~~ kr. **Nú 8.995 kr.**

20%

RICHMOND Borðstofuborð
95 x 160cm ~~109.900~~ kr. **Nú 87.900 kr.**

20%

REGGIO 3ja sæta sófi H69 x B90 x L222cm
~~199.900~~ kr. **Nú 159.900 kr.**

25%

SIENA Tungusófi H74 x D160 x L300
~~399.900~~ kr. **Nú 299.900 kr.**

23%

FRYD Púði
~~6.495~~ kr. **Nú 4.995 kr.**

40%

BUTIA Gólflampi
~~49.995~~ kr. **Nú 29.995 kr.**

20%

CINDY Skemill Ø100cm
~~64.900~~ kr. **Nú 51.900 kr.**

20%

FOCUS Hilla H152cm
~~145.900~~ kr. **Nú 116.900 kr.**

22%

ALLY Borðstofustóll
~~22.900~~ kr. **Nú 17.900 kr.**

20%

LARVIK 3ja sæta sófi H79 x L210 x D86cm
~~149.900~~ kr. **Nú 119.900 kr.**

22%

AMBLE Borðstofuborð Ø110cm
~~54.900~~ kr. **Nú 42.900 kr.**

40%

Hnotubrjótar
Verð frá 1.794 kr. með afslætti

Södahl

HELGARTILBOÐ
20% AF ÖLLUM RÚMFÖTUM

30-40%
AF ÖLLUM JÓLAVÖRUM

FAST SENDINGARGJALD
MEÐ PÓSTINUM ÓHÁÐ MAGNI OG STAÐSETNINGU
VERÐ FRÁ **1.500 KR - 15.000 KR.**

ILVA Garðabæ, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30, helgar 11-18

ILVA Akureyri Mánudaga - föstudaga 11-18:30, laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18

ILVA



Jólabækurnar færðu í Hagkaup

HAGKAUP



6.799 kr



5.199 kr



5.389 kr



12.999 kr

Gildir út 12. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl. Mesta bókaúrvalið er í Skeifu, Smáralind og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum.



5.799 kr



3.999 kr



6.399 kr



5.799 kr



4.399



5.799 kr



3.399 kr



3.399 kr

HAGKAUP



8.999 kr



4.999 kr



6.199 kr



4.099 kr



5.189 kr



4.199 kr



3.999 kr



2.999 kr

HAGKAUP



1.599 kr



2.899 kr



2.899 kr



4.099 kr



5.389 kr

Gildir út 12. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl. Mesta bókaúrvalið er í Skeifu, Smáralind og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum.



5.499 kr



5.589 kr



4.099 kr



7.699 kr

HAGKAUP



5.389 kr



5.389 kr



5.499 kr



5.499 kr



2.299 kr



BIRNADROFN@FRETTABLADID.IS

Saman í liði

Leikkonurnar Júlíana Sara Gunnarsdóttir og Vala Kristín Eiríksdóttir hafa unnið saman að fjölmörgum verkefnum. Þær ræða í þessu tölublaði að þær séu saman í liði en keppi ekki hvor við aðra.

Mikið væri dásamlegt ef við værum fleiri saman í liði. Myndum standa saman og gleðjast með þeim sem gengur vel og sýna hinum samkennd.

Eitt málefni sem við ættum öll að geta staðið saman gegn er ofbeldi. Hvers kyns sem ofbeldið er. Arna Ósk Óskarsdóttir talar hér í blaðinu um ofbeldið sem hún varð fyrir þegar hún var barn, hvernig það hefur haft áhrif á hana alla tíð. Við þurfum að vera með henni í liði. Standa saman gegn ofbeldi eins og því sem hún hefur orðið fyrir.

Sýna samkennd og hjálpa þeim sem verða fyrir ofbeldi og líka þeim sem beita því. Hjálpa þeim að hætta að beita því, því það er jú eina leiðin til að stöðva ofbeldið.

Við þurfum að sýna þolendum ofbeldis stuðning í verki. Passa okkur að sýna virðingu. Til dæmis að varpa ekki fram staðreyndum eins og: „Ég skil ekki hvernig þú gast látið koma svona fram við þig," eða „Af hverju settir þú ekki mörk?" Það lætur enginn beita sig ofbeldi, slíkar staðreyndir særa. ■

Mikið væri dásamlegt ef við værum fleiri saman í liði.

Við mælum með

Sönnum gjöfum

Sannar gjafir UNICEF eru lífsnauðsynleg hjálpargögn fyrir bágstödd börn í heiminum. Gjafirnar kaupir þú í vefverslun og þeim er svo dreift til barnanna og fjölskyldna þeirra þar sem þörfin er mest. Gjafirnar eru keyptar í nafni þess sem þig langar að gleðja og fær sá eða sú gjafabréf með ljósmynd og lýsingu á gjöfinni. Dæmi um sannar gjafir eru bóluefni, vatnshreinsitöflur, hlý teppi og jarðhnetumauk.





Jólaseðlum

Oft er mikið að gera og alls konar um að vera í desember. Vinkonu- og vinahópar, fjölskyldur og vinnustaðir fara margir saman út í drykk eða út að borða og þá er um að gera að nýta þá jólaseðla sem í boði eru um allan bæ. Á Veðri er frábær jólakokteilaseðill, á Kopar er sérlega girnilegur sex rétta vegan jólaseðill og á Fjallkonunni er geggjað jóla-Afternoon Tea svo það er um að gera að láta hugmyndaflugið ráða. ■



Myndirnar hennar Korku eru innblásnar af hinum ýmsu dýrum og kvenlíkamanum. MYND/BERGLAUG PETRA

Málar það sem hana langar að mála

Melkorka Katrín Tómasdóttir, betur þekkt sem Korkimon, opnar sýna fyrstu málverkasýningu í dag. Hún fær innblástur frá dýrum og kvenlíkamanum.

birnadrofn@frettabladid.is

Um síðustu áramót ákvað ég bara að ögra sjálfri mér og byrja að mála," segir myndlistarkonan Melkorka Katrín Tómasdóttir, þekkt undir listamannsnafninu Korkimon. „Ég hafði lengi verið að teikna og síðustu tvö árin hafði ég ögrað mér með því að stækka teikningarnar en ég hafði aldrei málað áður," segir Korka sem opnar í dag sína fyrstu málverkasýningu.

Korka bjó í New York í tíu ár og lærði meðal annars myndlist í Sarah Lawrence College. „Ég lærði alls konar þar og einu sinni sýndi ég kennaranum mínum teikningu sem ég hafði gert og henni fannst hún svo flott og sagði mér að gera meira af þessu," segir hún.

„Ég tók það til mín og sótti um í Listaháskólanum hér á Íslandi og tók eitt ár þar, margir sem voru með mér í skólanum fóru í skiptinám til annarra landa eða annars staðar í Bandaríkjunum en mig langaði bara að fara hingað heim," segir Korka.

Hana hafði lengi langað heim en hún var einnig meðvituð um að listasenan á Íslandi væri lítil og að erfitt gæti reynst fyrir hana að komast inn í hana þar sem hún þekkti ekki marga hér. „Mig langaði að komast með annan fótinn inn í þennan heim og ég græddi mikið á því að fara í skóla hér, kynntist mörgu fólki og lærði mikið."

Þá fann ég bara að þetta var ekki það sem ég átti að vera að gera en ég vildi ekki gefast upp og ég raunverulega kvaldist yfir þessu.

Korka

Á sýningunni, sem fram fer í Opnu Sýningar Rými í Ingólfsstræti og kallast Just Me and My Dragons, sýnir Korka verk sem eru innblásin af kvenlíkamanum og hinum ýmsu dýrum.

„Á síðustu sýningu sem ég hélt var ég að reyna að finna út úr því hvernig cis kvenkyns líkami gæti verið ógnandi án þess að snerta karlmannlegar eða kynþokkafullar stellingar," segir Korka sem áður hafði lesið grein þar sem talað var um að eina leið kvenna til að vera ógnandi væri kynþokki.

„Mér fannst það bara svo fráleitt, en á þessari sýningu held ég áfram með þetta konsept þó að ég hafi ekki ætlað að gera það í upphafi."

Upphaflega ætlaði Korka að mála myndir af hinum ýmsu dýrum og sýna á sýningunni. Hún tók þó u-beygju fyrir sex vikum. „Ég var í New York í sumar þar sem ég sankaði að mér alls konar litlum leikfangadýrum. Ég ætlaði síðan að mála þau, litla rugguhesta, My Little Pony, dreka og risaeðlur," segir hún.

„Svo þegar ég byrjaði að mála þetta þá fann ég bara að þetta var ekki það sem ég átti að vera að gera en ég vildi ekki gefast upp og ég raunverulega kvaldist yfir þessu. Gat ekki sofið og grét," segir Korka. „Svo fattaði ég að ég hafði engum skyldum að gegna gagnvart neinum og ég má bara mála það sem mig langar til að mála, ég þarf ekki að þóknast yfirmanni eða kennara heldur má bara taka mitt pláss og gera það sem ég vil, það er ótrúlega frelsandi," segir Korka.

„List er ekki lengur bara falleg heldur er hún líka ögrandi. Myndirnar mínar eru ekki beint fallegar og þær eiga ekki að sjokkera fólk en mér finnst allt í lagi að fólki líði smá óþægilega þegar það horfir á þær, bara ekki það mikið að það hætti að vera forvitið eða vilji ekki hafa þær uppi á vegg," segir Korka.

Sýningin verður opnuð klukkan 17 í dag og stendur fram á þriðjudag. ■

■ Í vikulokin

Réttmæt gagnrýni sem missir marks



Ólafur Arnarson

Ný bók Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar um Landsdómsmálið gegn Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, hefur vakið nokkra athygli.

Í bókinni heldur Hannes því fram að sakfelling Landsdóms yfir Geir á grundvelli þess að hann hefði ekki haldið nógu marga ríkisstjórnarfundi í aðdraganda hruns, sé lagalega gölluð. Hann hefur nokkuð til síns máls.

Fáum dylst að sakfelling meirihluta Landsdóms yfir Geir var fyrst og fremst pólitísk. Meirihluti dómsins, undir handleiðslu forseta hans, felldi dóm sem bersýnilega átti að vera einhvers konar Salómonsdómur. Sakfelling án refsingar var ætluð til að lægja öldur óánægju í samfélaginu þar sem fólk krafðist þess að einhver yrði dreginn til ábyrgðar fyrir hrunið.

Sömu sögu má segja um dóma dómstóla í svonefndum hrunmálum. Dómarar æðsta dómstóls landsins teygðu sig út fyrir lögin og endurskilgreindu meira að segja hluta hegningarlaganna afturvirkt og án aðkomu löggjafarvaldsins til að refsa bankamönnum fyrir hrunið. Í bæði Landsdómsmálinu og hrunmálunum misstu margir dómarar sjónar á sinni heilögustu skyldu – raunar sinni einu skyldu – sem er að dæma eftir lögum.

Gagnrýni Hannesar missir þó marks vegna þess að hann fellur í sömu gildru og honum er gjarnt að falla í þegar hann tjáir sig. Hann getur ekki stillt sig um að beina spjótum sínum að pólitískum andstæðingum sínum og Sjálfstæðisflokksins og öðru fólki sem hann leggur fæð á.

Sterkara hefði þó verið að lögfræðingur setti slíkt fram en stjórnmálafræðingur.

Hannes Hólmsteinn er lipur penni og bókin læsileg, sem við var að búast. Niðurstaða Landsdóms ber öll merki þess að eftiráspeki hafi ráðið för, auk þess að að vera vafasöm út frá lögfræðilegum forsendum. Sterkara hefði þó verið að lögfræðingur setti slíkt fram fremur en stjórnmálafræðingur

Fátt, ef nokkuð, nýtt kemur fram í bókinni og segjast verður að mun meiri fengur er að nýútkominni bók Lárusar Welding, fyrrverandi bankastjóra Glitnis, fyrir þá sem vilja stúdera hrunið og eftirköst þess.

DRONEFLY

VERSLUN, VERKSTÆÐI, NÁMSKEIÐ & LEIGA

ELSTA DRÓNAVERSLUN Á ÍSLANDI



8 ÁRA

AFMÆLISTILBOÐ

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

Skoða úrval



WWW.DRONEFLY.IS / JÖFURSBÁS 4 / S:566-6666



Ragnar Jón Hrólfsson
ragnarjon
@frettabladid.is

Þær tvær urðu venjulegt fólk

Vala Kristín Eiríksdóttir og Júlíana Sara Gunnarsdóttir eru listræna tvíeykið á bak við þættina Venjulegt fólk sem telur nú fjórar þáttaraðir, sú fimmta á leiðinni og búið að gefa grænt ljós á þá sjöttu. Vinkonurnar segja að þegar þær hittust fyrst hafi það verið platónsk ást við fyrstu sín.



Vala og Júlíana segja að lykillinn að langri vináttu þeirra sé að þær séu ekki að keppa hvor við aðra. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Mér finnst það svo merkilegt þegar ég hugsa um það núna, því við höfum oft sagt frá því, hvernig þetta byrjar og hvar og hvenær. En ef við förum aðeins að greina þetta þá er það alveg merkilegt að stelpur á þessum aldri, með sama metnað og sömu hugmyndir, hafi farið saman í lið í staðinn fyrir að keppa hvor við aðra," segir Vala Kristín Eiríksdóttir leikkona, um upphaf vinskapar hennar og leikkonunnar Júlíönu Söru Gunnarsdóttur.

„Það er svo ótrúlega eðlilegt að fara í svona keppni þar sem er spurt hvor er betri og hvor er verri. En hið gagnstæða gerðist og við áttuðum okkur á því að við gætum unnið saman," segir Vala, sem telur að þetta hafi mest með það að gera hvernig persóna vinkona hennar Júlíana er, en hún lýsir henni sem manneskju sem á auðvelt með að gleðjast með öðrum og finni ekki fyrir öfund.

Júlíana er sammála því „Ég hef aldrei verið í keppni við einn eða neinn heldur er ég bara í keppni við sjálfa mig sem er alveg nógu erfitt," segir hún.

„Ég held að ég hefði verið líklegri til þess að vera óörugg og fara í einhverja keppni, en Júlíana var bara sú sem hún er. Með þessi stóru bláu augu og spurði hvort við ættum ekki að gera eitthvað saman," segir Vala. Það samstarf hefur heldur betur borið ávöxt en þær hittu blaðamann daginn eftir að sérstakir jólaþættir af Venjulegu fólki voru frumsýndir í Bíó Paradís. Þær halda áfram með endurlit sitt til fortíðar.

„Í minningunni var þetta svona eins og að verða sjúklega skotinn í einhverjum, nema þetta var platónskt. Ég laðast ekki að Júlíönu kynferðislega" segir Vala og hlær, en hið platónska ástarsamband hófst í leikfélagi Verzlunarskólans.

„Hún var með svo skært breitt bros og stór blá augu. Í minningunni var hún eins og svona lítill leikfangahundur með risa augu," segir Vala um fyrstu kynni sín af vinkonu sinni.

„Mér fannst ég vera meira svona eins og Elsa í Frozen," segir Júlíana hreykin.

Eftir Verzlunarskólann tók leiklistarnámið við, en báðar eru þær sammála um að hafa viljað vera leikkonur allt frá því þær muna eftir sér. Júlíana hélt út til Bretlands í nám á meðan Vala nam leiklist hér á landi.

„Ég man svo að þegar ég kom heim frá London var Vala á sínu síðasta ári í leiklistarskólanum og við fórum að hittast á fundum klukkan átta á morgnana, hvað var eiginlega að okkur?" segir Júlíana.

„Við tókum þessu mjög alvarlega" svarar Vala íbyggin á svip.

Þær tvær

Morgunfundirnir urðu til þess að þær byrjuðu að skrifa leikið efni og höfðu þær upprunalega þá hugmynd að setja upp leiksýningu. Þær hafi þó fljótlega áttað sig á því að efnið myndi passa betur sem stuttir leikþættir.

Úr hugmyndavinnunni urðu svo til þættirnir Þær tvær, sem hófu göngu sína á Stöð2 árið 2015 og eru sketsaþættir sem svipar til Fóstbræðra, Stelpnanna og Bresku gamanþáttanna Smack the Pony.

En hvers vegna ætli sketsaformið hafi heillað þær svona mikið?

„Ég held að þetta sé að maður getur leikið sér með einhverja eina hugmynd eða fræ að einhverju fyndnu og þetta er svona viðráðanleg stærð af sögu. Þetta er í raun bara örsaga," segir Vala, sem segir að formið hafi einnig verið góð þjálfun í að segja lengri sögur síðar meir.

„En þegar við byrjum þá vorum við ekkert að hugsa um að gera framhaldsefni seinna. Við vorum í raun bara ekkert að pæla í því. Þetta var bara svo gaman. Að hlæja rosalega mikið saman og tala um alls konar hugmyndir," segir Júlíana, en þær segja að þessi tími hjá Stöð2 hafi verið sérstaklega skemmtilegur.

„Ég held að þetta hafi verið svo gott því þetta var svo fallegt utanumhald. Við fengum þaulreynda tökumenn og leikstjóra, í raun bara alveg yndislegt fólk með okkur í liði," segir Vala, sem segir það ómetanlegt að hafa fengið þessa reynslu þar sem þeim hafi í raun verið leyft að leika lausum hala.

„Svo vissi maður ekkert hvernig þetta fúnkeraði svo maður göslaðist bara um. Eins og maður hefði fengið svona fóðrað rými þar sem maður gat bara hlaupið um og rekið sig á. Þetta var líka ódýrt í framleiðslu svo maður fann að ef maður klúðraði þá kom enginn og sagði manni hvað mínútan kostaði," segir Vala og er Júlíana sama sinnis og segir frá »

> Í minningunni var þetta svona eins og að verða sjúklega skotinn í einhverjum, nema þetta var platónskt.
>
> Vala Kristín Eiríksdóttir

ego dekor

Bæjarlind 12 - 201 Kópavogur - egodekor.is - S: 544 4420

Opið mán - fös: 11.00 - 18.00. Lau: 11.00 - 16.00. Sun: Lokað





NÝ SENDING AF HÚSGÖGNUM





ALLTAF OPIÐ

NETVERSLUN: egodekor.is





Ego Dekor - Bæjarlind 12 - 201 Kópavogur - egodekor.is - S: 544 4420
Opið mán - fös: 11.00 - 18.00. Lau: 11.00 - 16.00. Sun: Lokað

» sérstaklega minnisstæðu atviki frá þessum tíma.

„Ég man svo vel þegar við skrifuðum undir samninginn fyrir Þær tvær. Því ég fylgdist svo mikið til dæmis með Smack the Pony þegar ég var yngri og mig langaði svo mikið að vera eins og þær," segir Júlíana, sem fannst hún vera að upplifa ákveðinn draum með því að skrifa undir.

„Svo tókum við mynd af okkur með samninginn og ég man þegar ég setti það inn á netið. Mér leið eins og ég hefði sigrað heiminn, það var þannig tilfinning. Það er svo fallegt að hugsa til baka að litla Júlíana hafi sigrað heiminn með því að skrifa undir samning um sketsaseríu. Það er svo æðislegt að ná markmiðum sínum því þá líður manni svo vel með sjálfan sig," segir Júlíana.

Venjulegt fólk

Eins og áður segir er fjórða serían af Venjulegu fólki nú farin í loftið, sú fimmta langt komin í skrifum og byrjað að skipuleggja þá sjöttu. Þetta er í fyrsta skipti í íslensku sjónvarpi sem framhaldsefni fær svo margar seríur. Um það hver töfraformúlan er eiginlega og hvers vegna þættirnir virka svo vel, segja þær hana eflaust liggja í spegilmyndinni sem persónur þáttanna mynda fyrir áhorfendur þeirra.

„Þetta náttúrulega fjallar um venjulegt fólk, sem vissulega er smá óvenjulegt, en við erum öll óvenjuleg," segir Júlíana og er Vala sammála því.

„Það er bara ruglað að vera til, alveg ruglað," segir Vala.

„Að vera bara einhver api sem líður alls konar og vill alls konar og er með hormóna og kenndir. Svo er maður í einhverju samfélagi sem segir þér að gera hinsegin eða svona og maður verði að gera hlutina í ákveðinni röð. Maður eignast heimili, maka, börn og fleira og flestir ná einhvern veginn að láta þetta ganga upp, en svo erum við alltaf að fela það hvað við erum miklir apar," segir Vala. Hún telur að með því að skera í gegnum yfirborðið með húmor getum við varpað ljósi á þennan þykjustuleik sem við tökum öll þátt í. Því er Júlíana sammála.

„Ég nota líka húmorinn mikið í lífinu bara til þess að koma mér í gegnum erfiða daga. Ef maður hefur ekki húmor þá veit ég ekki hvernig maður kemst af. Þetta er það sem heldur í mér lífi og þess vegna finnst mér gaman að vera til. Að hafa húmorinn að vopni held ég að komi manni í gegnum lífið," segir Júlíana, en báðar eru þær sammála um að tengingin sem áhorfendur mynda með því að hlæja að þessum hversdagslegu og fáránlegu aðstæðum sem spretta upp í þáttunum, sé líklegast töfraformúlan.

„Það verður oft einmanalegt að halda að maður sé sá eini sem ekki veldur tilvistinni og að búa til lítinn glugga þar sem þú sérð breyskleikana: þá getur verið svo gott að segja, já, ég er svona líka. Ég er líka svona fáránleg," segir Vala.

Erum allavega hálfnaðar

Þrátt fyrir að þættirnir hafi vissulega gengið vel og að fleiri seríur séu í augsýn eru vinkonurnar sammála um að þetta tiltekna verkefni muni á einhverjum tímapunkti taka enda. Blaðamaður spyr þær hvort þær finni fyrir kvíða fyrir því að ljúka við eitthvað sem hafi verið partur af lífi þeirra í svo langan tíma.

„Ó, guð minn almáttugur, ég kvíði fyrir því á hverjum einasta degi. Því ég veit að það verður mjög tilfinningalegt augnablik. Ég er ótrúlega tilfinningasöm manneskja með miklar tilfinningaflækjur. Síðasti tökudagurinn af Venjulegu fólki verður rosalega erfiður," segir Júlíana.

„Við erum allavega meira en hálfnaðar," segir Vala, en báðar eru þær sammála um að þær myndu helst vilja vita fyrir fram hver síðasta serían verður.

„Já, einmitt, ef það væri hringt í okkur og bara sagt: þetta er búið, myndum við alltaf reyna að berjast fyrir því að fá eina seríu í viðbót, bara til þess að loka þessu öllu," segir Vala.

„En þetta verður að einhverju leyti eins og þegar barnið manns flytur að heiman. Þú vilt að barnið flytji og það er eðlilegast að eiga upphaf miðju og endi," segir Vala en báðar eru þær sammála um að draumurinn væri að þættirnir yrðu endurgerðir erlendis.

Hamingjan er skötubarð

Nýjustu þættir af Venjulegu fólki eru jólaþættir sem frumsýndir voru nú í desember. Talið berst því að jólunum og aðventunni.

„Ég byrja að skreyta 1. desember og set jólatréð upp þá og ég held að mín afsökun sé sú að þegar ég var yngri þá fór jólatréð ekki upp fyrr en á Þorláksmessu. Ég þoldi það ekki," segir Júlíana. „Ég er mikið jólabarn."

Vala er sama sinnis. „Ég elska þennan tíma. En uppáhaldsdagurinn minn er einmitt Þorláksmessa og ég held alltaf skötuboð," segir Vala, sem segist helst vilja vel kæsta skötu sem kippir í nasavængina.

„Mér finnst tindabikkjan best. Ég vil helst flagna í munninum. Ég elska skötu," segir Vala, sem uppskar undarlegt augnatillit frá vinkonu sinni.

„Ég og unnusti minn byrjuðum á þessu þegar við föttuðum að fólk er alltaf bara eitthvað að ráfa um bæinn á þessum degi en það er samt svo erfitt að hitta fólk. En þarna eru vinir okkar ekki með plön. Svo við erum með opið hús og bara stanslaust flæði," segir Vala.

„Við búum í lítilli íbúð svo þeir sem eru búnir að borða þurfa bara að standa eða setjast í sófann þegar næstu mæta. Svo er bara skata og saltfiskur og það er bannað að mæta í fínum fötum," segir Vala, sem áréttar að mikilvægt sé að geta þvegið fötin sem notuð er í skötuboðinu strax á eftir.

„Svo má heldur ekki vera búið að þrífa of mikið áður. Ég set teppi og lök yfir sófann til að vernda hann og svo set ég límband á rifurnar á svefnherbergishurðinni svo þetta fari ekki í fötin mín," segir Vala.

„Svo er skata og gaman. Þetta er einfaldur matur, bara stór pottur fullur af einhverju ógeði og enginn er fínn og svo er gripið í gítar og haldinn hópsöngur," segir Vala, sem hefur greinilega kveikt áhuga vinkonu sinnar.

„Ég hef ekki farið í skötuboð í mörg ár svo ég ætla klárlega að koma til þín. En ég borða samt ekki skötu svo ég fæ mér bara saltfisk," segir Júlíana.

„Svo fara bara allir og maður dúndrar öllu í vélina og opnar gluggana og sýður hangikjöt. En hangikjötið nær í rauninni bara að yfirgnæfa skötuna. Skötulyktin fer svo einhvern tímann svona um miðjan febrúar. En þá er enn þá hægt að klína andlitinu á sér ofan í sófann og finna hana," segir Vala, en hún segir skötuna heilnæmt lostæti.

„Ekkert fer jafn vel í magann á mér og skata. Ég vil hana samt bara einu sinni á ári og svo ekki meir. En þetta er eins og að vera svona smurður að innan með einhverju himnesku," segir Vala, sem nær að kveikja neista af áhuga hjá vinkonu sinni.

„Já, kannski smakka ég bara í fyrsta skipti skötu," segir Júlíana að lokum. ■

> Þetta verður að einhverju leyti eins og þegar barnið manns flytur að heiman. Þú vilt að barnið flytji og það er eðlilegast að eiga upphaf, miðju og endi.
>
> Vala Kristín Eiríksdóttir

> Ég nota líka húmorinn mikið í lífinu bara til þess að koma mér í gegnum erfiða daga. Ef maður er ekki með húmor þá veit ég ekki hvernig maður kemst af.
>
> Júlíana Sara Gunnarsdóttir



Tólaspilið Í ÁR

ALMENN SPURNING

Hvað var Jóhanna Guðrún gömul þegar hún lenti í 2. sæti í Eurovision?

BOTNAÐU LAGIÐ

"And then she asks me, do you feel all right? _____"

ALMENN SPURNING

Hvaða eitraða ávöxt gaf nornin Mjallhvíti?



Skannaðu mig

S. 771-7171

LEITINADSTJORNUNNI.IS



Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is



Hrefna Björk Sverrisdóttir hefur tileinkað sér mikið af sparnaðarráðunum sem hún deilir með lesendum, hún er nú meðvitaðari um sín eigin kaup. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fólk geti orðið hrætt við peninga

Athafnakonan Hrefna Björk Sverrisdóttir hefur alla tíð reynt að framkvæma þær hugmyndir sem hún fær. Hún gaf nýlega út bókina Viltu finna milljón? en í bókinni deilir hún sparnaðarráðum og talar um peninga á mannamáli.

Ég hef alltaf haft einhvern áhuga á fjármálum. Man eftir því þegar ég var lítil og las alltaf dálkinn um gengi gjaldmiðla í Moggaanum," segir athafnakonan Hrefna Björk Sverrisdóttir. Hún gaf nýverið út bókina Viltu finna milljón? þar sem hún deilir hinum ýmsu sparnaðarráðum og þekkingu sinni á fjármálum.

„Ég bjóst aldrei við því að ég myndi skrifa bók en mér fannst vanta bók um fjármál á mannamáli sem almenningur getur nýtt sér í sínu daglega lífi. Bók um peninga, sem fólk skilur," segir Hrefna.

„Ég hafði lengi verið að sanka að mér ýmsum sparnaðarráðum og þau eru stærsti hluti bókarinnar, enda eitthvað sem fólk getur nýtt sér beint til að taka til í sínum fjármálum," segir hún.

„Við erum oft að eyða gríðarlega háum upphæðum að óþörfu og bara með því að fara aðeins yfir útgjöldin getum við sparað okkur tugi ef ekki hundruð þúsunda á ári," segir Hrefna, en í bókinni er meðal annars einnig fjallað um skuldir, tekjur og markmið ásamt því að útskýrð eru algeng hugtök líkt og hlutabréf, skuldabréf og rafmynt.

Sparnaðarráð

Þá eru í bókinni einnig viðtöl við einstaklinga sem gefa sparnaðarráð á sínu sviði.

„Sem dæmi gefur Hrefna Rósa kokkur góð matarráð, Sæja innanhússarkitekt gefur góð ráð um það hvernig maður getur gert fallegt í kringum sig á ódýran hátt, það eru ráð um sparnað í framkvæmdum, við þrif, í samgöngum, í barnauppeldi og bara alls konar," segir Hrefna.

Eru þetta ráð sem þú notar sjálf?

„Já, ég hef tileinkað mér mikið af þessu en ekki allt. Ég er orðin meðvitaðri um mín kaup," segir Hrefna. „Ég hef átt það til að eyða miklum peningum í alls konar rugl. Föt og einhverja hluti sem mig vantaði ekkert. Þegar ég fékk útborgað fór ég og keypti mér eitthvað, um leið og mig langaði í eitthvað þá fór ég bara og keypti það, sem sýnir svo mikla hvatvísi sem ég held að sé svolítið íslenskt," segir hún.

„Núna hugsa ég meira um það sem ég er að kaupa. Hvort ég sé að kaupa góða hluti eða eitthvað sem mig vantar, hvort það sé til betri kostur og ef ég er að fara að kaupa eitthvað í október til dæmis þá minni ég mig á að það sé stutt í alls konar afsláttardaga, eins og Black friday," segir Hrefna.

„Ég reyni að vera skynsöm og meðvitaðri um kaupin sem ég er að gera. Ef maður sér eitthvað sem mann langar rosalega mikið í, til dæmis föt, en bíður í nokkra daga þá yfirleitt gleymir maður því," bætir hún við.

Börn og peningar

Einn kafli í bókinni snýr að börnum og fjármálauppeldi og segir Hrefna þann kafla sérstaklega mikilvægan. „Börn endurspeglast svo mikið í foreldrum sínum og peningahegðun erfist í rauninni að miklu leyti," segir Hrefna.

„Auðvitað skiptir máli hvernig við tölum við börn um peninga eftir því hvað þau eru gömul, en það er hægt að kynna peninga fyrir þeim snemma og ala þau upp á skynsaman hátt, og þannig gefa þeim ákveðið forskot út í lífið," segir Hrefna.

Hún segir þó karaktera einstaklinga í grunninn ólíka þegar kemur að peningum. „Þetta er bara í genunum hjá okkur, í DNA-menginu okkar. Það er til dæmis algengt að

> Bara með því að fara aðeins yfir útgjöldin getum við sparað okkur tugi ef ekki hundruð þúsunda á ári.

fólk sem á fleiri en eitt barn tali um hvað þau séu ólík þegar kemur að peningum. Eitt barnið kannski sparar allt og eyðir aldrei neinu á meðan annað er bara ekkert að pæla í peningum og sparnaði," segir Hrefna.

„Dóttir mín sem er 16 ára er til dæmis algjör rómantíker í þessu og vill bara eyða peningunum þegar hún fær útborgað eins og ég gerði einu sinni, hugsar bara með sér að hún fái útborgað aftur um næstu mánaðamót og ég á svo erfitt með þetta, er alltaf að segja henni að spara," segir Hrefna og hlær.

Ætlar þú þá að byrja snemma að tala um peninga og fjármál við næsta barn?

„Já, ekki spurning, bý til lítinn bankastjóra," segir Hrefna kímin, en hún á von á sínu öðru barni með eiginmanni sínum, Magnúsi Scheving, hann á fyrir þrjú börn svo þetta verður fimmta barn þeirra hjóna.

Góður gefari

Spurð að því hvort hún hafi hafið skipulagningu jólanna sérstaklega snemma í ár vegna litla barnsins segir Hrefna svo vera, hún sé nánast búin að öllu og er virkilega spennt að hitta barnið. „Ég gerði allt fyrr í ár en ég reyni alltaf að nýta alla tilboðsdaga og kaupa jólagjafirnar yfir allt árið," segir Hrefna, sem hefur lagt sig fram undanfarin ár við að verða góður „gefari".

„Þá er ég að meina að ef ég sit með einhverjum í kaffi í febrúar sem minnist á að sig vanti eitthvað eða langi í eitthvað þá punkta ég það hjá mér í notes í símanum. Það auðveldar mér gjafakaupin og þá veit ég líka að sá sem fær gjöfina verður svo glaður," segir Hrefna.

Þá mælir hún með að fólk fari ekki offari í desember, vandi sig við kaupin og kaupi ekki óþarfa. „Til dæmis þegar kemur að matnum. Mann langar alltaf í allt af því að það eru að koma jól og svo fyllir maður ísskápinn af mat sem engan veginn er hægt að klára á þessum þremur dögum," segir Hrefna. „Það er líka sniðugt að einbeita sér að meðlætinu, það elska allir meðlæti og það er svo dýrt að kaupa kjöt."

Hrefna segist oft hafa heyrt fólk tala um að það sé lélegt í peningum og kunni ekki á þá. „Það er ekki þannig, fólk hefur bara ekki fengið réttu tólin og kynninguna á fjármálum, þá getur fólk orðið hrætt við peninga og þeim fylgir oft mikill kvíði," segir hún.

„Það er sérstaklega kvíðavaldandi ef maður er byrjaður að byggja upp einhverjar skuldir. Manni finnst maður ekki geta horfst í augu við það en lykillinn er að gera akkúrat það," segir Hrefna.

„Það er erfitt og kvíðavaldandi en það er miklu betra að taka upp tólið og tala við þann sem maður skuldar í stað þess að líta í hina áttina og fela reikninginn í heimabankanum. Í langflestum tilvikum er fólk til í að semja og finna út úr hlutunum ef sá sem skuldar hefur samband fyrir gjalddaga," segir hún að lokum. ■

> Það er líka sniðugt að einbeita sér að meðlætinu, það elska allir meðlæti og það er svo dýrt að kaupa kjöt.

Gleðileg bókajól!

Allt fyrir góðu pakkana undir trénu



Keltar – Áhrif á íslenska tungu og menningu
Þorvaldur Friðriksson

5.999 kr.



Gauksunginn
Camilla Läckberg

3.199 kr.



Á sporbaug – nýyrði Jónasar Hallgrímssonar
Anna Sigríður Þráinsdóttir

5.799 kr.



Snjókorn falla-Laddi
Jón Ólafsson

4.499 kr.



Sofðu rótt
Jón Ólafsson

4.499 kr.



Fagurt galaði fuglinn sá!
Anna Margrét Marinós-dóttir og Helgi Jónsson

4.499 kr.



Hungur
Stefán Máni

4.499 kr.



Jógastund
Anna Rós Lárusdóttir

4.799 kr.



Langskot í lífsháska
Kjartan Atli Kjartansson og Bragi Páll Sigurðsson

3.299 kr.

netto



Íslensku jólaspilin í ár



Kristinn Haukur Guðnason
kristinnhaukur
@frettabladid.is

Spil voru valin jólagjöfin í ár og ekki að undra því Íslendingar elska að spila á jólum. Oftast er gripið í borðspilið sem kom upp úr möndlupakkanum. Fréttablaðið kíkti á nokkrar líklegar möndlugjafir þessara jóla.

Gott gisk
Panda Games, 2 eða fleiri leikmenn

Gott gisk er ekki byltingarkennt borðspil heldur nokkuð dæmigert og traust spurningaspil. Einfalt spil sem mun vafalaust henta einstaklega vel í fjölskylduboðið um jólin.

Þetta er kapphlaup leikmanna, eða liða, í kringum borðið og spurningaflokkarnir eru frekar sígildir. Til dæmis vísindi, íþróttir, landafræði, dægurmenning, líkt og Íslendingar þekkja úr þjóðarspilinu sjálfu, Trivial Pursuit.

Gott gisk fylgir hins vegar því trendi undanfarinna ára að aðrir leikmenn mega skipta sér af þegar þú ert að svara. Eins og í til dæmis Bezzerwizzer og Ég veit. Þetta er vitaskuld ekki ósniðugt trend, því með því hafa allir leikmenn áhuga á öllum svörum í spilinu en ekki aðeins sínu eigin.

Í Góðu giski fá allir við borðið að veðja á hvort Gústi frændi nái að svara spurningu um Minecraft rétt. Fyrst er lesinn upp flokkurinn, svo undirflokkurinn og loks spurningin. Hægt er að skora með réttu giski en ef þú veðjaðir gegn Gústa sem svaraði rétt fær hann aukastig.



Pöbb kviss 3
Fullt tungl, 2 leikmenn eða fleiri

Það segir sitthvað um velgengni spils þegar það þriðja í röðinni er gefið út á þremur árum. Velgengnin er sennilega tilkomin vegna þess að spurningarnar eru sérlega alþýðlegar. Það er, að sigurvegari spilsins er ekki endilega sá í hópnum sem skartar fimm háskólagráðum.

Flokkarnir eru fjórir. Flokkurinn Algengar spurningar sem lýsir sér nokkurn veginn sjálfur. Þrjú hint sem eru vísbendingaspurningar. Frægar línur eru spurningar upp úr lögum, bíómyndum, auglýsingum eða öðrum kvótum sem hafa setið eftir í þjóðarsálinni. Síðan er Fimmfaldur, þar sem viðkomandi þarf að nefna fimm atriði. Og það er erfiðara en það hljómar.

Íslendingar eru öðrum þjóðum fremur sjúkir í spurningaspil og það er vel hægt að mæla með Pöbb kviss. Þrátt fyrir að innihalda 1.000 spurningar tekur það ekki mikið pláss á hillunni en framleiðslan er góð. Svo góð að prentarinn hafði það til sýnis á SPIEL Essen, stærstu borðspilaráðstefnu heims, til marks um gæði framleiðslu sinnar.



Þrjú krakkaspil
Fullt tungl, 2 leikmenn eða fleiri

Frá sama framleiðanda og í sama anda og Pöbb kviss kemur nýtt Krakka kviss. Einnig númer 3. Fyrir utan að vera ekki jafn umfangsmikið og stórt og Pöbb kviss, og hafa ekki jafn marga flokka, þá lýtur spilið svipuðum lögmálum. Þetta er einfalt og gott spurningaspil fyrir krakka, um það bil á aldrinum 6 til 12 ára.

Einnig er komin út sérstök útgáfa af Krakka kvissi sem fjallar eingöngu um fótbolta. Og svo Krakkaleikar sem snýst um að giska á orð eftir látbragði.

Ég veit meira
Myndform, 2-6 leikmenn

Spilið er nokkurs konar framhald af spilinu Ég veit sem kom út fyrir jólin árið 2017. Það spil var eitt af best heppnuðu spurningaspilum sem komið hafa út á íslensku og hið nýja spil ætti að njóta sömu vinsælda.

Í spilinu eru ekki hefðbundnar spurningar eins og Íslendingar þekkja úr Trivial Pursuit eða Bezzerwizzer heldur er spurt um eitthvert atriði, eins og til dæmis tegundir af mjólk, fúlmenni í Batman eða menn sem heita Geir. Við hverri spurningu eru svo 8 rétt svör sem giskarinn þarf að ná á ákveðnum tíma til að fá sem flest stig og komast sem lengst á borðinu.

Fyrir hverja umferð mega aðrir leikmenn giska á hversu mörgum svörum giskarinn nær og fá sjálfir stig fyrir það. Í þessari útgáfu af spilinu er hins vegar ein breyting, það að giskarinn hefur tvö spjöld til að passa ef hann fær spurningu sem hann telur sig ekki geta náð neinu svari réttu.

Það skemmtilegasta við Ég veit meira (og Ég veit) er ekki endilega að spila spilið sjálft. Heldur að grípa nokkur spurningaspjöld í góðu tómi og leyfa öllum í herberginu að giska.



Bezzerwizzer Timeline
Nordic Games, 2 til 4 lið

Eins og nafnið gefur til kynna er spilið blanda af þessum tveimur spilum sem margir kannast við. Spurningaspilinu vinsæla Bezzerwizzer, sem komið hefur út í nokkrum útgáfum, og ártalaspilinu Timeline.

Í spilinu eru Timeline-spil notuð til að skora stig, á tvo mismunandi hætti, sitt í hvorum hálfleiknum. Eftir því sem tímalínan er orðin lengri, því fleiri stig er hægt að skora. Ef eitt liðið skorar nógu mörg stig vinnur það áður en umferðirnar klárast, en annars vinnur stigahæsta liðið í lokin. Bezzerwizzer kemur inn í þetta með kubbunum frægu, Bezzerwizzer, til þess að stela stigum af öðru liði og Zwap til þess að skipta á Timeline-spilum.

Spilið er einfalt og tekur ekki of langan tíma. Aðdáendur beggja spila ættu ekki að verða sviknir af þessu. Svo er ekkert sem segir að það sé ekki hægt að bæta við öðrum Timeline-spilum í þetta, jafnvel enskum.



Hint Junior
Nordic Games, 4 eða fleiri leikmenn

Hint Junior er ærslafullt og nokkuð frumlegt orða- og fjölskylduspil. Skipt er í tvö lið með minnst tveimur leikmönnum í hvoru og leikmenn skiptast á að giska hjá liðsfélaga sínum. Liðin velja spjöld með orðum á hjóli á miðju spilaborðinu og reyna að ná sem flestum, en eitt er bannorð sem gefur mínusstig.

Í Hint Junior eru fimm flokkar sem segja til um hvernig stjórnandinn má gefa vísbendingar. Með því að tala, leika, teikna, hljóða eða nota svokallað hint-moji-borð sem er bæði frumlegasta aðferðin og sú mest krefjandi. Hljóðunin getur verið ansi hlægileg því þá má raula, baula og gretta sig.



Alias frægir
Myndform, 4 leikmenn eða fleiri

Síðan upprunalega Alias-spilið kom út fyrir mörgum, mörgum árum síðan hefur komið út dobía af alls kyns útgáfum sem byggja á grunnhugmyndinni, það er að lýsa orðum eða hugtökum án þess að segja þau. Alias frægir gerir það líka. En á hverju spjaldi eru bæði fimm orð til að giska á og svo nafn frægs einstaklings sem lokasvar.

Þetta spil er spilað í tveimur liðum en hægt er að spila það á tvennan hátt. Annars vegar þannig að útskýrandi annars liðsins spyrji fyrst sitt lið en hitt liðið hefur svo færi á að stela spjaldinu. Eða þá að bæði liðin mega giska á þau orð sem eru á spjaldinu.

Reglurnar eru aðeins flóknari en í mörgum öðrum Alias-spilum, einkum þegar kemur að stigagjöfinni og lokasvörin eru ekki alltaf auðveld. En spilið er þó langt frá því að teljast flókið spil og allir sem þekkja Alias ættu að ná því strax.



Frægð og frami
Spil ehf., 2 til 6 leikmenn

Frægð og frami er spil sem leynir á sér. Fyrir fram myndi maður ekki halda að þetta spil, sem fjallar um áhrifavalda á samfélagsmiðlum, væri sérlega djúpt. En í því finnast ýmsir hlutir sem einkenna alvöru nördaspil, sem ekki er sérlega algengt, eða réttara sagt mjög óalgengt, í íslenskri framleiðslu.

Meðal annars er asymmetría í því, það er hver leikmaður hefur sérstaka hæfileika sem aðrir hafa ekki. Einnig býður spilið upp á samninga og samvinnu í einstaka tilvikum.

Frægð og frami er hins vegar nokkuð einfalt spil, þar sem leikmenn fara hring eftir hring á borðinu með teningakasti. Það býður líka upp á að leikmenn geti verið nokkuð andstyggilegir hver við annan. En með því að skemma fyrir öðrum eru leikmenn jú að hjálpa sjálfum sér.





FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 10. desember 2022





Gefðu gamla jólaskrautinu tækifæri til að gleðja aðra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýtt líf fyrir jólaskrautið

jme@frettabladid.is

Mörg eigum við orðið talsvert magn af jólaskrauti í geymslunni sem hefur ekki fengið að líta innviði heimilisins í áraraðir. Líklega var ætlunin lengi að lauma því inn á heimili uppkominna afkvæma sem eru svo óheppilega búin að koma upp sínu eigin safni. Í stað þess að henda skrautinu er um að gera að athuga fyrst hvort einhver annar hafi not fyrir það.

Skiptimarkaður

Sorpa í Efnismiðluninni að Sævarhöfða starfrækir sniðugan skiptimarkað núna um helgina 10.–11. desember. Fólk er hvatt til að mæta með jólaskraut sem það er hætt að nota. Komdu með jólaseríuna, jólaljósin og allt jólaskrautið sem þú notar ekki lengur, en er í góðu lagi eða þarf kannski smá ást, og gefðu því tækifæri til að finna nýtt heimili. Hver veit, kannski finnur þú svo einmitt jólaskrautið sem þig hefur alltaf langað í, endurgjaldslaust.

Þetta er umhverfisvæn og falleg leið til þess að lýsa upp jólin.

Þetta er hinn sanni andi jólanna: Að gefa og þiggja. Ekki henda gamla jólaskrautinu þínu. Gefðu því nýtt líf og tækifæri til þess að gleðja aðra.

Markaðurinn verður opinn laugardaginn 10. desember og sunnudaginn 11. desember frá kl. 14.00 til 17.30. ■





Sigurður Þór Helgason, eigandi DJI Reykjavík, með nýjasta drónann sem var að lenda á landinu, DJI Mini 3 Pro. Hann er frábær fyrir byrjendur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Jólagjafir sem fljúga í mark

Drónar eru fullkomin gjöf fyrir þau sem elska ljósmyndun og myndbandstökur, líka útivistar- og ævintýrafólk og þau sem eru dugleg að pósta myndum á samfélagsmiðlum. Úrvalið er heillandi hjá DJI Reykjavík og gnótt spennandi fylgihluta sem slá í gegn í jólapakkana. 2



Sigurður Þór með nýjasta drónann, DJI Mini 3, og skjáfjarstýringu sem hægt er að fá með honum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Hjá DJI Reykjavík er hægt að finna ótal spennandi jólagjafir fyrir jafnt byrjendur og lengra komna í drónum, en þess má geta að það er leikur einn að stýra dróna.

„Drónar njóta mikilla vinsælda í jólapakkana. Þeir eru tilvalin gjöf fyrir ævintýrafólk og náttúruunnendur sem geta séð heiminn úr lofti með drónanum, sem fangar ferðalögin og býr til ómótstæðilega ferðasögu í myndum og myndböndum. Til dæmis þegar gengið er á fjall og dróninn sýnir það sem farið var og upplifað, en á sinn einstakan hátt eins og fuglinn fljúgandi," segir Sigurður Þór Helgason, eigandi DJI Reykjavík.

DJI er stærsti drónaframleiðandi heimsins í dag og með um 70 prósenta markaðshlutdeild. Þá er DJI þekkt fyrir einstök gæði og góða þjónustu.

„Þegar kemur að því að finna dróna sem er bæði ódýrir og með mikla getu verður DJI Mini 2 oftast fyrir valinu. Hann er einn besti dróninn fyrir byrjendur og býður upp á allt að 4K-upptöku ásamt því að hafa drægi allt að sex kílómetra og með 31 mínútu hámarksflugtíma," segir Sigurður Þór, staddur í glæsilegri verslun DJI Reykjavík í Lækjargötu 2A í miðborg Reykjavíkur.

„Að fljúga dróna er alls ekki flókið og tekur aðeins þrjár mínútur að átta sig á því hvernig DJI-dróni virkar. Hann er svo öruggur í notkun að á meðan þú gerir ekki neitt þá gerir dróninn ekki neitt heldur," segir Sigurður.

Þeir fremstu í DJI Mini-línunni

Sigurður heldur á splunkunýjum dróna, DJI Mini 3, sem kom til landsins nú í vikunni.

„Sem byrjendadróni kemur DJI Mini 3 til með að taka við af Mini 2-drónanum innan tíðar. Hann hefur talsvert lengri flugtíma, eða 38 mínútur, einnig HDR-upptökumöguleika og meira ljósnæmi, ásamt því að geta tekið myndir og vídeó lóðrétt, 60 gráður upp fyrir sig, 90 gráður niður og allt þar á milli. Hann er tilvalinn fyrir samfélagsmiðla, eins og TikTok og Instagram, og þá er hægt að fá DJI Mini 3 með skjáfjarstýringu," upplýsir Sigurður, en allar nánari upplýsingar um DJI Mini 3 eru á vefsíðunni djireykjavik.is.

DJI Mini 3 Pro er sá allra fremsti í DJI Mini-línunni.

„Hann er klárlega besti dróninn fyrir þá sem leita að dróna sem getur til dæmis fylgt fólki eða bíl. DJI Mini 3 Pro býður einnig upp á að taka lóðrétt myndbönd og myndir og er því frábær í pakkann handa þeim sem eru mikið á Instagram og TikTok. Það sem fylgir því að geta tekið lóðrétt myndbönd og myndir er minni eftirvinnsla, þar sem maður sér rammann eins og maður ætlar að skjóta hann á tökustað."

Fyrir þá sem elska ljósmyndun

Flaggskipið á drónamarkaðnum er DJI Mavic 3 Classic.

„Sá dróni er með 4/3 CMOS Hasselblad-myndavél og býður upp á að taka myndbönd í 5.1K og 20MP-ljósmyndir. Mavic 3 Classic er klárlega dróninn sem fer í jólapakkann hjá þeim sem elska ljósmyndun og myndbandaframleiðslu. Hann er einnig með lengsta flugtímann af öllum drónum í sama stærðarflokki á markaði og býður upp á allt að 46 mínútna flugtíma og allt að 8 kílómetra drægi," segir Sigurður.

Fjarstýring með skjá

DJI RC er ódýr fjarstýring með innbyggðum skjá sem gerir flugið þægilegra.

„Fjarstýringunni fylgja engar snúrur sem þarf að hafa áhyggjur af, hvort sem það er að vera með snúruna á sér eða að passa að hún virki. DJI RC-fjarstýring er því frábær gjöf fyrir þá sem eiga ekki skjáfjarstýringu. Hún er með 5,5" 1080P-skjá og einnig fleiri tökkum sem hægt er að stilla en í venjulegri fjarstýringu fyrir síma," segir Sigurður.

Þess má geta að DJI RC virkar með eftirfarandi drónum: DJI Mini 3 Pro, DJI Mavic 3, DJI Mavic 3 Classic og DJI Air 2S.

Rafstöð og lendingarpallur

Í verslun DJI Reykjavík fæst margt spennandi í jólapakkann, þar á meðal lendingarpallur fyrir dróna.

„Lendingarpallar hitta í mark hjá drónaeigendum. Þeir geta komið í veg fyrir að sandur komist í mótora og gimbal. Einnig geta þeir hjálpað við að taka á loft þegar snjór er á götum eða í háu grasi, þar sem gras getur flækst í mótorum. Þrátt fyrir að götur líti út fyrir að vera hreinar kemur fólki iðulega á óvart að það sé sandur á götunum, en sandurinn er ein af ástæðum þess að mótorar festast í miðju lofti. Setjið því lendingarpall undir tréð í ár og sláið í gegn," segir Sigurður kátur.

Færanleg rafstöð frá Ecoflow er önnur kærkomin jólagjöf.

„Með Ecoflow er hægt að hlaða símann, stinga sjónvarpi í samband, hella upp á kaffi og margt fleira. Þessar færanlegu rafstöðvar eru með venjulegri heimainnstungu og þar af leiðandi er hægt að stinga nánast hverju sem er í samband.

Þá tekur ekki nema 60 mínútur að hlaða stöðvarnar úr 0 prósent í 80 prósent hleðslu, og víst að Ecoflow mun hitta beint í mark hjá útilegufólkinu sem vantar alltaf rafmagn," segir Sigurður í jólaskapi.



Glæsileg verslun DJI Reykjavík er í Lækjargötu 2A í Reykjavík. Þangað er ævintýri að koma og skoða úrval dróna og alls kyns fylgihluta og búnaðar sem gerir drónaflugið enn skemmtilegra.



DJI Mavic 3 Classic dróni er flaggskipið frá DJI.



DJI Mini 2 er vinsælasti byrjendadróninn.



DJI Mini 3 Pro er fullkominn dróni með eltieiginleika.



Ecoflow er færanleg rafstöð fyrir nær öll raftæki.



Lendingarpallur er gagnleg jólagjöf fyrir alla sem eiga dróna.



DJI Osmo Action 3 er nett og vatnsheld myndavél í sport og útivist.

Lítil myndavél sem slær í gegn

DJI Osmo Action 3 er vatnsheld myndavél sem hentar vel öllum sem stunda mikla afþreyingu og útivist, svo sem skíði, snjóbretti, krossara og fleira.

„Þessi frábæra myndavél hefur einnig verið notuð mikið fyrir vídeó-blogg þar sem hún er lítil, vatnsheld og tekur myndbönd í góðum gæðum, eða 4K 120 ramma á sekúndu og í 10 bit litagæðum. Skjár er bæði framan og aftan á vélinni. Ef þú ert í leit að gjöf fyrir þann sem á allt og stundar mikla afþreyingu, þá er öruggt að þessi litla myndavél mun slá í gegn," segir Sigurður. ■

DJI Reykjavík er í Lækjargötu 2A í Reykjavík. Sími 519 4747. Skoðið einnig úrvalið og nánari upplýsingar í netversluninni djireykjavik.is. Þar er líka hægt að finna frábæran lista með góðum hugmyndum að jólagjöfum.

> **Að fljúga dróna er alls ekki flókið og tekur aðeins þrjár mínútur að átta sig á því hvernig hann virkar.**
>
> Sigurður Þór Helgason

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Guðmundur Hilmarsson,** gummih@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.


FELDUR
VERKSTÆÐI
VERSLUN — SNORRABRAUT 56 — FELDUR.IS — INFO@FELDUR.IS — 588 0488



Erla Þóra landsliðskokkur er annáluð fyrir sína ljúffengu matargerð og nýtur þess að galdra fram eftirrétti sem lokka bragðlaukana. Hún er búin að setja saman jólamatseðilinn sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Girnileg andabringan hjá Erlu með ómótstæðilega góðu meðlæti, eplasalati, hnetu-crumble og toppuð með bláberjasósu.

Andabringur og mandarínu crème brûlée um hátíðirnar

Erla Þóra Bergmann Pálmadóttir landsliðskokkur er annáluð fyrir sína ljúffengu matargerð og eftirrétti sem hafa slegið í gegn. Erla er kokkur á Fjallkonunni auk þess að vera í íslenska kokkalandsliðinu sem tók þátt í heimsmeistarakeppni matreiðslumanna á dögunum.

sjofn@frettabladid.is

Erla hefur ástríðu fyrir matargerð og nýtur þess að galdra fram sælkerakræsingar. Nú er það jólamaturinn sem á hug hennar allan eftir annasaman tíma með kokkalandsliðinu.

Ástríðan fyrir matargerðinni hefur ávallt verið til staðar hjá Erlu. „Ég hef alltaf haft áhuga á matargerð frá því ég var lítil stelpa. Áhuginn hefur líklegast kviknað því ég var alin upp með ótrúlega góðan mat í kringum mig bæði hjá mömmu og ömmum mínum og ég vildi helst alltaf fá að hjálpa til í eldhúsinu," segir hún.

Eitt gull og eitt silfur

Miklar annir hafa verið hjá kokkalandsliðinu síðustu vikur og mánuði. „Ég var að klára mitt fyrsta tímabil með kokkalandsliðinu. Við erum nýkomin heim frá Lúxemborg þar sem við vorum að keppa á heimsmeistaramóti í matreiðslu. Við fengum eitt gull og eitt silfur sem skilaði okkur í sjötta sæti sem við erum ótrúlega glöð með, en á sama tíma er maður spenntur fyrir næsta móti að gera enn betur," segir Erla, enda afar metnaðargjörn og bíður spennt eftir næstu keppni. „Þetta er frábær hópur sem er mikill heiður að fá að vera partur af," segir Erla og bætir við að samheldnin og samstarfið sé ákaflega gott innan hópsins.

Erla er byrjuð að setja saman jólamatseðilinn og sviptir hér hulunni af sínum jólamatseðli í ár sem er ómótstæðilega girnilegur. Erla býður lesendum upp á uppskrift að andabringu með gómsætu eplasalati, hnetu-crumble toppuðu með bláberjasósu sem á sér engan líka. Í eftirrétt ætlar Erla að vera með mandarínu crème brûlée sem er einstaklega jólalegur eftirréttur en mandarínur eru táknrænar fyrir jólin.



Eftirrétturinn hennar Erlu er með jólalegu ívafi þar sem mandarínur fara með aðalhlutverkið, hér er á ferðinni mandarínu crème brûlée sem á sér engan líka.

> **Ég hef alltaf haft áhuga á matargerð frá því ég var lítil stelpa. Áhuginn hefur líklegast kviknað því ég var alin upp með ótrúlega góðan mat í kringum mig bæði hjá mömmu og ömmum mínum og ég vildi helst alltaf fá að hjálpa til í eldhúsinu.**

Andabringa með eplasalati, hnetu-crumble og bláberjasósu

1 -2 andabringur

Snyrtið andabringuna og skerið fínar rákir í fituna. Steikið andabringuna á fituhliðinni þar til hún er gullinbrún. Snúið við og lokið bringunni. Setjið í ofn og eldið við 180°C í 4–5 mínútur. Leyfið að hvíla í nokkrar mínútur og skerið síðan í þunnar sneiðar.

Bláberjasósa

2 skallotlaukar
1–2 hvítlauksrif
2–4 greinar garðablóðberg
100 g bláber (frosin eða fersk)
100 ml rauðvín
300 ml soð (anda eða kjúklinga)
1 - 2 tsk. bláberjasulta
30 g smjör

Brúnið laukinn á pönnu (gott að nota sömu pönnu og notuð var fyrir andabringurnar, gefur gott bragð). Bætið bláberjum og garðablóðbergi við og leyfið að malla aðeins. Bætið þá rauðvíninu við og látið sjóða aðeins niður. Bætið þá soðinu við og látið sjóða niður um um það bil helming á vægum hita. Sigtið sósuna og bætið síðan sultu og köldu smjöri við og pískið allt saman.

Eplasalat

1 grænt epli
100 g 36% sýrður rjómi
1–2 tsk. sykur

Eplið skrælt og skorið í bita. Sýrður rjómi og sykur er hrært saman og blandað við eplin.

Hnetu- og trönuberja-crumble

50 g heslihnetur
50 g pekan hnetur
50 g þurrkuð trönuber
1 grein garðablóðberg
1 tsk. hunang
1 tsk. smjör

Skerið hneturnar fínt niður og ristið á pönnu. Bætið við trönuberjum og garðablóðbergi. Síðan er hunangi bætt saman við ásamt klípu af smjöri.

Mandarínu crème brûlée

500 ml rjómi
6 eggjarauður
100 g sykur
Börkur af fimm mandarínum
1 vanillustöng

Sjóðið rjóma ásamt vanillu og berki af fimm mandarínum. Leyfið að malla í 3–5 mínútur. Þeytið saman eggjarauður og sykur þar til blandan verður létt og ljós. Sigtið rjómablönduna og hellið rólega saman við eggin og blandið vel saman. Hellið í form og bakið í ofnskúffu með heitu vatni ofan í á 150°C í 20–30 mínútur. Kælið í að minnsta kosti sex klukkustundir. Stráið hrásykri yfir og brennið. Svo má rífa mandarínubörk með rifjárni og setja yfir ef maður vill hafa meira mandarínubragð. ■





Dagný Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Eldvarnamiðstöðvarinnar, segir að ekkert heimili eigi að vera án slökkvitækis.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Betra fallegt en ekkert

Eldvarnamiðstöðin hefur stóraukið úrval sitt af slökkvitækjum í öðrum litum en rauðum en samkvæmt reglugerðum er það sá litur sem krafist er af hálfu yfirvalda.

„Við höfum tekið eftir því undanfarin ár að stór hópur fólks hefur ekki slökkvitæki á réttum og aðgengilegum stöðum einfaldlega vegna þess að rauði liturinn passar ekki inn í hönnun heimilisins. Ekkert heimili ætti að vera án slökkvitækis og þess vegna viljum við gera okkar til að koma til móts við fagurkera," segir Dagný Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Eldvarnamiðstöðvarinnar.

Í fyrstu voru tækin aðeins fáanleg sem léttvatnstæki í svörtu, hvítu og gráu en nú hafa bæst við brons, gull og silfur og nú er einnig hægt að fá tækin sem dufttæki. Þá býður Eldvarnamiðstöðin upp á mikið úrval af eldvarnarteppum en ekkert eldhús ætti að vera án þeirra.

„Við skiljum vel það sjónarmið yfirvalda að slökkvitæki eigi að vera rauð þannig að þau sjáist vel en þegar þróunin er sú að fleiri og fleiri heimili sleppi slökkvitækjum vegna útlits er það sjálfsögð skylda okkar að bregðast við," segir Dagný.

Hún segir enn fremur að tækjunum sé vel tekið af arkitektum og vonandi verði þróunin þannig í framtíðinni að áfram verði rauð tæki til að uppfylla reglugerðir en til viðbótar komi fleiri fallegri tæki sem verði sett á áberandi staði sem hluti af hönnun rýma.

> **Ekkert heimili ætti að vera án slökkvitækis og þess vegna viljum við gera okkar til að koma til móts við fagurkera.**
>
> Dagný Guðmundsdóttir



Léttvatnstækin eru nú einnig til í bronsi, silfri og gulli.
MYND/AÐSEND



Léttvatnstækið úr kopar tekur sig vel út í íbúðinni.
MYND/AÐSEND

Varðandi staðsetningu tækjanna er mikilvægt að hafa léttvatnstæki við útidyr og dufttæki í eldhúsum eða eldvarnarteppi.

Dufttæki má nota ef kviknar í olíu í potti á eldavél en léttvatnstæki á flest allt annað. Dufttæki er einnig snjallt að hafa í sumarhúsum og í bílum en þau erum þeim eiginleikum gædd að frjósa ekki.

Reykskynjarar í öll rými

Það er ekki svo langt síðan að talið var nóg að hafa 2–3 reykskynjara á hverju heimili. Í dag eru hins vegar raftæki í öllum rýmum og símar, airpods, fartölvur, spjaldtölvur og sjónvörp víða að finna.

„Það er gríðarlega mikilvægt að foreldrar brýni fyrir börnum sínum að hlaða ekki spjaldtölvur eða síma uppi í rúmi eða á flötum sem geta kæft viftur þessara tækja svo þau ofhitni. Við heyrum reglulega af íkveikjum rafmagnstækja í svefnherbergjum og allt of oft liggur við stórslysi.

Í dag færðu reykskynjara með rafhlöðuendingu allt að 10 árum fyrir mjög gott verð.

Það er engin ástæða til þess að spara fjölda reykskynjara í dag, hlutverk þeirra er jú að passa mestu dýrmætin í lífi okkar," segir Dagný Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Eldvarnamiðstöðvarinnar að lokum. ■

Frekari upplýsingar um vörur og þjónustu hjá Eldvarnamiðstöðinni má sjá á oger.is





Áhugamálið tók yfir lífið

Um fimmtugsaldurinn ákvað Jónína Helga Hermannsdóttir að segja upp krefjandi starfi sínu í Noregi og gefa sér tíma til að finna út næstu skref í lífinu. Í dag vinnur hún fallega muni úr endurunnum viði sem fást meðal annars í Fylgifiskum.

starri@frettabladid.is

Þegar Jónína Helga Hermannsdóttir nálgaðist fimmtugsaldurinn fann hún að tími var kominn til að endurskoða líf sitt og hvað hún vildi gera við seinni hluta ævinnar. Jónína, sem er menntaður afbrotafræðingur, hafði starfað lengi hjá umboðsmanni alþingis í Noregi þar sem vinnudagarnir voru oft langir og slítandi. „Þetta var bæði spennandi og góð vinna en svo fann ég bara að ég þurfti pásu frá krefjandi skrifstofuvinnu, vinnufundum og ferðalögum. Við fimmtugsaldurinn ákvað ég því að leyfa mér að segja upp starfi mínu og ákvað að taka mér smá tíma til að finna út hvað mig langaði að gera í seinni hálfleik lífsins."



Falleg framreiðslu- og skurðarbretti í ólíkum litum og stærðum.

Fann ró í bílskúrnum

Helsta áhugamál hennar undanfarin ár hefur verið að endurvinna ýmiss konar við og búa til úr honum ýmsa fallega hluti eins og framreiðslu- og skurðarbretti, auk smærri hluta eins og eggjabikara, íláta fyrir salt og pipar, glasamotta og fleiri muna úr afgöngum, sem hún selur undir nafninu Tré og ró.



Jónína Helga Hermannsdóttir nýtur sín vel í bílskúrnum þar sem hún býr til einstaka muni úr ólíkum viðartegundum.

Eftir uppsögnina má segja að þetta áhugamál hennar hafi tekið yfir mestan frítíma hennar. „Tré og ró byrjaði þegar ég var að vinna hjá umboðsmanni alþingis. Dagarnir voru oft langir og krefjandi og þá var gott að geta farið niður í bílskúr til að tæma hugann og nota líkamann í annað en að sitja fyrir framan tölvu. Það gaf mér svipaða ró og aðrir voru að fá út úr því að fara út að hlaupa eða stunda jóga. Þaðan er líka nafnið komið."

Fylgifiskar selja brettin

Allt sem Jónína býr til undir merki Tré og ró er gert úr endurunnu efni og að mestu leyti úr eldhúsbekkjum úr eik og hnotu sem fólk hendir þegar það skiptir um eldhúsinnréttingu, auk borða úr gegnheilum viði sem fólk hefur losað sig við. „Það væri auðvitað mun auðveldara fyrir mig að kaupa bara efni í næstu byggingarvöruverslun en mér finnst skemmtilegra að geta sameinað þessi tvö áhugamál mín, að vinna með tré og endurvinnslu."

Nýlega hóf verslunin Fylgifiskar að selja brettin hennar Jónínu hér á landi. „Til að byrja með verða tvær tegundir til sölu sem heita Barbapapa og eru úr eik og lituðum aski. Þau eru handunnin og því eru engin bretti eins. Brettin eru mjög vinsæl hér í Noregi og ég hef meira að segja selt þau til Kanada og Bandaríkjanna svo það verður gaman að sjá viðbrögðin."

Fyrirferðarmikil á jólamörkuðum

Desembermánuður er annasamur hjá Jónínu, sem sýnir og selur vörur sínar á nokkrum jólamörkuðum. „Ég hef nú þegar tekið þátt í tveimur af þremur mörkuðum í desember. Salan hefur gengið framar öllum vonum og ég þarf að hafa mig alla við til að framleiða nóg fyrir síðasta markaðinn um miðjan mánuðinn. Auk þess hef ég selt mikið gegnum vefinn og Instagram. Þannig að nú er ég alla daga og öll kvöld úti í bílskúr að framleiða til að eiga nóg af brettum í desember."

Hún segir frábæra tilhugsun að geta leyft sér að einbeita sér að þessu fram að jólum. „Svo ætla ég að taka smá pásu eftir áramót og safna að mér efniviði, endurskipuleggja verkstæðið mitt og sinna öðrum verkefnum sem hafa setið á hakanum."

Eiginkona Jónínu heitir Benedicte Lie og er norsk. Jólahaldið einkennist því bæði af íslenskum og norskum jólahefðum. „Við eigum saman tvo stráka, 12 og 15 ára. Sá yngri er mikið jólabarn og mjög upptekinn af íslenskum jólamat á meðan unglingnum gæti ekki verið meira sama. Svo framarlega sem hann fær Nóa kropp og Trítla frá Íslandi er hann sáttur."

Benedicte er alin upp við kalkún á aðfangadag svo fjölskyldan eldar hann oftast þá. „Svo kemur mamma yfirleitt í heimsókn rétt fyrir jólin og tekur með sér hamborgarhrygg, hangikjöt og jólakonfekt. Svo er líka hægt að kaupa bæði Malt og Egils appelsín í Noregi svo mann vantar orðið ekkert yfir jólin."

Hægt er að skoða vörur Jónínu á treogro.no og á Instagram (@treogro). ■







FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job







rue de net

Við stefnum skýjum ofar, viltu vera með?

Rue de Net er hugbúnaðarhús í upplýsingatækni sem aðstoðar framúrskarandi fyrirtæki við val og innleiðingu á viðskipta- og verslunarlausnum.
Rue de Net er á fullri ferð með viðskiptavinum sínum úr skápnum í skýið, með því að bjóða nýjustu tækni, gæðavörur og persónulega þjónustu.

Forritari viðskiptakerfa
Forritari vefja og samþættinga
Ráðgjafi í flutningakerfum

Viltu slást í lið með okkur?

Frekari upplýsingar veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Henrietta Þóra Magnúsdóttir (henrietta@intellecta.is) ráðgjafar hjá Intellecta í síma 511-1225.

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur er til og með 31. desember 2022.
Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá.

www.ruedenet.is/atvinna

Suðurlandsbraut 4 | 108 Reykjavík | 414-5050 | **ruedenet.is**

STARF

Samskipti um græna framtíð

Staða forstöðumanns Samskipta og upplýsingamiðlunar
Landsvirkjun leitar að einstaklingi með brennandi áhuga á orku- og loftslagsmálum til að stýra teymi sem leiðir samskipti við fjölbreytta hagaðila fyrirtækisins. Teymið vinnur að auknum sýnileika og skilningi á stefnu og starfsemi Landsvirkjunar og er skipað fimm einstaklingum með mikla reynslu og sérþekkingu.

Verkefnasvið:
- Samræming innri og ytri samskipta
- Samtal og samvinna við hagaðila
- Fagleg ráðgjöf til stjórnenda og starfsfólks á sviði samskipta
- Forysta í öflugum hópi starfsfólks
- Þróun og ímynd vörumerkis Landsvirkjunar
- Stefnumótun um miðlun efnis

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Afburða leiðtogahæfileikar, samskiptafærni og jákvætt viðmót
- Stjórnunarreynsla er æskileg
- Frumkvæði og skipulagshæfni
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsóknarfrestur er til og með 18. desember
Sótt er um starfið hjá Hagvangi
www.hagvangur.is

Frekari upplýsingar gefur Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Landsvirkjun



Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR



Viltu rúlla með okkur?

Bílaumboðið Askja leitar að fólki í tvö spennandi störf. Askja býður einstakt tækifæri til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni í lifandi umhverfi.

Vörustjóri – Bílaumboðið Askja

Bílaumboðið Askja leitar að metnaðarfullum einstaklingi til að sinna starfi vörustjóra. Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði í öflun þekkingar á vörum og nýjungum.

Helstu verkefni

- Vöruþróun og hugmyndavinna
- Skýrslugerðir, verðútreikningar og samanburður
- Kynningar fyrir stjórnendur, birgja, söludeildir o.fl.
- Utanumhald og samskipti við markaðsdeild og aðrar deildir vegna vörumerkja
- Áætlun og framkvæmd innkaupa og pantana í samvinnu við hagaðila
- Greiningarvinna, s.s. markaðsgreiningar

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. viðskiptafræði, verkfræði eða tölvunarfræði
- Reynsla af vörustjórnun eða sambærilegu starfi er kostur
- Mikil hæfni í samskiptum og teymisvinnu
- Frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum
- Viðamikil tölvuþekking og mjög góð kunnátta á Excel
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Söluráðgjafi Kia – Bílaumboðið Askja

Bílaumboðið Askja leitar að þjónustuliprum söluráðgjafa fyrir Kia. Helstu hlutverk eru að stofna til góðra viðskiptasambanda og veita framúrskarandi þjónustu við sölu á bifreiðum Kia.

Helstu verkefni

- Söluráðgjöf
- Móttaka viðskiptavina og símsvörun
- Úthringiherferðir
- Tilboðsgerð, eftirfylgni og samningagerð
- Þátttaka í verkefnum sem tengjast sölu og þjónustu

Hæfniskröfur

- Reynsla af sölustörfum æskileg
- Frumkvæði í starfi
- Samstarfs- og samskiptahæfni
- Framúrskarandi þjónustulund
- Sjálfstæð vinnubrögð og vilji til að ná árangri í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

ASKJA

Askja er sölu- og þjónustuumboð fyrir Kia, Honda, smart og Mercedes-Benz. Markmið fyrirtækisins er að vera leiðandi í þjónustu til viðskiptavina og skapa starfsumhverfi sem byggir á metnaði, fagmennsku, heiðarleika og gleði. Askja er í fremstu röð þegar kemur að framboði raf- og tengiltvinnbifreiða.

Askja leggur áherslu á að skapa menningu sem einkennist af gleði, samvinnu og sveigjanleika. Það gerum við með því að veita starfsfólki stuðning og skapa því umhverfi til að geta veitt viðskiptavinum afburðaþjónustu. Áhersla er lögð á opin og uppbyggileg samskipti, leitað er lausna og jákvæðni höfð að leiðarljósi. Öflugt starfsmannafélag er hjá Öskju og reglulegir viðburðir og skemmtanir. Í anda jafnréttisstefnu Öskju hvetjum við öll áhugasöm, óháð kyni, til að sækja um.

Sótt er um starfið á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með **19. desember nk**. Með umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

Nánari upplýsingar um störfin veita Þórdís Sif Arnarsdóttir, **thordis@hagvangur.is**, og Sverrir Briem, **sverrir@hagvangur.is**, ráðgjafar hjá Hagvangi.

ARKITEKT

Vegna aukinna verkefna leitum við að hugmyndaríkum og metnaðarfullum arkitekt til að takast á við krefjandi og skapandi verkefni stofunnar. Við höfum gaman af því sem við gerum og því er mikilvægt að þú sért með jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum.

Framundan eru áhugaverð verkefni víða um land, sem við hlökkum til að takast á við.

Við leitum að arkitekt með nokkurra ára reynslu við arkitektahönnun.

Lögð er áhersla á frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.

Góð reynsla af Revit er nauðsynleg.

Umsóknarfrestur er til og með 21. desember nk.

Umsóknir skal senda með tölvupósti á netfangið arkitekt@dap.is.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



dap
development-architecture-property

Viltu vera hluti af góðri liðsheild?



Faxaflóahafnir sf. leita að metnaðarfullum og framsýnum einstaklingi til að leiða viðskiptasvið fyrirtækisins



Faxaflóahafnir er stærsta höfn landsins þar sem starfa um 75 manns og er umráðasvæði hennar í Reykjavík, Akranesi, Grundartanga og Borgarnesi. Fyrirtækið leggur áherslu á að vera leiðandi í umhverfis- og öryggismálum auk þess að vera í vegferð að þróa snjallar og grænar hafnir.

Sviðsstjóri viðskiptasviðs

Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af stjórnun fjármála
- Reynsla af markaðsmálum, upplýsingatækni og viðskiptaþróun kostur
- Hæfni til að halda kynningar á íslensku og ensku
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Færni í samskiptum við fólk og fyrirtæki
- Skipulagshæfni og reynsla af áætlanagerð
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Helstu verkefni

- Umsjón með deildum sviðsins í samvinnu við deildarstjóra
- Umsjón með viðskiptaþróun fyrirtækisins
- Umsjón með daglegri starfsemi á skrifstofu Faxaflóahafna sf. og stýring verkefna
- Gerð og frágangur stjórnendaupplýsinga og kynningar fyrir stjórn
- Umsjón með gerð fjárhagsáætlunar og eftirlit með samningum á sviði rekstrar
- Umsjón með arðsemisútreikningum og gerð viðskiptaáætlana
- Önnur þau störf, sem viðkomandi kunna að vera falin af yfirmanni og falla innan eðlilegs starfsviðs hans

Viðskiptasvið er eitt af stoðsviðum í skipuriti Faxaflóahafna og þar starfa sjö manns. Sviðsstjóri heyrir beint undir hafnastjóra.

Starfsmaðurinn mun hafa aðstöðu á skrifstofu Faxaflóahafna að Tryggvagötu 17 í Reykjavík.
Við hvetjum hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk til að sækja um starfið, óháð kyni, en fyrirtækið hefur skýra jafnréttisstefnu og vill auka fjölbreytileika í starfsliði sínu.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Gunnar Tryggvason, hafnarstjóri gunnart@faxafloahafnir.is
Umsókn, ásamt ferilskrá sendist til Faxaflóahafna sf., á netfangið olafur@faxafloahafnir.is, eigi síðar en sunnudaginn 18. desember n.k.

faxafloahafnir.is

bsi ISO 14001 Environmental Management CERTIFIED · ISO 45001 Occupational Health and Safety Management CERTIFIED · ÍST 85:2012 Equal Wage Management System CERTIFIED

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

Do you want to join us in improving quality of life?

Genís is a leading innovative biotechnology company, pioneering the development of therapeutic chitin derivatives.

Our goal is to address a large unmet global need by developing effective therapeutic solutions across a number of inflammatory diseases, including lung diseases such as asthma and COPD, type II diabetes and/or rheumatoid arthritis.

Based on two decades of extensive research, we are currently engaged in novel drug development as well as the development of a number of orthobiologic applications, deriving benefit from the anti-bacterial properties, regenerative tissue and osteogenic activities of chitin derivatives.

Our research and development initiatives have resulted in Benecta, our chitin-based dietary supplement that has cemented its place as a leading food supplement in the market.



Head of Research & Development

We are looking to recruit a Head of Research & Development who will lead our R&D team on-site in Siglufjörður.

Main responsibilities:

- Direct supervision of our R&D team
- Day-to-day operations of the R&D laboratories
- Development and implementation of methods for optimization and scale-up of API production
- Development of analytical protocols to support clinical activities
- Optimization of production methods for our dietary supplements in collaboration with the production team
- Planning and execution of strategic R&D activities
- Management and supervision of research grant applications
- Oversight of research paper drafting
- Engaging in active scientific dialogue with other parts of the organization

Requirements:

- Ph.D. or equivalent in natural sciences, preferably chemistry, biochemistry, biology, or pharmacology
- Extensive research and development experience
- Previous management experience is preferred
- Drug development experience is an advantage
- Strong publication record
- Professionalism, objectiveness, critical thinking, and evidence-based reasoning
- Robust organisational and interpersonal skills
- Strong written and verbal communication skills

Clinical Development Manager

We are looking to recruit a Clinical Development Manager who will play an integral role as the strategic lead of clinical programs.

Main responsibilities:

- Strategic lead of clinical programs
- Planning, executing, managing, and reviewing pre-clinical and clinical studies in accordance with our drug development plan
- Ensuring that assigned studies are carried out according to GCP
- Overseeing review of clinical study entries
- Taking part in building and strategizing product development across multiple programs
- Providing product development status updates to the executive leadership team
- Cross-functional collaboration with R&D and marketing
- Supporting R&D activities with clinical review and guidance

Requirements:

- University degree in natural sciences, preferably pharmacology, biology, biochemistry, medicine, or nursing
- M.Sc. or Ph.D. is an advantage
- GCP certification is preferred
- Extensive clinical research experience, including pre-clinical and clinical trials
- Previous experience of study trial management
- Professionalism, objectiveness, critical thinking, and evidence-based reasoning
- Robust organisational and interpersonal skills
- Strong written and verbal communication skills

Head of Production and Quality

We are looking to recruit a Head of Production and Quality who will lead our production and quality team and manage our facilities in Siglufjörður.

Main responsibilities:

- Direct supervision of production and quality assurance team
- Ensuring that our products are manufactured in accordance with all applicable standards and requirements
- Planning, organizing and directing day-to-day operation and maintenance of the production facilities in Siglufjörður
- Efficient procurement, production and on-time shipping
- Compliance with the Quality Management System
- Ensuring that health and safety regulations are met
- Development and optimization of production methods in collaboration with our R&D team
- Coordination of production activities with the executive leadership team

Requirements:

- University degree in engineering or chemistry (M.Sc. or Ph.D.)
- Excellent knowledge of manufacturing process systems
- Prior management experience
- Experience in food and/or pharmaceutical manufacturing systems, including GLP/GMP systems, is preferred
- Great attention to detail, proactive and self-motivated
- Excellent analytical, oral and verbal presentation skills
- Robust organisational and interpersonal skills
- Strong written and verbal communication skills

Further information about the jobs and qualification requirements at www.vinnvinn.is.

The application deadline is 10 January 2023.

Apply for the jobs at **www.vinnvinn.is**.

The application must be in English, accompanied by a curriculum vitae and a cover letter stating the reason for the application and the reasons for the person's ability to perform the job.

Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) and Garðar Ó. Ágústsson (gardar@vinnvinn.is) at Vinnvinn oversee the recruitment process.

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

CORIPHARMA

coripharma.is

Viltu slást í lið með okkur?

Coripharma er íslenskt nýsköpunarfyrirtæki með um 170 starfsmenn sem byggir á traustum grunni lyfjaþróunar og framleiðslu á Íslandi. Félagið sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og útflutningi samheitalyfja ásamt því að sinna verktakaframleiðslu fyrir önnur lyfjafyrirtæki. Frá því að félagið hóf starfsemi árið 2018 hefur það hafið framleiðslu á 20 lyfjum og er með 18 ný lyf í þróun.

Viðskipta- og fjármálasérfræðingur / Business & Financial analyst

Við leitum að reynslumiklum greiningaraðila á fjármálasvið Coripharma.

Starfið felur í sér gagnaöflun, greiningar og skýrslugerðir á viðskipta-og fjárhagsgögnum fyrirtækisins ásamt tillögum að úrbótum á rekstri byggða á tölulegum gögnum. Regluleg áætlunargerð fellur undir starfið, ásamt nákvæmum samanburði á fjárhagsáætlun og raunverulegum árangri hverju sinni.

Umsóknarfrestur er til og með **31. desember** næstkomandi.

Bókari á fjármálasviði

Coripharma leitar að metnaðarfullum og öflugum bókara á fjármálasvið félagsins.

Um fjölbreytt verkefni er að ræða, almenn bókhaldsstörf ásamt ýmsum öðrum tilfallandi verkefnum.

Við leitum að jákvæðum einstaklingi sem hefur góða reynslu af bókhaldsstörfum.

Æskilegt er ef aðilinn getur hafið störf sem fyrst, um 100% stöðu er að ræða.

Umsóknarfrestur er til og með **18. desember** næstkomandi.

Sérfræðingur á rannsóknarstofu gæðarannsóknardeildar

Gæðarannsóknardeild er hluti af gæðasviði Coripharma og sér um mælingar á hráefnum sem notuð eru í lyfjaframleiðslu, sem og mælingar á framleiðsluvörum fyrirtækisins.

Við leitum að sérfræðing á rannsóknarstofu, helstu verkefni sérfræðings eru mælingar á framleiðsluvöru, sem og mælingar á hjálpar- og lyfjaefnum.

Einnig felur starfið í sér kvarðanir og eftirlit á tækjabúnaði, ásamt margvíslegum og fjölbreyttum störfum tengdum gæðakerfi og skjölun gagna.

Umsóknarfrestur er til og með **18. desember** næstkomandi.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Coripharma.
Með umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd. Nánari upplýsingar veitir **Þórey Jónsdóttir mannauðsstjóri í síma 420 6710** eða í tölvupósti, **thoreyj@coripharma.is**

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

RÍKISKAUP
AÐILI AÐ RAMMASAMNINGI

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta



Okkar hlutverk **er að leysa krafta úr læðingi**

Hlutverk háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins er að leiða saman það afl sem býr í háskólastarfi, vísindum, nýsköpun, iðnaði, fjarskiptum og upplýsingatækni og stuðla þannig að því að hugvitið verði stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar.

Ráðuneytið fer með þau viðfangsefni sem varða málefni upplýsingasamfélagsins, fjarskipti og netöryggi, notkun opinberra gagna til nýsköpunar og umbóta fyrir atvinnulíf, rafræna auðkenningu, traustþjónustu og tæknilausnir á sviði gervigreindar. Við leggjum metnað okkar í að þessar grunnstoðir þekkingarsamfélagsins séu öflugar og traustar og í góðu samræmi þarfir samfélagsins.

Vertu í bandi

» Lögfræðingur á svið fjarskipta og netöryggis

Hefur þú velt því fyrir þér hvernig lífið væri ef Ísland væri án fjarskipta í einn sólarhring? Vissulega gæti verið ágætis tilbreyting að losna við áreiti hversdagsins en veruleikinn er sá að bæði einstaklingar og þjóðir heims eru svo háð fjarskiptum að erfitt er að ímynda sér tilveruna án þeirra. Í nýju ráðuneyti er unnið að því að Ísland verði fyrsta gígabitaland heimsins en um leið þarf að sjá til þess að netöryggi sé til fyrirmyndar.

Til að efla teymið sem starfar að þessum málum í ráðuneytinu leitum við nú að lögfræðingi sem hefur brennandi áhuga á alþjóðasamstafi um málefni fjarskipta og netöryggis og hefur reynslu og þekkingu sem nýtist við innleiðingu Evrópugerða og samningu lagafrumvarpa.

12 stig!

» Evrópusérfræðingur á stafrænni vegferð

Ísland er í dyggu samfloti með öðrum Evrópuþjóðum þegar kemur að upplýsingasamfélaginu, gervigreind, stafrænni þróun, aðgengi að upplýsingum og öruggri notkun gagna. Á sama tíma og ýmis tækifæri felast í breytingum á þessu sviði koma upp ýmsar áleitnar spurningar sem snerta siðferði og persónuvernd. Mikil stefnumótun mun eiga sér stað á þessu sviði og sömuleiðis innleiðing á Evrópugerðum og alþjóðlegum skuldbindingum.

Við leitum nú að einstaklingi sem hefur burði til að hugsa fram á veginn, hefur reynslu af alþjóðlegu samstarfi og brennandi löngun til að leggja sitt af mörkum á sviði stafrænnar þróunar. Viðkomandi tæki þátt í ýmis konar Evrópusamstarfi fyrir hönd Íslands.

Umsóknarfrestur um bæði störfin er til og með **4. janúar 2023**. Allar nánari upplýsingar um störfin, menntunar- og hæfniskröfur er að finna á **starfatorg.is**. Ráðuneytið leggur áherslu á jafnrétti og hvetur öll áhugasöm til að sækja um. **Ráðuneytið er jákvætt fyrir störfum óháð staðsetningu**.

Stjórnarráð Íslands
Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið

DEUTSCHE FISCHFANG-UNION

Vélstjórar óskast

Deutsche Fischfang Union GmbH & Co. KG. leitast eftir að ráða vélstjóra til starfa á frystitogara.
Fyrirtækið á og rekur togarana Baldvin NC og Cuxhaven NC ásamt því að koma að rekstri annarra skipa.

Um framtíðarstarf er að ræða.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Réttindi VF I eða VF II
- Skilyrði að geta unnið sjálfstætt
- Góð enskukunnátta
- Snyrtimennska
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reglusemi skilyrði
- Góð færni í rafmagni er kostur

Umsóknir berist til Péturs Þórs Erlingssonar, petur@dffu.de

Bifreiðastöð ÞÞÞ

óskar eftir að ráða mann, vanan vörubílaviðgerðum til starfa.

Frekari uppl. í s. 893 1255
eða trukkur@bifreidastod.is

ÖRYGGISVÖRÐUR

SECURITY GUARD

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu öryggisvarðar lausa til umsóknar. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/ Umsóknir skulu sendar í gegnum Electronic Recruitment Application (ERA)

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard. Application instructions and further information can be found on the Embassy's home page:https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/ Applications must be submitted through Electronic Recruitment Application (ERA)



Rekstrarstjóri Húsasmiðjunnar á Akranesi

Húsasmiðjan leitar að metnaðarfullum leiðtoga til þess að reka verslun okkar á Akranesi. Við leitum að einstaklingi sem brennur fyrir þjónustu og fólki, er söludrifinn og hefur jákvætt hugarfar. Megin ábyrgð rekstrarstjóra er rekstur verslunar, skipulag og stýring á daglegri starfsemi sem og að vinna að því alla daga, ásamt flottum hópi starfsfólks, að veita viðskiptavinum okkar frábæra þjónustu.

Þekking og hæfni:

- Stjórnunarreynsla og hæfni til að leiða fólk til árangurs
- Mjög góð samskiptafærni og rík þjónustulund
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfni
- Góð þekking á verslunarrekstri og á byggingavörum
- Reynsla af sölustörfum og sölustjórnun
- Menntun sem nýtist í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Verkefni og starfssvið:

- Skipulagning og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri
- Bein söluráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini ásamt tilboðsgerð
- Sköpun og eftirfylgni viðskiptasambanda
- Umsjón með innkaupum og birgðahaldi
- Umsjón með starfsmannamálum
- Stuðla að jákvæðum starfsanda og starfsumhverfi

Nánari upplýsingar um starfið gefur Hinrik Hjörleifsson á hinrik@husa.is

Við hvetjum öll áhugasöm til þess að sækja um, óháð kyni.

Framúrskarandi fyrirtæki 2017 2021 · 2017 2022 Excellent in Iceland

Sótt er um á: www.husa.is/laus-storf
Umsóknarfrestur er til 3. janúar 2023.
Skannaðu kóðann og skoðaðu starfið

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Leikskólinn Akrar
- Deildarstjóri
- Leiðbeinandi
- Leikskólakennari

Leikskólinn Bæjarból
- Leikskólakennari

Leikskólinn Mánahvoll
- Háskólamenntaður starfsmaður
- Leiðbeinandi
- Leikskólakennari

Leikskólinn Sunnuhvoll
- Leikskólakennari

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

GARÐABÆR
gardabaer.is

Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

Spennandi sérfræðistörf á sviði skatteftirlits og skattrannsókna

Skatturinn leitar að öflugum liðsauka til starfa á starfsstöð Skattsins í Reykjavík og til að slást í hóp skemmtilegra starfsmanna á eftirlits- og rannsóknasviði.

Við störf eftirlits- og rannsóknasviðs er lögð áhersla á fagmennsku í öllum verkum. Allar aðgerðir sviðsins miða að því að styrkja tekjuöflun hins opinbera, fyrirbyggja og upplýsa skattundanskot og önnur brot á skattframkvæmd auk þess að stuðla að upprætingu peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka. Við öflugt skatteftirlit og -rannsóknir er áhersla lögð á að nýta nýjustu tækni á hverjum tíma, þ. á m. gagnagrunna, gervigreind og stafrænar lausnir.

Helstu verkefni sviðsins felast í úrvinnslu eftirlits- og rannsóknaverkefna þar sem til skoðunar eru möguleg skattundanskot eða önnur skattalagabrot, einstaklinga og lögaðila. Enn fremur endurákvörðun opinberra gjalda þegar við á og beiting viðurlaga vegna upplýstra brota.
Í boði eru stöður sérfræðings í áhættugreiningu og -mati, sérfræðings í milliverðlagningu og sérfræðings í skattrannsóknum með áherslu á skattundanskot tengd peningaþvætti. Starfshlutfall er 100%.

Sérfræðingur í áhættugreiningu og -mati

Helstu verkefni
- Þróun áhættugreiningar, -mats og -stjórnunar við skatteftirlit og skattrannsóknir.
- Mótun stefnu, stýringa og verkferla byggða á áhættumati.
- Samskipti og samvinna við sérfræðinga þvert á svið Skattsins, þ. á m. við gagnavísindateymi þess.
- Samskipti við erlend skattyfirvöld vegna áhættugreiningar og -mats.

Kröfur til menntunar og reynslu
- Viðeigandi háskólamenntun, t.d. á sviði verkfræði, tölvunarfræði eða viðskiptafræði (lágmark er B.S./B.A. gráða en meistaragráða er æskileg).
- Þekking og reynsla af áhættugreiningu, -mati og -stjórnun er nauðsynleg.
- Þekking og reynsla á almennri skattframkvæmd og málsmeðferð er æskileg.
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun er kostur.

Sérfræðingur í milliverðlagningu

Helstu verkefni
- Eftirlit með viðskiptum tengdra lögaðila yfir landamæri.
- Greining og mat á óeðlilegri verðlagningu í viðskiptum skjólunarskyldra lögaðila.
- Annast málsmeðferð í ágreiningsmálum.

Kröfur til menntunar og reynslu
- Viðeigandi háskólamenntun, t.d. á sviði reikningsskila, hagfræði eða lögfræði (lágmark er B.S./B.A. gráða en meistaragráða er æskileg).
- Þekking og reynsla á almennri skattframkvæmd og málsmeðferð er nauðsynleg.
- Þekking og reynsla á sviði reiknings- eða skattskila er nauðsynleg.

Sérfræðingur í skattrannsóknum tengdum peningaþvætti

Helstu verkefni
- Rannsókn ætlaðra skattundanskota og annarra skattalagabrota.
- Þátttaka í rannsóknaraðgerðum, þ. á m. húsleitum og skýrslutökum.
- Annast málsmeðferð, þ. á m. gagna- og upplýsingaöflun.
- Ritun skýrslna um framkvæmd og niðurstöður rannsókna.

Kröfur til menntunar og reynslu
- Viðeigandi háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði viðskiptafræði, lögfræði eða hagfræði (lágmark er B.S./B.A. gráða en meistaragráða er æskileg).
- Þekking og reynsla á almennri skattframkvæmd og málsmeðferð er æskileg.
- Þekking og reynsla á sviði stjórnsýsluréttar og refsiréttar er kostur.
- Þekking og reynsla á svið laga og reglna er varða peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka er kostur.

Almennar kröfur um hæfni til starfanna
- Gott vald á íslensku í töluðu og rituðu máli er skilyrði, önnur tungumálakunnátta er kostur.
- Góð greiningarhæfni.
- Lipurð og færni í mannlegum samskiptum.
- Öguð, nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð.
- Frumkvæði, metnaður og geta til að vinna undir álagi.
- Jákvæðni og rík þjónustulund.
- Samstarfshæfni sem og reynsla og færni af teymisvinnu.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Hreint sakavottorð.

Sótt er um störfin á *skatturinn.is* eða *starfatorg.is*. Ferilskrá þarf að fylgja, auk kynningarbréfs með upplýsingum um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila o.fl. sem máli skiptir svo að umsókn teljist fullnægjandi. Umsækjendum um störf hjá Skattinum kann að vera gert að leysa verkefni í ráðningarferlinu sem kæmu, auk annarra þátta, heildstætt inn í mat á hæfni þeirra til viðkomandi starfa. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Nánari upplýsingar um störfin veitir
Bryndís Kristjánsdóttir í síma 442-1000 eða í tölvupósti á *bryndis.kristjansdottir@skatturinn.is*

Gildi skattsins eru fagmennska, framsækni og samvinna og eru þau ávallt haft til viðmiðunar við ráðningar í störf hjá Skattinum.

Skatturinn

442 1000

Upplýsingaver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

JAFNLAUNAVOTTUN
2020 - 2023



Vélvirki óskast

Golfklúbburinn Keilir er einn stærsti golfklúbbur landsins. Golfvöllurinn er þekktur fyrir góða umhirðu og því mikilvægt að vélar klúbbsins séu ávallt í góðu ásigkomulagi svo hægt sé að viðhalda þeim gæðum sem meðlimir og aðrir kylfingar búast við.

Starfssvið:
Umsjón á viðhaldi alls vélaflota golfklúbbsins, frá smátækjum til dráttarvéla.
Sjá til þess að vélafloti klúbbsins sé starfshæfur og fullgildi allar öryggiskröfur.
Umsjón með innkaupum á varahlutum og varahlutalager
Umsjón með útseldri bryningarþjónustu klúbbsins
Umsjón með umhirðu á verkstæði og vélahúsi

Menntunar- og hæfniskröfur:
Menntun á sviði bifvélavirkjunar eða sambærilegt
Reynsla af viðhaldi glussa drifinna tækja, smávéla, raftækja og venjulegra bifreiða
Geta haldið bókhald um viðhald tækja og séð um pantanir á varahlutum
Góð enskukunnátta

Viðkomandi þarf að búa yfir mikilli hæfni í mannlegum samskiptum. Hafa hæfni til þess að vinna sjálfstætt.

Mjög mikilvægt er að viðkomandi sé snyrtilegur í umgengni og skipulagður í sinni vinnu.

Umsóknarfrestur er til og með 12. janúar 2023.
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að senda umsókn á **baddi@keilir.is**

Starfsferilsskrá skal fylgja umsóknum



job
Finnum draumastarfið saman

Erum við
að leita **að þér?**



Skólastjóri Lundarskóla

Staða skólastjóra í Lundarskóla er laus til umsóknar.
Leitað er að bjartsýnum og lausnamiðuðum einstaklingi með mikinn metnað, sem sýnt hefur árangur í störfum sínum og leggur áherslu á velferð og framfarir nemenda í góðu samstarfi við starfsfólk og foreldra.
Skólastjóri stýrir og ber ábyrgð á faglegri þróun, daglegum rekstri, mannauðsmálum og annarri starfsemi skólans og að skólastarf sé í samræmi við lög og reglugerðir.

Lundarskóli er staðsettur við Dalsbraut og er fjöldi nemenda um 460 og 65 starfsmenn.
Í skólanum er unnið með SMT skólafærni, heilsueflandi skóla og hugmyndafræði um lærdómssamfélag.
Einkunnarorð skólans eru ábyrgð, virðing og vellíðan.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. febrúar 2023 eða skv. samkomulagi.

Sjá nánari upplýsingar um starfið á heimasíðu Akureyrarbæjar www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.

Umsóknarfrestur er til og með 22. desember 2022.

Akureyrarbær

Geislagata 9 Sími 460 1000 www.akureyri.is akureyri@akureyri.is

Samgöngustofa



Viltu vera samferða okkur?

Fagstjóri í fjármáladeild Samgöngustofu

Samgöngustofa leitar að öflugum starfsmanni í fjármáladeild stofnunarinnar. Leitað er að einstaklingi með viðskiptafræðimenntun eða viðurkenndum bókara með haldgóða reynslu og þekkingu á fjárhagsbókhaldi. Starfshlutfall er 100%.

Í boði er spennandi starf á eftirsóknarverðum og framsæknum vinnustað í alþjóðlegu umhverfi. Við byggjum á liðsheild og bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.

Nánari upplýsingar um starfið:
www.samgongustofa.is/storf

Umsóknarfrestur
er til **19. desember 2022.**

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár

HAGVANGUR



Skatturinn leitar að metnaðarfullum ástríðukokki

Skatturinn leitar að framsæknum og skemmtilegum matreiðslumeistara með brennandi ástríðu fyrir matargerð til að annast rekstur mötuneytis Skattsins og Fjársýslunnar í nýjum höfuðstöðvum að Katrínartúni 6. Um einstakt tækifæri er að ræða fyrir hinn eina rétta ástríðukokk því ekki eingöngu felst í starfinu að eignast allt að 500 frábæra fastagesti heldur gefst viðkomandi færi á að taka þátt í að móta uppbyggingu hins nýja mötuneytis. Um er að ræða fjölbreytt og spennandi dagvinnustarf.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Uppbygging og rekstur mötuneytis.
- Umsjón með gerð matseðla, innkaupum og vinnuskipulagi annarra starfsmanna í eldhúsi.
- Matseld og framreiðsla í hádegi.
- Umsjón með veitingum á ýmsum starfsmannatengdum viðburðum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Gerð er krafa um að viðkomandi sé matreiðslumeistari.
- Reynsla af stjórnun eldhúsa/mötuneyta er æskileg.
- Áhugi á fjölbreyttri og hollri matargerð.
- Góð framkoma og rík þjónustulund.
- Sjálfstæði, hugmyndaauðgi og skipulögð vinnubrögð.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Snyrtimennska er áskilin.
- Hreint sakavottorð.

Umsóknir skulu fylltar út á vefsíðu Skattsins, *skatturinn.is* eða á vefsíðu Starfatorgs, *starfatorg.is.* Ferilskrá, auk kynningarbréfs, sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila og annað er máli skiptir þarf að fylgja með svo umsókn teljist fullnægjandi. Umsækjendum um störf hjá Skattinum kann að vera gert að leysa verkefni í ráðningarferlinu sem kæmu, auk annarra þátta, heildstætt inn í mat á hæfni þeirra til viðkomandi starfa.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert. Starfshlutfall er 100%. Skatturinn hvetur fólk af öllum kynjum til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 31. desember 2022 og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningar. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ásgeir Heimir Guðmundsson í síma 442-1000 eða í tölvupósti á netfangið *asgeir.heimir.gudmundsson@skatturinn.is*

Meginhlutverk Skattsins er að leggja grunn að samfélagslegri þjónustu með því að tryggja tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga. Með virku eftirliti, rannsóknum og tollgæslu stuðlar Skatturinn að jafnræði og virkri samkeppni og leggur sitt af mörkum til að vernda samfélagið. Gildi Skattsins eru fagmennska, framsækni og samvinna og eru þau ávallt höfð til viðmiðunar við ráðningar í störf hjá Skattinum.

Skatturinn
skatturinn.is

Upplýsingaver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

JAFNLAUNAVOTTUN
2020 - 2023

Safnaðu fyrir leikjatölvunni

Póstdreifing

Þetta dreifir sér ekki sjálft. Sæktu um hér

job

Finnum draumastarfið saman



Erum við að leita **að þér?**

Framkvæmdastjóri þjónustu, sölu- og markaðsmála Vodafone

Við leitum að öflugum og framsýnum leiðtoga sem brennur fyrir þjónustu, þrífst á árangri og vill taka þátt í að skrifa næsta kafla í sögu leiðandi vörumerkis á Íslandi.

Ábyrgðarsvið:

- Þjónusta og þróun þjónustustefnu á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði
- Árangursrík sölustefna og öflug eftirfylgni með sölumarkmiðum
- Markaðssókn og áframhaldandi uppbygging vörumerkis Vodafone á Íslandi
- Stefnumótun, áætlanagerð og markaðssetning á sviði þjónustu, sölu og markaðsmála Vodafone
- Uppbygging öflugrar liðsheildar og hvetjandi menningar til vaxtar
- Leiðtogi kjarnasviðsins Vodafone – Fjarskipti og situr í framkvæmdastjórn Sýnar

Umsóknarfrestur er til og með 11. desember nk. Nánari upplýsingar veita Andrés Jónsson, andres@godsamskipti.is og Alda Sigurðardóttir, aldas@vodafone.is

Einungis er tekið á móti umsóknum í gegnum ráðningavefinn okkar, radningar.syn.is

vodafone

Sérfræðingar óskast í fjölbreytt störf

Fjársýslan leitar að öflugum sérfræðingum til að vinna að fjölbreyttum verkefnum við framþróun fjármála- og mannauðsmála ríkisins. Um framtíðar störf er að ræða á vinnustað sem leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu, sveigjanlegt vinnuumhverfi og sterka liðsheild.

Sérfræðingur mannauðs og launa

Helstu verkefni og ábyrgð

- Greining á tækifærum til umbóta
- Framþróun ferla, verklags og stafrænna verkefna
- Fræðsla, ráðgjöf og miðlun upplýsinga
- Upplýsingavinnsla úr launakerfinu og vöruhúsi gagna
- Undirbúningur, keyrslur og skil launagagna
- Samskipti við ríkisaðila, birgja og aðra hagaðila
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af vinnslu og greiningu gagna
- Þjónustumiðað viðhorf og framúrskarandi skipulagshæfni
- Frumkvæði, drifkraftur og samskiptafærni
- Mjög góð greiningarhæfni, gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun
- Reynsla og þekking á sviði upplýsingatækni og stafrænnar þróunar er kostur
- Reynsla af mótun og stýringu umbreytingaverkefna er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar veita

Helga Jóhannesdóttir
forstöðumaður - 545 7500
helga.johannesdottir@fjs.is

Pétur Ólafur Einarsson
mannauðsstjóri - 545 7500
petur.einarsson@fjs.is

Sérfræðingar í bókhaldi

Helstu verkefni og ábyrgð

- Yfirferð og staðfesting reikninga ráðuneyta, stofnana og fjárlagaliða
- Umsjón og eftirlit með bókhaldi tiltekinna ráðuneyta, stofnana og fjárlagaliða
- Afstemmingar og uppgjör á bókhaldi
- Framþróun ferla, verklags og stafrænna verkefna
- Fræðsla, ráðgjöf og miðlun upplýsinga

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi, háskólamenntun í viðskiptafræði kostur
- Nám til viðurkenningar bókara er kostur
- Góð þekking og reynsla af bókhaldsvinnu er skilyrði
- Þekking á Oracle er kostur
- Góð kunnátta á Excel og helstu notendaforrit
- Nákvæm vinnubrögð, greiningarhæfni, gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun
- Frumkvæði, drifkraftur og samskiptafærni
- Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar veita

Bjarkey Rut Gunnlaugsdóttir
forstöðumaður - 545 7500
bjarkey.r.gunnlaugsdottir@fjs.is

Pétur Ólafur Einarsson
mannauðsstjóri - 545 7500
petur.einarsson@fjs.is

Vörustjóri hugbúnaðarlausna

Helstu verkefni og ábyrgð

- Greining á tækifærum til umbóta og nýsköpunar
- Virk þátttaka í uppbyggingu tækniinnviða og stafrænnar þjónustu
- Fræðsla, ráðgjöf og miðlun upplýsinga
- Samskipti við ríkisaðila, birgja og aðra hagaðila
- Upplýsingavinnsla úr fjárhags- og mannauðskerfum og vöruhúsi gagna
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Þjónustumiðað viðhorf og framúrskarandi skipulagshæfni
- Þekking á vörustýringu stafrænna lausna og brennandi áhugi á stafrænni vöruþróun
- Reynsla af greiningum og árangursmælingum
- Mjög góð greiningarhæfni, gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun
- Frumkvæði, drifkraftur og samskiptafærni
- Reynsla af mótun og stýringu umbreytingaverkefna er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar veita

Sigurjón Einar Þráinsson
forstöðumaður - 545 7500
sigurjon.thrainsson@fjs.is

Pétur Ólafur Einarsson
mannauðsstjóri - 545 7500
petur.einarsson@fjs.is

Frekari upplýsingar um störfin má sjá á Starfatorg.is þar sem jafnframt er sótt um þau. Umsóknarfrestur er til og með 19. desember 2022. Við ráðningu í störfin er farið eftir jafnréttisstefnu Fjársýslunnar. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi milli fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Fjársýslan er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála. Stofnunin veitir ríkisaðilum fjölbreytta þjónustu og ráðgjöf á sviði fjármála og mannauðsmála. Fjársýslan leggur áherslu á að skapa virði fyrir viðskiptavini og greiða leið fyrir bætta þjónustu ríkisins.

Fjársýslan



VERKEFNASTJÓRI GÆÐA- OG FERLAMÁLA

ELKO leitar eftir skipulögðum og kraftmiklum einstaklingi í nýtt starf verkefnastjóra í gæða- og ferlamálum. Í ELKO starfar fjöldi hæfileikaríkra og skemmtilegra einstaklinga sem vinna öll að því að eiga ánægðustu viðskiptavinina á raftækjamarkaði. Til að halda þeirri vinnu áfram óskum við eftir verkefnastjóra sem hefur áhuga á að leiða fjölbreytt verkefni ásamt því að greina tækifæri til að bæta vinnulag og aðferðir í fyrirtækinu.

Starfslýsing:

- Verkefnastýring og samskipti við deildir og samstarfsaðila
- Þarfagreiningar og verkefnalýsingar
- Greina tækifæri til að bæta vinnulag og aðferðir
- Yfirsýn og ábyrgð yfir verkferlum og vinnureglum fyrirtækisins
- Ábyrgð á áhættumati og áhættuskrá fyrirtækisins
- Ábyrgð á utanumhaldi á stefnum fyrirtækisins
- Ábyrgð á utanumhaldi UFS og samfélagsskýrslu fyrirtækisins
- Umsjón með málum tengdum persónuvernd

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð ásamt skilningi á rekstri
- Reynsla af verkefnastjórnun og/eða hönnun ferla
- Tölvukunnátta til að leysa dagleg verkefni
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Frumkvæði og árangursdrifni

ELKO er dótturfélag FESTI sem rekur m.a. N1 og Krónuna. ELKO rekur 5 verslanir og öfluga netverslun og er með skýra stefnu til framtíðar um að eiga ánægðustu viðskiptavinina á raftækjamarkaði. ELKO leitar eftir starfsfólki til að koma með í metnaðarfulla vegferð og er það skilyrði að hafa brennandi áhuga að vilja gera betur í dag en í gær. Lögð er mikil áhersla á starfsmannaánægju, sem er mæld mánaðarlega og er með því hæsta sem gerist á smásölumarkaði. Því til stuðnings er ELKO með öflugt velferðarkerfi sem starfsmenn geta sótt m.a. þjónustu sálfræðinga, heilsufarsskoðanir, líkamsræktarstyrk o.fl. Starfsfólk er einnig með afsláttarkjör í ELKO, Krónunni og N1.

ELKO er á lista CreditInfo yfir framúrskarandi fyrirtæki, fyrirmyndarfyrirtæki VR og handahafi viðurkenningar jafnvægisvogar FKA.

Nánari upplýsingar veitir:

Sófús Árni Hafsteinsson
Viðskiptaþróunarstjóri ELKO
sofus@elko.is

Umsóknarfrestur er til og með **18. desember** og umsóknarferlið fer fram á **elko.is/storf**

ELKO

HH RÁÐGJÖF

VANTAR ÞIG STARFSMANN

Atvinnuauglýsing hjá HH Ráðgjöf kostar aðeins 24.500 kr.*

Og þú getur notað ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum

Fjöldi umsækjenda á skrá

ÓDÝRT, EINFALT OG SKILVIRKT

*Verð er án vsk.

HH RÁÐGJÖF www.hhr.is
Sími: 561 5900 - hhr@hhr.is





Skipulagsstofnun

Umhverfismat framkvæmda

Umhverfismatsskýrsla í kynningu

24.000 tonna fiskeldi í Ölfusi

Geo Salmo hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna umhverfismats fyrirhugaðs allt að 24.000 tonna fiskeldis á landi í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Kynning á umhverfismatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og umhverfismatsskýrsla liggur frammi til kynningar á skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss og hjá Skipulagsstofnun frá **13. desember 2022 til 24. janúar 2023.** Umhverfismatsskýrslan er aðgengileg á vefsíðu stofnunarinnar: **www.skipulag.is.**

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og lagt fram umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **24. janúar 2023** til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Vakin er athygli á kynningarfundi um áform Geo Salmo og umhverfismatið sem fyrirtækið stendur fyrir. Fundurinn er haldinn í Ráðhúsi Ölfuss og hefst kl. 18 miðvikudaginn 14. desember nk.

Minnisvarði í tilefni 50 ára goslokaafmælis – Skipulagslýsing

Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti 1. desember 2022 að kynna skipulagslýsingu fyrir fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 og deiliskipulags vegna uppsetningar minnisvarða í tilefni að þess að 50 ár eru liðin frá lokum Heimaeyjargoss.



Skipulagsgögnin eru til sýnis hjá Umhverfis- og framkvæmdasviði Skildingavegi 5, frá og með 6. desember 2022 til og með 21. desember 2022 og má einnig finna í skipulagsgátt á vefsíðu sveitafélagsins (https://www.vestmannaeyjar.is/ - Skipulagsmál).

Ábendingum og athugasemdum við tillöguna þarf að skila skriflega eigi síðar en 21. desember 2022 í afgreiðslu Umhverfis- og framkvæmdasviðs eða á netfangið dagny@vestmannaeyjar.is

Skipulagsstofnun

Umhverfismat framkvæmda

Álit Skipulagsstofnunar

Efnistaka úr Litla Sandfelli í Þrengslum, Sveitarfélaginu Ölfusi

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111/2021. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og umhverfismatsskýrslu Eden Mining er einnig að finna á vef stofnunarinnar **www.skipulag.is.**

Viðskiptatækifæri
Heildsala með sérvörur

Vegna sérstakra aðstæðna er til sölu öflug heildsala með sérvörur.

Vel rekið fyrirtæki með langa og farsæla rekstrarsögu sem ávallt hefur skilað góðri jákvæðri afkomu.
Einstakt tækifæri fyrir áhugasama aðila og/eða til þess að byggja frekar upp og auka vöruúrval.
Góð viðskiptasambönd og umboð fylgja.
Miklir framtíðarmöguleikar.

Upplýsingar gefur Sveinn Guðmundsson, lögmaður
Fyrirspurnir sendist á sveinn@jural.is



ÚTBOÐ

LAUFEY BAKKI

Svarið ehf. óskar eftir tilboðum í að byggja þjónustuhús og bílastæði við afleggjarann að Landeyjahöfn.

Verkið fellst í að leggja lagnir, steypa sökkla, reisa byggingu úr CLT í kringum tilbúnar salerniseiningar, frágangur innan- og utanhúss, malbikun, hellulögn, Ecoraster, varmadæla og tengingar fyrir hleðslustöðvar á bílastæði. Verkkaupi útvegar CLT og salerniseiningar.

Verkinu er skipt í tvo áfanga:
- Uppsteypa á sökklum og lagnir í jörðu sem skal lokið 27. mars 2023.
- Reising á húsi og fullnaðarfrágangur á því og lóð skal lokið 1. júní 2023.

Stærð þjónustuhús: 1. hæð 419 m² og 2. hæð 127 m²
Stærð þjónustusvæðis: 10.000 m²

Óskað er eftir tilboðum í verkið í heild sinni eins og fram kemur á uppdráttum og lýst í útboðs- og verklýsingu.

Útboðsgögn er hægt að panta hjá TPZ teiknistofu, Kirkjuvegi 23, Vestmannaeyjum, netfang tpz@teiknistofa.is, frá og með miðvikudeginum 14. desember 2022, og verða send á tölvutæku formi til tilboðsgjafa.

Tilboðum skal skila til Svarsins, Síðumúla 1, 108 Reykjavík, fyrir kl. 14:45 föstudaginn 6. janúar 2023, og verða opnuð þar kl. 15:00 sama dag í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Þróttur - Keppnisvöllur. Jarðvinna og hitakerfi,** útboð nr. 15710

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1111
Netfang: utbod@reykjavik.is

ÚTBOÐ

Framkvæmdasýslan Ríkiseignir

RÍKISKAUP

Bygging nr. 1776 á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli.
Endurbætur innanhúss. ÚTBOÐ NR. 21859

Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir og Ríkiskaup, f.h. Landhelgisgæslu Íslands, varnarmálasvið, óska eftir tilboðum í framkvæmdir í byggingu nr. 1776 á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Til þess að komast á verkstað skal verktaki útvega sér aðgangsheimild inn á vinnusvæðið og fylgja öllum öryggis- og aðgangsreglum og fyrirmælum sem gilda fyrir öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli.

Landhelgisgæsla Íslands annast framkvæmd varnartengdra rekstrarverkefna í umboði utanríkisráðuneytisins á grundvelli verksamnings sbr. 7. gr. a. varnarmálalaga nr. 34/2008.

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en 15. maí 2024.

Boðið verður uppá vettvangsskoðun í byggingu 1776, 16. desember 2022 kl: 13:00. Skráning er með þeim hætti að nöfn og kennitölur þeirra einstaklinga þurfa að berast með tölvupósti til gunnar.sigurdsson@fsre.is í síðasta lagi **14. desember 2022, fyrir klukkan 17:00.**

Útboðsgögn verða aðgengileg á www.utbodvefur.is frá og með laugardeginum 10. desember 2022. Tilboðin verða opnuð á TendSign vef Ríkiskaupa 17. janúar 2023 kl. 11:00

Borgartúni 26, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**





Gerðarsafn Kópavogur Art Museum Hamraborg 4 2ØØ Kópavogur

Spennandi tækifæri í hjarta Kópavogs

Gerðarsafn leitar að rekstraraðila veitingasölu í einstöku umhverfi á besta stað í Kópavogi. Veitingasalan í Gerðarsafni er í sólríkri gler–byggingu á neðri hæð safnsins með beinu aðgengi að skjólgóðu útisvæði sem er vinsæll áfangastaður allt árið um kring.





Gerðarsafn stendur fyrir metnaðarfullri sýningardagskrá með megináherslu á samtímalist í glæsilegri byggingu og sækja um 3ØØ.ØØØ gestir menningar–starf svæðisins árlega. Samhliða veitingasölu í Gerðasafni eru möguleikar á að þróa veitingasölu fyrir tónleika í Salnum Tónlistarhúsi.

Spennandi tækifæri fyrir rétta aðila að þróa veitingareksturs í lifandi og skapandi umhverfi.

Ítarlegar upplýsingar má finna á síðu Gerðarsafns: www.gerdarsafn.is
Umsóknarfrestur er 4. janúar 2Ø23.

LANDMARK FASTEIGNAMIÐLUN
Hlíðasmára 2, 201 Kópavogi
Sími 512 4900



BRÚARFLJÓT 5 - 270 MOS.
TIL SÖLU / BESTA FERMETRAVERÐIÐ Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

EINKAR VÖNDAÐ ATVINNUBIL Á FRÁBÆRUM STAÐ / SÍÐASTA BILIÐ
- Stærð 216 fm. endabil
- Malbikuð og afgirt lóð með öryggishliðum.
- Gönguhurðir og gluggar bæði að framan og aftan
- Stórar innkeyrsluhurðir 4 m x 4,2m

V. 84,9 millj.

Laust við kaupsamning



ÞÓRARINN
Löggiltur fasteignasali.
s. 770-0309

EIGNAMIÐLUN



Bílvogur ehf, **Auðbrekku 17** 200 Kóp

Til sölu Bílaverkstæðið Bílvogur ehf, rekstur þess og allar eignir, þar á meðal öll tæki og búnaður sem er í dag í húsnæði félagsins.

Félagið er selt skuldlaust til flutnings úr núverandi húsnæði.

Verð tilboð



Ólafur H. Guðgeirsson
MBA Rekstrarhagfræðingur og löggiltur fasteignasali
olafur@eignamidlun.is
663 2508

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**

EIGNAMIÐLUN



Birkigrund 46 200 Kópavogur

Raðhús - aukaíbúð- bílskúr | 221 fm | 6 herb.

148.900.000



Þóra Birgisdóttir
Löggiltur fasteignasali
thora@eignamidlun.is
777 2882

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**

intellecta.is
RÁÐNINGAR



intellecta

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

EIGNAMIÐLUN

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**



Bjarmaland 19

108 Reykjavík

Einbýli | 291 fm | 6 herb.



Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali og framkvæmdastjóri
kjartan@eignamidlun.is
824 9093

259.000.000



Hrefnugata 9

105 Reykjavík

Einbýli | 304,3 fm | 7 herb.



Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali og framkvæmdastjóri
kjartan@eignamidlun.is
824 9093

224.900.000



Blikanes 16

210 Garðabær

Einbýlis – tvöfaldur bílskúr | 377 fm | 7 herb.



Þóra Birgisdóttir
Löggiltur fasteignasali
thora@eignamidlun.is
777 2882

275.000.000

OPIÐ HÚS
13.des. 12:00-13:00



Vatnsendablettur 247

203 Kóp

Einbýli, lóðarstærð 4.868 fermetrar | 300,6 fm | 6 herb.



Ólafur H. Guðgeirsson
MBA Rekstrarhagfræðingur og löggiltur fasteignasali
olafur@eignamidlun.is
663 2508

Tilboð



Sogavegur 152

108 Reykjavík

Parhús | 104.8 fm | 5 herb.

66.900.000



Unnar Kjartansson
Löggiltur fasteignasali
unnar@eignamidlun.is
867 0968

OPIÐ HÚS
12. des 12:15-12:45



Eskiás 1

210 Garðabær

Fjölbýli | 70,2 fm | 3 herb.

66.900.000



Bjarni T. Jónsson
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
bjarni@eignamidlun.is
895 9120

OPIÐ HÚS
10. des. 13:00-13:30



Kársnesbraut 13

200 Kópavogi

Fjölbýli, sérinngangur | 117,7 fm | 4 herb.

76.900.000



Kári Sighvatsson
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
kari@eignamidlun.is
899 8815

Glæsilegar **nýjar** íbúðir
í Vesturbænum



OPIÐ HÚS
sunnudaginn
11. desember
kl. 13.30 - 15

Dunhagi 18-20
107 Reykjavík



Nýuppgert lyftuhús í Vesturbæ Reykjavíkur, einu rótgrónasta og vinsælasta hverfi borgarinnar. Í húsinu verða **alls 21 íbúð** á 4 hæðum auk kjallara, en stærð íbúða er á bilinu: **45–160 fm**. Þá verður einnig um **400 fm verslunar og þjónusturými** á jarðhæð hússins. Afhending í **desember 2022**.

NÝTT í sölu





Nokkur dæmi um íbúðir**, verð frá 48,9-119,9 millj.**



403 | 4 Herbergja
Stærð 94,8 fm
Geymsla 8,0 fm
Svalir 16,4 fm
Verð **99,9 m**



401 | 3 Herbergja
Stærð 84,1 fm
Geymsla 16,5 fm
Svalir 11,7 fm
Verð **89,9 m**



201 | 3 Herbergja
Stærð 64,6 fm
Geymsla 7,8 fm
Svalir 4,7 fm
Verð **64,9 m**



302 | 1 Herbergja
Stærð 45,8 fm
Geymsla 7,8 fm
Svalir 4,2 fm
Verð **49,9 m**



304 | 4 Herbergja
Stærð 97,8 fm
Geymsla 9,9 fm
Svalir 5,1 fm
Verð **89,9 m**



105 | 5 Herbergja
Stærð 140,1 fm
Svalir 4,7 fm
Geymsla 10,2 fm
Verð **119,9 m**



204 | 2 Herbergja
Stærð 48,2 fm
Geymsla 7,8 fm
Svalir 5,1 fm
Verð **51,9 m**



206 | 2 Herbergja
Stærð 52,8 fm
Geymsla 7,8 fm
Svalir 5,1 fm
Verð **54,9 m**



103 | Verslunar og þjónusturými
Stærð 202,4 fm
Geymsla 33,8 fm



102 | Verslunar og þjónusturými
Stærð 221,4 fm fm
Geymsla 52,8 fm

Hverfið býður upp á góða vistvæna samgöngu möguleika, stutt í meginleiðir almenningssamgangna og liggja góðir hjólreiða- og göngustígar í allar áttir. Nálægðin við sjóinn er eitt af helstu sérkennum hverfisins sem býður upp á fjölbreytta útivistarmöguleika meðfram sjávarsíðunni og einstakt útsýni. Hverfið er fjölskylduvænt en skólar á öllum stigum eru í nálægð og opin leiksvæði. Einnig er stutt í alla helstu þjónustu, verslanir og afþreyingu.

Hafðu samband við Jason í síma 775 1515 og fáðu allar nánari upplýsingar



Jason
Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

MIKLABORG | Með þér alla leið

Framúrskarandi fyrirtæki

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar



Falleg 79,6 fm 3ja herbergja íbúð á 7. hæð (næst efstu) miðsvæðis í Kópavogi. Verð: **59,9 millj.**

- 2 svefnhergi, nýlegt parket
- Sjónvarpshorn, eldhús, stofa og yfirbyggðar svalir
- Sérgeymslu í kjallara ásamt hjóla- og vagnageymslu

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



Ný 80 fm endaíbúð á 2.hæð hæð, lyfta

- 2-3 rúmgóð svefnherbergi
- Stór stofu og eldhús
- Svalir. Geymsla með glugga
- Skilast fullbúin án gólfefna en votrými flísalögð
- Afhending í mars 2023

Verð: **63,2 millj.**

Nánari upplýsingar:
s. 770 0500 **Íris Arna Geirsdóttir** löggiltur fasteignasali



Falleg og vel skipulögð 93,5 fm 3ja herb. íbúð með sérafnotarétti Verð: **82,9 millj.**

- Tvö svefnherbergi
- Eldhús er opið inn í stofu með vandaðri innréttingu og tækjum
- Sér geymsla
- Stæði í lokaðri bílageymslu

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



5 íbúðarhús á 3,3 ha landi við Þingvallaveginn auk 5 ha lands Verð: **395 millj.**

- **Hús 1** 172,2 fm timburhús
- **Hús 2** 493,8 fm timburhús. **Hús 3** 121,4(150)fm timburhús
- **Hús 4** 98,4 m2 timburhús. **Hús 5** 152,3 m2 timburhús
- Tjaldanesi fylgir einnig 5 hektara land, Laugaból 1

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



Fallegt 216 fm einbýli með bílskúr á rólegum stað í Breiðholtinu Verð: **105,9 millj.**

- 5 svefnherbergi
- Tvær stofur, 2 baðherbergi. Eldhús og sjónvarpshol
- Neðri hæð er 41,7 fm með sérinngangi og möguleiki að gera studíóíbúð

Nánari upplýsingar:
s. 770 0500 **Íris Arna Geirsdóttir** löggiltur fasteignasali



Falleg og vel skipulögð 99,4 fm 3 herb. íbúð á 2. hæð í nýju lyftuhúsi Verð: **86,9 millj.**

- Tvö svefnherbergi með fataskápum
- Eldhús er opið inn í stofu og er með vandaðri innréttingu og tækjum, ásamt 6,1 fm svölum
- Sérgeymsla og stæði í bílageymslu

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



Glæsileg 166 fm 5 herb.útsýnisíbúð á efstu hæð + 46 fm þaksvalir Verð: **123,9 millj.**

- Stórkostlegu útsýni.
- Steinn á borðplötu, glæsilegar innréttingar og tæki
- 4 svefnherbergi. 2 baðherbergi. Sér geymsla á 1. hæð
- Bílskúr sem er 22,4 fm

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



Fallegt og virðulegt 283 fm einbýlishús á 3 hæðum með bílskúr á 755 fm lóð Verð: **199,9 millj.**

- Húsið stendur ofarlega í stórum garði
- Efsta hæð með þremur svefnherbergjum ásamt hjónasvítu
- Miðhæð með glæsilegu endurnýjuðu eldhúsi
- Kjallari með þremur svefnherbergjum

Nánari upplýsingar:
s. 695 5520 **Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali
s. 899 5856 **Gunnar S. Jónsson** löggiltur fasteignasali



Góð 113 fm 4ra herbergja íbúð á jarðhæð

- Þrjú rúmgóð svefnherbergi
- Barnvænt hverfi, stutt í skóla
- Sérgeymsla og sameiginleg hjóla- og vagnageymsla
- Stæði í bílgeymslu

Verð: **63,2 millj.**

Nánari upplýsingar:
s. 695 5520 **Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali



Glæsileg 3-4 herbergja 141 fm íbúð í lyftuhúsi með frábæru aðgengi Verð: **109,9 millj.**

- Stórar stofur og gott alrými
- Hjónaherbergi, ásamt aukaherbergi. Rúmgott baðherbergi
- Útsýni út á ylströnd. Tvennar svalir. Geymsla með glugga.
- Stæði í bílageymslu

Nánari upplýsingar:
s. 845 8958 **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali



Fallegt og vel skipulagt 156,3 fm parhús með stórum garði í Grafarvogi Verð: **119 millj.**

- 3 svefnherbergi, sjónvarpsherbergi
- Eldhús, gestasnyrting, stofa, borðstofa, eldhús, baðherbergi, þvottahús innan bílskúrs, bílskúr/geymsla og glæsilegur garður
- Sólskáli og lokaðar geymslur í garði (ekki í fermetratölu)

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



Ný 4ra herbergja íbúð 116 fm íbúð á fyrstu hæð með sérafnotarétti Verð: **65,9 millj.**

- Alrými með stofu, borðstofu og eldhúsi
- Þrjú svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús
- Sérgeymsla með glugga á jarðhæð
- Eignin verður afhent við kaupsamning

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



Einstaklega fallegt og sjarmerandi hús sem hefur verið endurbyggt á s.l. 25 árum Verð: **133,5 millj.**

- 168,2 fm kjallari, hæð og ris
- Stórt eldhús með borðstofu, þrjár glæsilegar stofur
- Fjögur svefnherbergi og baðherbergi með glugga

Nánari upplýsingar:
s. 845 8958 **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali



Glæsilegt nýlegt 200 fm parhús í Urriðaholti Verð: **170 millj.**

- Glæsilegt alrými með mikilli lofthæð í stofu og gólfsíðir gluggar
- Útgengt út á suður svalir úr stofu. Glæsilegt opið eldhús
- Þrjú stór svefnherbergi
- Heitur pottur á pallinum

Nánari upplýsingar:
s. 845 8958 **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali



Fallegt og mikið endurnýjað 40,5 fm sumarhús í Öndverðarnesi Verð: **35 millj.**

- Hitaveita og lokað svæði m. rafmagnshlið.
- Húsið er 40,5 fm auk svefnlofts 17 fm. Ný eldhúsinnrétting og parket á alrými. Nýlega hefur verið sett hitaveita í húsið. Húsið er fallegt notalegt hús sem gengið hefur verið vel um. Góð verönd og lóðin kjarri vaxin

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali

MIKLABORG | Með þér alla leið

Framúrskarandi fyrirtæki

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar



Þurrktæki
frá kr
44.990

RAKIR GLUGGAR?

VEGGLÚGUR
FELDU BAK VIÐ FLÍSAR



Verð frá: 2.090 kr



Tilboð 21.990 kr
(var 23.075 kr)

Jet 1 - 105 cm

HITAVÍR - KIT
Í ÞAKRENNUR 5-10-15-25 M



Verð frá: 14.445

KRAFTVIFTUR
ÖFLUGAR GÓLFVIFTUR



Tilboð 14.990 kr
(var 19.428 kr)

FRAMKVÆMDAVIFTA
ÚTSOGSVIFTA - DRAGÐU ÚR RYKI



Tilboð 40.000 kr
-án barka (var 51.032 kr)

RAKAMÆLIR



Tilboð 2.990 kr
(var 4.590 kr)

ÍSHÚSIÐ - LOFTRÆSTIBÚÐIN Á SMIÐJUVEGI 4A, GRÆN GATA

íshúsið **viftur.is**

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

EIGNAMIÐLUN

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími **588 9090** | **eignamidlun.is**

OPIÐ HÚS LAUGARDAG KL. 14-15







Dunhagi 18-20 - 107 Reykjavík

Til sölu íbúðir í nýuppgerðu lyftuhúsi í Vesturbæ Reykjavíkur, einu rótgrónasta og vinsælasta hverfi borgarinnar.

Í húsinu verða alls 21 íbúð á 4 hæðum auk kjallara, en stærð íbúða er á bilinu: 45–160 fm.

Þá verður einnig um 400 fm verslunar og þjónusturými á jarðhæð hússins.

Afhending í desember 2022.



Kári Sighvatsson
Löggiltur fasteignasali og lögfræðingur
899 8815



Herdís Valb. Hölludóttir
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
694 6166



Unnar Kjartansson
Löggiltur fasteignasali
867 0968



Brynjar Þór Sumarliðason
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
896 1168


KARI TRAA
ÞÚ FINNUR JÓLAGJAFIRNAR Í SPORTÍS!
SPORTÍS
SPORTIS.IS
520-1000
SKEIFAN 11
108 REYKJAVÍK

Mitt allra mest uppáhalds C-vítamín

Berglind Gerða Sigurðardóttir er sölustjóri hjá KAVITA og hefur starfað í heilsugeiranum í fjöldamörg ár. Berglind býr í Grafarvogi og á þrjú börn. Hún hefur mikinn áhuga á almennri heilsu, mataræði, hreyfingu og fæðubótarefnum.



Berglind Gerða Sigurðardóttir er sölustjóri hjá KAVITA og hefur starfað í heilsugeiranum í fjöldamörg ár. MYNDIR/AÐSENDAR

Berglind hefur stúderað fæðubótarefni, steinefni og allt sem tengist slíkum efnum í mörg ár. Hún segir mikið leitað til sín til að fá ráð varðandi slíkt.

„Þegar vinkonur mínar standa í heilsurekkanum í búðinni og vita ekki hvað þær eiga að velja hringja þær í mig til að fá ráðgjöf," segir Berglind.

„Það skiptir líka máli hvenær dags á að taka inn fæðubótarefni og það er umræða sem ég hef mikinn áhuga á og er alltaf til í að ræða."

„Ég hef tekið vítamín í mörg ár og er líklega búin að prófa meira en flestir. Ég hef tekið mikið af bætiefnum en einhverra hluta vegna er C-vítamínið alltaf mitt uppáhaldsefni. Mér finnst margir gleyma C-vítamíninu, en það er ótrúlega mikilvægt að muna eftir þessu lykilvítamíni bæði út af andoxunarefnum sem eru frábær fyrir húðina og fyrir góðan svefn. Ég legg til dæmis mikla áherslu á að benda vinkonum mínum á að taka C-vítamínið á kvöldin, þannig virkar það langbest. Mér finnst eins og sumir á mínum aldri haldi að C-vítamín sé bara eitthvað sem var trend í gamla daga og fólk jafnvel ekkert að spá í það, en þetta má ekki gleymast."

Hefur ofurtrú á C-vítamíni

Berglind segir að C-vítamín sé mikilvægt næringarefni sem gegnir hlutverki í viðhaldi vefja og framleiðslu á tilteknum taugaboðefnum.

Berglind notar C-vítamín frá GOOD ROUTINE á hverjum degi og hefur alla tíð haft ofurtrú á C-vítamíni.

„Munurinn á þessu C-vítamíni og öðru C-vítamíni er bromelain. Það er efni sem finnst í ananas og hjálpar til við bólgur og styrkir ónæmiskerfið. Það hefur líka reynst vel fyrir tennur og tannhold."

Berglind hefur alla tíð stundað mikla hreyfingu og hugað vel að mataræði og almennri heilsu.

Berglind er sannfærð um að sá lífsstíll stuðli að mun sterkari andlegri heilsu og komi í veg fyrir lífsstílssjúkdóma.

Berglind var því miður ein af þeim sem lenti illa í Covid, varð mjög lasin og lengi að eiga við leiðindaeftirköst.

„Í bataferlinu áttaði ég mig á því hvað það var mikilvægt að fá heilsuna til baka. Þá kom skýrt í ljós hvað það skiptir miklu máli að velja réttan mat og fæðubótarefni til að ná heilsu á ný," segir hún.

„Það sem mér finnst áhugaverðast við C-vítamínið er að ég er alveg laus við alla fótaóeirð og almenna óeirð í líkamanum þegar ég er dugleg að taka C-vítamín. Þar af leiðandi verður svefninn miklu betri. C-vítamínið eykur líka upptöku járns í líkamanum. Þegar við erum undir miklu álagi andlega eða líkamlega er mikilvægt að líkaminn fái C-vítamín. Ég er ekki hrædd við að taka of mikið af C-vítamíni því það er þannig vítamín að líkaminn losar sig við það ef maður tekur of mikið"

Framleiðum ekki C-vítamín

Þetta C-vítamín sem ég er að taka er einstök vara sem veitir öfluga vörn fyrir bæði ónæmiskerfið, öndunarfærin og taugakerfið.

„Þetta er því tilvalin fæðubót fyrir þá sem vilja verjast árstíðabundnum kvefpestum, bæta C-vítamíni í daglegt mataræði og taka inn góð andoxunarefni," útskýrir Berglind.

> **Munurinn á þessu C-vítamíni og öðru C-vítamíni er bromelain. Það er efni sem finnst í ananas og hjálpar til við bólgur og styrkir ónæmiskerfið.**

„Líkaminn getur ekki framleitt C-vítamín sjálfur svo hann þarf að fá það úr fæðu eða með fæðubót. C-vítamínið í C-YOUR-IMMUNITY® er í sínu náttúrulega formi sem gerir það að verkum að upptakan verður mun betri í líkamanum."

Berglind upplýsir að quercetin og hesperidin séu náttúruleg efni sem virka einstaklega vel saman við að draga úr kvef- eða ofnæmiseinkennum, styðja við bólgusvar líkamans og draga úr virkni skaðlegra efnasambanda í líkamanum. Eins og Berglind minntist á áður, inniheldur varan einnig bromelain. Þá tegund ensíms sem kemur úr ananas og hefur eiginleika til þess að styðja við ónæmiskerfið og öndunarfærin. ■

Vörurnar frá Good Routine fást í Krónunni, Hagkaup, Fjarðarkaupum, Lyfjum og heilsu, Apótekaranum og á goodroutine.is



C-vítamínið í C-YOUR-IMMUNITY® er í sínu náttúrulega formi.

Hið fullkomna jólabragð

Sætbökur eða „mince pies" eru örlítið flóknar í gerð en einstaklega jólalegar, bæði sem kaffimeðlæti og eftirréttur.

brynhildur@frettabladid.is



Gaman er að skera út stjörnur eða kristþyrni í lokin til að gefa bökunum enn jólalegra yfirbragð.

Sætbökur eða mince pies eru ómissandi þáttur í bresku jólahaldi síðan á sextándu öld þótt harðstjórinn Oliver Cromwell hafi reynt að banna sætbökuát á skammri valdatíð sinni á sautjándu öld.

Sætbökur voru upphaflega með sætkryddaðri kjötkássu en nú hefur kjötið verið fjarlægt og eftir situr dásamleg sæt kryddsulta sem kölluð er sætket eða mince meat, bökuð inn í gómsætt smjördeig.

Það er kannski smá vesen að gera bökurnar, einkum ef til stendur að gera sætketið sjálf en svo fyllilega þess virði. Það er einkum fyllingin eða sætketið sem gerir bökurnar einstakar, en hún gefur það sem sumum finnst vera hið fullkomna jólabragð af sultuðum ávöxtum, kryddi og koníaki.

Sætbökur

350 g hveiti
225 g ósaltað smjör
1 klípa salt
1 þeytt egg
Kalt vatn eftir þörfum

Fylling:

750 g sætket
Flórsykur til skrauts

Setjið hveiti, smjör og salt í stóra, hreina skál.

Vinnið smjörið inn í hveitið með fingurgómunum þar til blandan minnir á grófan sand. Hrærið egginu saman við með köldum hníf. Setjið vatnið saman við, teskeið í senn þar til deigið helst saman en er ekki klístrað.

Vefjið deigið í plastfilmu og kælið í 15–30 mínútur.

Hitið ofninn í 200°C. Smyrjið form, gott er að nota múffuform en fjöldi bakanna fer eftir stærð formanna.

Sáldrið svolitlu hveiti á vinnubrettið eða borðið og fletjið 2/3 af deiginu út þar til það er um 3 millimetrar að þykkt.

Skerið út hringi sem passa í formin, deigið þarf ekki að ná alla leið upp. Fyllið deigið af sætketi að tveimur þriðju.

Fletjið afganginn af deiginu út í sömu þykkt og skerið út minni hringi til að setja ofan á, annaðhvort lok eða einhver falleg mynstur. Dýfið fingrum í kalt vatn og þrýstið lokunum ofan á bökurnar. Gerið holu í yfirborðið með litlum hníf svo gufan sleppi.

Bakið í 20 mínútur eða þar til deigið er gullinbrúnt. Látið kólna og stráið svo flórsykri yfir.

Sætbökur eru ljúffengar bæði heitar og kaldar, með rjóma, vanillusósu eða jafnvel góðum vanilluís. Þær geymast í viku í loftþéttum umbúðum og eru bæði fallegar og góðar, og um að gera að prófa.

Sætket í bökur

175 g rúsínur
110 g kúrenur
110 g sultaður appelsínu- eða sítrónubörkur, smátt saxað
175 g kókosolía við stofuhita
225 g dökkur púðursykur
½ tsk. ferskt eða þurrkað múskat
2 tsk. kryddblanda (sjá uppskrift)



Sætbökur eru aldagömul bresk hefð og er ómögulegt fyrir flesta Englendinga að ímynda sér jólin án þeirra.

1 sítróna (rifinn börkur og safi)
1 appelsína (rifinn börkur og safi)
1 rautt epli, kjarnhreinsað og smátt saxað
4 msk. koníak

Blandið öllu nema koníakinu saman í eldfast mót og hrærið vel. Breiðið hreint viskastykki yfir og látið liggja yfir nótt. Blandan verður betri sé hún látin bíða.

Hitið ofninn í 110°C.

Hrærið aðeins í, fjarlægið viskastykkið og setjið álpappír yfir formið í staðinn. Látið standa í ofninum í tvo og hálfan tíma. Takið út úr ofninum og látið kólna. Mikilvægt er að hræra öðru hvoru í sætkjötinu svo ávextirnir samlagist sem best á meðan blandan kólnar.

Þegar hún er orðin þokkalega köld hrærið einu sinni enn, hellið koníakinu út í og hrærið aftur.

Fyllið sótthreinsaðar krukkur með köldu sætketi og lokið þeim vel. Geymist upp undir ár á köldum stað.

Kryddblandan

4 tsk. kanill
2 tsk. kóríander
1 tsk. allrahanda
½ tsk. múskat
½ tsk. engifer
¼ tsk. negull

MADSHUS

Madshus gönguskíðin þín fást í GG Sport!

20%
afsláttur af gönguskíða-pökkum!



GG SPORT

Stingum af ...

Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum vörum og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30 – 18, laugardagur 11 - 17, sunnudagur 12 – 16

VARMA samofin íslenskri sögu

Prjónaverksmiðjan VARMA stendur fyrir innlendri hönnun og framleiðslu á ullarvörum úr hágæða lopa sem hefur hlýjað landanum í fjörutíu ár.



Frá vinstri: Sólveig Davíðsdóttir, Birgir Einarsson prjónameistari og Sigrún Unnarsdóttir. Framleiðsluferlið við gerð ullarbands VARMA er eins vistvænt og hugsast getur og kolefnissporinu haldið í lágmarki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

VARMA hefur verið starfandi frá því í upphafi áttunda áratugs síðustu aldar og fagnar fjörutíu ára afmæli í ár með pompi og prakt. „Prjónaiðnaðurinn er hluti af stórmerkilegri iðnsögu Íslendinga, en fáir gera sér grein fyrir umfangi hans gegnum söguna, fyrst sem heimilisiðnaður þar sem fólk handprjónaði vörur til útflutnings og síðar sem vélvædd iðngrein upp úr 1900," segir Sigrún Unnarsdóttir, hönnuður hjá VARMA.

Rík saga ullarinnar

Saga Íslands er samofin sögu prjónaiðnaðarins hér á landi. „Ullin hefur fylgt okkur frá landnámi og ótal sögur eru til af því hvernig hún hreinlega bjargaði mannslífum hér áður fyrr. Það er líka alltaf jafnáhugavert og gaman að heyra af fólki víða um heim, sem stundar útivist við mjög krefjandi aðstæður, dásama íslensku ullina."

Starfsemi VARMA gengur beint inn í þessa ríku hefð. „Við hjá prjónaverksmiðju VARMA erum stolt af því að viðhalda sögunni með framleiðslu á fjölbreyttum lopavörum: húfum, vettlingum, sokkum, teppum, peysum og fleiru. Við vinnum að mestum hluta með íslensku ullina en notum einnig hágæða enska lambsull og vottaða angóruull, en hlýju og góðu angórusokkarnir eru löngu orðnir skyldueign hjá Íslendingum. Við framleiðum fyrir okkar eigið vörumerki VARMA en einnig fyrir aðra eins og Rammagerðina, 66°Norður, Farmers Market og Kormák og Skjöld," segir Sigrún. „Hingað til höfum við verið með athyglina á heimamarkaðinum og erum mjög stolt af því að nánast hvar sem þú ert stödd/staddur á landinu geturðu nálgast VARMA-vörur," segir hún.

Vistvæn og náttúruleg afurð

Framleiðsluferlið við gerð ullarbands VARMA er að sögn Sigrúnar eins vistvænt og hugsast getur. „Eingöngu náttúrulegar uppsprettur eins og hreint vatn og vatnsgufa úr jarðvarma eru notaðar sem orkugjafar við framleiðsluna. Þegar ullin er þvegin er notkun kemískra efna og hreinsiefna haldið í algjöru lágmarki, til að tryggja viðhald náttúrulegrar fitu og að ullin verði hlý, létt og vatnsþolin eins og hún er frá náttúrunnar hendi.

Ull er náttúrlegt efni og þar af leiðandi fyllilega niðurbrjótanleg í náttúrunni. Hún mengar ekki þegar hún er þvegin, ólíkt ýmsum öðrum efnum sem skila í mörgum tilfellum örplasti út í vatnið okkar við þvott. Það gefur auga leið að við viljum hafa náttúrulegt hráefni á líkama okkar frekar en plast, olíu eða önnur efni sem rannsóknir sýna fram á að hafi neikvæð áhrif á heilsu fólks."

Virðing fyrir náttúrunni

VARMA verksmiðja er staðsett í Ármúlanum í miðri höfuðborg, sem er nokkuð óvanalegt fyrir svo stóra framleiðslu. „Einn af stærstu kostum þess að framleiðslan sé hérna í miðri Reykjavík er að okkur þykir ómetanlegt að vita frá A–Ö hvernig varan er framleidd og við hvaða aðstæður. Ullin sem við notum kemur frá sauðfjárbændum í þvottastöð Ístex á Blönduósi og þaðan í spunaverksmiðju Ístex í Mosfellsbæ. Bandið fáum við svo spunnið til okkar í Ármúlann. Kolefnisfótsporið okkar er mun minna en við sambærilegar vörur framleiddar í fjarlægum löndum. Við sköpum störf á Íslandi, viðhöldum sögunni, eflum mannlífið og síðast en ekki síst, berum virðingu fyrir náttúrunni. Við trúum á þess konar verðmætasköpun."

20% afsláttur á aðventunni

„Við viljum endilega hvetja fólk til að heimsækja okkur í verksmiðjuverslunina í Ármúla 31, en prjónaverksmiðjan sjálf er einmitt í sama húsi. Það má því segja að fólk sé að versla beint frá býli. Þar eru allar okkar vörur og á aðventunni bjóðum við upp á 20% afslátt af völdum vörum. Verslunin er opin föstudaga frá 14–18 og laugardaga frá 11–15 fram að jólum.

Þann 22. desember er svo löng opnun hjá okkur til kl. 20.00. Við erum einnig í fjölmörgum verslunum um land allt, Hagkaupum, Pennanum Eymundsson, Samkaupa-kjörbúðunum og fleiri stöðum. Við hlökkum til að sjá ykkur öll," segir Sigrún að lokum.

VARMA verksmiðja og verslun er staðsett í Ármúla 31 og er opin fimmtudaga og föstudaga frá 14–18 og laugardaga frá 11–15 fram að jólum. Þann 22. desember er svo löng opnun til kl. 20.00. Hægt er að nálgast VARMA-vörurnar vítt og breitt um landið á yfir 120 sölustöðum. ■

Reykskynjari er frábær jólagjöf

Aldís Rún Lárusdóttir, sviðsstjóri forvarnasviðs Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, segir að reykskynjarar á heimilum ættu að vera í fyrsta sæti þegar hugað er að öryggi.

elin@frettabladid.is



Aldís Rún bendir á að reykskynjari sé ódýrt tæki sem getur bjargað mannslífum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Aldís Rún segir að í forvörnum fyrir almenning sé mest áhersla lögð á að fólk hafi reykskynjara á heimilinu og að slökkvitæki og eldvarnateppi séu öryggisbúnaður sem ætti að vera sýnilegur á hverju heimili.

„Við setjum reykskynjara í fyrsta sæti. Þeir bjarga mannslífum. Þetta er ódýrt tæki sem getur skipt sköpum ef upp kemur eldur. Það er mikilvægt að reykskynjarar séu í öllum helstu rýmum íbúða. Sérstaklega þar sem eru raftæki og þar sem fólk sefur," segir hún.

„Í flestum reykskynjurum þarf að skipta um rafhlöðu árlega en í dag er líka farið að selja reykskynjara með rafhlöðum sem hafa lengri endingartíma. Það er mikilvægt að fólk skoði vel hvaða búnað það er með og yfirfari hann reglulega.

Sífellt fleiri eiga nauðsynlegan eldvarnabúnað eins og reykskynjara, slökkvitæki og eldvarnateppi. Þó eru því miður ákveðnir hópar sem við höfum áhyggjur af. Könnun Gallup sýnir til dæmis að ungt fólkið á aldrinum 25–34 ára þurfi að bæta sig. Það væri þess vegna flott að bæta reykskynjurum, slökkvitæki og eldvarnateppi á jólagjafalistann fyrir ungt fólk," segir Aldís Rún.

Slökkviliðið hefur lagt áherslu á forvarnastarf, meðal annars með því að heimsækja skóla og fræða börn um helstu atriði í eldvörnum og kenna þeim að nota neyðarnúmerið 112, ef þau þurfa aðstoð. „Einnig er farið á leikskóla þannig að þegar börnin eru komin í 3. bekk þekkja þau nokkuð til," segir Aldís og bætir við að það hafi sýnt sig að fræðslan skilar sér inn á heimilin.

„Börnin fara heim og spyrja: Hvað erum við með marga reykskynjara? Hvar er slökkvitækið okkar? Þetta ýtir við foreldrunum og hvetur þá til að gera betur."

Örugg hleðsla

Núna þegar jólin nálgast er meira um að fólk hafi kveikt á kertum, en Aldís hvetur fólk til að fara sérstaklega varlega í kringum kertaljós.

„Það er mikilvægt að hafa kertin í öruggu umhverfi og víkja ekki frá þeim. En það er ekki bara í kringum jól sem þarf að fara varlega. Það þarf alltaf að huga að eldvörnum," segir hún.

„Hleðsla á raftækjum hefur verið mikið í umræðunni núna. Það er mikilvægt að minna fólk á að hlaða raftæki, eins og til dæmis snjalltæki, síma eða rafhlaupahjól í öruggu umhverfi. Það þarf að hafa þau í hleðslu í rými þar sem er reykskynjari og tækin má aðeins hlaða með búnaði sem ætlaður er til hleðslu á þeim. Látið rafhlöðuna eða hleðslutækin vera á flötu tregbrennanlegu undirlagi og passið að breiða ekki yfir tækin, því þá geta þau ofhitnað. Auk þess ætti ekki að hlaða tæki þegar allir eru sofandi eða enginn til staðar og alls ekki nota skemmda rafhlöðu.

Mikilvægt er að nota ekki skemmdar eða úr sér gengnar jólaskreytingar eða jólaseríur sem eru tengdar rafmagni. Perur þurfa að vera af réttri gerð og styrk, rafmagnssnúrur heilar og notkun í samræmi við leiðbeiningar. Að lokum þarf að passa að ofhlaða ekki fjöltengi og tengja ekki fjöltengi í annað fjöltengi. Skreytingar og rafmagnsbúnaður sem ofhitnar getur valdið íkveikju."

> **Mikilvægt er að nota ekki skemmdar eða úr sér gengnar jólaskreytingar eða jólaseríur sem eru tengdar rafmagni.**

Ef eldur kemur upp

Aldís segir mikilvægt að fólk kunni að bregðast við er eldur kemur upp.

„Þá er aðalatriðið að vera með grunnöryggisbúnað, reykskynjara, slökkvitæki og eldvarnateppi, og beita þeim ef það er óhætt. Einnig viljum við leggja áherslu á að fólk komist út, þekki flóttaleiðirnar og kunni að opna þær," segir hún.

„Það er mikilvægt að bæði börn og fullorðnir kunni að bregðast við. Viti hvert þau ætla að fara og hvar þau ætla að hittast fyrir utan. Eldvarnahandbók heimilisins var gefin út fyrir nokkrum árum og hún stendur fyrir sínu. Þar er farið yfir helstu atriðin. Handbókin er aðgengileg á vef Eldvarnabandalagsins á íslensku, ensku og pólsku en Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins vísar líka í hana á sínum vef og eflaust fleiri." ■

NÝJAR ÍBÚÐIR Á AKRANESI

OPIÐ HÚS 10. DES | KL. 13:00-14:00







TIL AFHENDINGAR VIÐ KAUPSAMNING

OPIÐ HÚS, KL 13-14
LAUGARDAGINN 10. DESEMBER

ASPARSKÓGAR 6

Húsið er 14 íbúða lyftuhús á þremur hæðum. Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar með vönduðum innréttingum, tækjum í eldhúsi og öllum gólfefnum.

Húsið er hannað samkvæmt nútímakröfum; gólfhiti er í öllum íbúðum og mikið er lagt í einangrun og hljóðvist hússins. Hjóla- og vagnageymsla er í sameign og gert er ráð fyrir hleðslustöðvum fyrir rafbíla við húsið.

Húsið er framleitt samkvæmt ISO9001 gæðakerfinu. Framleiðandi hússins hefur jafnframt vottuð umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt ISO14001 og ISO45001 um heilbrigði og öryggi á vinnustað.

Í Asparskógum 6 eru 40-67fm íbúðir með einu eða tveimur svefnherbergjum.

Verð frá 33,9mkr.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á:
fasteignir.is og á fasteignavef mbl.is.
eða sendið netpóst á **hrafnsholl@hrafnsholl.is**

HRAFNSHÓLL
HAGKVÆMAR HÚSNÆÐISLAUSNIR

SÍMI: 537-9500 | HRAFNSHOLL.IS

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Nissan Navara. 8/2017. Diesel. Sjálfskiptur. 4x4. Ekinn aðeins 19.500km. Snyrtilegur pallbíll á flottu verði. Auka vetradekk á alfelgum fylgir. Verð aðeins: 7.690.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Málarar

REGNBOGALITIR EHF
Getum bætt við okkur verkefnum. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994



Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Keypt & Selt

Til sölu





Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir dióðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.





Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Frábær hægindastóll til sölu á góðum kjörum. Uppl. í s. 626 1223

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is







Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055













Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Jól og áramót á

Gran Canaria

19. DESEMBER TIL 2. JANÚAR

14. NÁTTA FERÐ

MEÐ HÁLFU FÆÐI

Fyrir 2

Flug & hótel frá

310.750

á mann

Fyrir 4

Flug & hótel frá

259.350

á mann

Flugsæti

Flug báðar leiðir

139.900

BÓKAÐU SÓL
ALLUR PAKKINN

Íslensk fararstjórn, taska og handfarangur innifalið.

Heimsferðir 595 1000 www.heimsferdir.is

Fáðu meira út úr fríinu



Arna Ósk skilar skömminni til þeirra sem hana eiga, í tengslum við Límbandsmálið svokallaða, í leikskólanum Hörðuvöllum í Hafnarfirði á tíunda áratug síðustu aldar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þær voru fullorðnar konur og ég barn



Helena Rós Sturludóttir
helenaros@frettabladid.is

Kona sem dvaldi sem barn á leikskólanum Hörðuvöllum í Hafnarfirði segir ofbeldi sem hún varð fyrir þar hafa fylgt sér fram á fullorðinsár. Arna Ósk Óskarsdóttir segir það að verða fyrir ofbeldi í æsku ekki gott veganesti út í lífið, en hún trúði því lengi að hún ætti ofbeldið skilið, en skilar nú skömminni til þeirra sem hana eiga.

Maður man ekkert mikið frá æskunni en maður man það sem lét manni líða mjög illa og það sem lét manni líða mjög vel. Þetta hefur einhvern veginn alltaf setið eftir," segir Arna Ósk Óskarsdóttir, sem dvaldi sem barn á leikskólanum Hörðuvöllum í Hafnarfirði á tíunda áratug síðustu aldar. Hún er ein fjölmargra barna sem beitt voru harðræði af starfsfólki leikskólans, þar sem meðal annars var límt fyrir litla munna með breiðu límbandi, börn tekin úr að ofan til niðurlægingar og neglur voru klipptar niður í kviku.

Börnin hlógu

„Ég man ekki nákvæmlega hvað ég gerði af mér til þess að þær fóru að beita sér svona. Það sem situr mest í mér er þegar þær skömmuðu mig og tóku mig úr að ofan. Síðan settu þær mig í barnastól við matmálstímann á meðan hin börnin sátu á venjulegu borði. Börnin hlógu því þau vissu að þetta var aðferð sem notuð var til að skamma," segir Arna Ósk, þegar hún rifjar upp æskuna á köldum degi á kaffihúsi í hjarta Hafnarfjarðar.

„Það var aðallega þetta að þær skyldu taka mig úr að ofan sem situr mest í mér. Ég er tiltölulega nýhætt að vera rosalega vör um mig og spéhrædd," segir Arna Ósk einlæg, en



Arna Ósk stígur mikilvægt skref fyrir litlu Örnu. MYND/AÐSEND

hún sagði foreldrum sínum ekki frá ofbeldinu fyrr en málið komst í fjölmiðla nokkrum árum síðar, þegar móðir hennar fór að spyrja.

„Mér datt aldrei til hugar að segja foreldrum mínum hvað hafði skeð í leikskólanum. Ég trúði því auðvitað frá þessum konum sem áttu að vera þarna og vernda mig og ég leit upp til. Ég trúði því að þær væru að gera þetta af því ég átti það skilið," segir Arna Ósk og heldur áfram: „Ég trúði því að mamma myndi skamma mig af því þær létu mig trúa að ég væri óþekk."

> Ég trúði því að mamma myndi skamma mig af því þær létu mig trúa að ég væri óþekk.

Límbandsmálið

Fjallað var um límbandsmálið svokallaða í fjölmiðlum árið 1997. Málið vakti talsverða athygli en þremur leiðbeinendum í leikskólanum var vikið úr störfum í kjölfar þess að móðir barns á leikskólanum sá tveggja ára dreng með breitt límband fyrir munninum þegar hún sótti barn sitt á leikskólann.

Leikskólastjórinn sagði í samtali við Morgunblaðið 15. mars 1997 alla vera í sárum og að leikskólinn hefði fengið fyrirheit frá skólaskrifstofu Hafnarfjarðar um sálfræðiaðstoð. Þá kvaðst leikskólastjórinn ekki kannast við að vandamál af þessu tagi hefði komið upp á leikskólanum áður, en að það yrði rannsakað.

Þó nokkuð var fjallað um málið í fjölmiðlum þetta ár. Foreldrar töldu leikskólastjórann bera ábyrgð á málinu, sem æðsta stjórnanda. Í ágúst sama ár sendi á annan tug foreldra barna á leikskólanum frá sér ályktun vegna málsins.

Dagblaðið Vísir greindi frá ályktuninni en þar kom fram að fjölmörg dæmi hefðu verið um að börn væru beitt harðræði á leikskólanum og að það hefði viðgengist í mörg ár. Samkvæmt frásögnum barna voru krakkar sem þóttu of háværir og óþægir settir í barnastól og límt fyrir munninn á þeim með breiðu límbandi. Stundum hefðu þau verið óluð niður.

Málinu vísað frá

Foreldrar barnanna kærðu málið og samþykkti barnaverndarnefnd að leggja fram kæru til rannsóknarlögreglu ríkisins sem að rannsókn lokinni vísaði málinu til Ríkissaksóknara.

Í skýrslu umboðsmanns barna frá árinu 1997 er málið rakið stuttlega. umboðsmaður barna hafi ritað bréf til ríkissaksóknara þar sem meðal annars kom fram að málið væri mjög einstakt og óskaði umboðsmaður eftir upplýsingum um hvenær vænta mætti ákvörðunar vegna málsins.

Í desember sama ár barst umboðsmanni afrit bréfs frá ríkissaksóknara sem sent var til Sýslumannsins í Hafnarfirði, þar sem fram kom að umræddu máli hefði verið vísað frá.

Fréttablaðið óskaði eftir afriti af bréfinu frá Hafnarfjarðarbæ og upplýsingum um hvers vegna umræddu máli hefði verið vísað frá. „Þar sem nokkuð langt er um liðið þá þurftum við að skoða eldri gögn og gagnageymslur og leiddi sú leit í ljós að afrit af bréfi er ekki til í okkar skjalaskrám. Leikskólinn var á þessum tíma rekinn af Verkakvennafélaginu Framtíðinni, en á þessum tímapunkti tók Hafnarfjarðarbær við faglegum rekstri skólans. Með bréfi dags. 1. desember 1997 tilkynnti ríkissaksóknari að af ákæruvaldsins hálfu væri ekki krafist frekari aðgerða í málinu. Sálfræðingar á vegum sveitarfélagsins ræddu við hóp barna og foreldra þeirra og sálfræðileg aðstoð og/eða ráðgjöf var boðin eftir þörfum. Lögð var áhersla á að allir fengju aðstoð sem vildu. Þetta eru þær upplýsingar sem við finnum í okkar skjölum og skráningum," segir í svari bæjarins.

Einelti í grunnskóla

Það var ekki fyrr en leikskólinn komst í fjölmiðla sem móðir Örnu Óskar fór að spyrja. Fjölskyldan fór þó aldrei með málið lengra. „Ég held að foreldrar mínir hafi trúað því að það væri búið að gera eitthvað í þessu. Þau fóru strax í að hjálpa mér sjálfri," útskýrir Arna Ósk, en á þessum tíma bjó fjölskyldan í Þýskalandi, þar sem hún hóf grunnskólagöngu sína.

Ofbeldið fylgdi Örnu Ósk út alla grunnskólagönguna. Hún var lögð í mikið einelti í Þýskalandi og svo síðar í grunnskóla í Hafnarfirði þegar hún flutti heim. „Þetta hefur alltaf haft mjög mikil áhrif á mig. Ég fer úr leikskóla rosa brotin og var með lítið sjálfstraust. Þegar ég byrjaði í fyrsta bekk þá lenti ég í kennara sem beitti mig miklu andlegu ofbeldi og hvatti krakkana til að stríða mér. Ég var útlendingur »



FRANDSEN útivistar úlpa/vendingur
Fæst líka í rauðbleiku
Stærðir 38-54
Verð 33.980 kr



FRANDSEN síð dúnúlpa með hettu
Fæst líka í silfurlituðu
Stærðir 38-52
Verð 64.980 kr



FRANDSEN síð dúnúlpa með ekta skinni
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-54
Verð 59.980 kr



FRANDSEN Huntress úlpa og jakki
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-54
Verð 49.980 kr



NORMANN síð úlpa – vendingur
Fæst líka í petrol
Stærðir 38-54
Verð 42.980 kr



Fallegar jólagjafir sem fara vel í pakka

Opnunartímar um helgina
Laugard.10. des kl. 11-17
Sunnud. 11. des kl. 13-17





NORMANN dúnúlpa með hettu
Fleiri litir til
Stærðir 38-54
Verð 39.980 kr



FRANDSEN létt úlpa
Fleiri litir til
Stærðir 38-54
Verð 29.980 kr



FRANDSEN sítt létt vesti
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-54
Verð 26.980 kr



YEST/YESTA síð úlpa/vendingur
Stærðir 38-56
Verð 28.980 kr



YEST/YESTA úlpa
Stærðir 38-56
Verð 28.980 kr



DUFFEL helgarferðataska
Verð 8.990 kr



IÐUNN 3 töskur saman í setti
Fæst líka í svörtu
Verð 19.990 kr



MAJA símaveski
Fleiri litir til
Verð 7.990 kr



FREYJA hliðartaska
Fleiri litir til
Verð 8.990 kr



LOI hliðartaska með hólfum
Verð 7.990 kr



SILVÍA seðlaveski
Fleiri litir til
Verð 4.990 kr



HERA rennd hliðartaska
Verð 7.990 kr

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

» og kunni ekki tungumálið," segir Arna Ósk, en lausn skólans var að láta hana skipta um bekk.

Þegar heim til Íslands var komið, þá á leið í fjórða bekk, hélt eineltið áfram. „Ég gat ekki mætt í skólann mánuðum saman," segir Arna Ósk hugsi – og heldur áfram: „Mamma og pabbi einhvern veginn reyndu að gera allt sem í þeirra valdi stóð." Eineltið hafi ekki stoppað fyrr en hún var komin á unglingastig.

Í ofbeldissamband

Sextán ára var Arna Ósk komin í ofbeldissamband með manni sem var tíu árum eldri. „Mér datt aldrei til hugar að fara," útskýrir Arna Ósk og heldur áfram: „Einu sinni lét hann mig bíða úti í bíl í heila nótt á meðan hann skrapp inn í heimsókn einhvers staðar. Hann sagðist koma eftir smá en kom ekki til baka fyrr en um morguninn. Ég sat enn þá í bílnum og mér datt ekki einu sinni í hug að fara. Svo skemmd var ég." Hún hafi verið heltekin af manninum.

„Síðan fékk ég nóg þegar hann sat ofan á mér og lamdi mig ítrekað í framan. Ég var marin og bólgin eftir hann og fór grátandi á vídeóleigu í Skeifunni, þar var hringt á lögregluna," segir Arna Ósk. Lögreglan hafi farið með hana heim til foreldra hennar og mælt með að þær mæðgur heimsæktu Kvennaathvarfið. „Það hjálpaði mér mjög mikið. Það var í fyrsta skipti sem ég skildi að ofbeldi er ekki í lagi," segir Arna Ósk og það augljóslega yfir upp gömul sár að rifja upp söguna.

„Maður fer oft í það sem maður þekkir og ég hreinlega trúði því að það væri bara eitthvað að mér og ég ætti þetta allt skilið," segir Arna Ósk.



Arna Ósk hefur fengið mikla aðstoð og er á mun betri stað í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Í sambandinu leiddist hún út í óreglu, „þetta er hluti af fortíðinni sem ég er ekkert sérlega ánægð með."

Hluti af fortíðinni

Arna Ósk er greind með ADHD og flókna áfallastreituröskun og frá sextán ára til tvítugs notaði hún örvandi lyf til að deyfa kvíða og vanlíðan. „Ég tengi ekkert við þessa manneskju sem ég var þá í dag," segir Arna Ósk einlæg, en hún á tvö börn og hefur fengið mikla aðstoð til að komast á þann stað sem hún er á í dag.

„Helst af öllu myndi ég vilja setjast niður með þeim, segja þeim hvernig þær létu mér líða og útskýra fyrir þeim hvaða áhrif þetta hefur haft á mig í öll þessi ár," segir Arna Ósk og vísar til starfsmanna leikskólans og heldur áfram: „Þær voru fullorðnar konur og ég þriggja til fimm ára barn sem hafði enga rödd."

Arna Ósk segir æskuna móta einstaklinga hvað mest. „Þegar þú ert barn þá ertu að læra á traust og sjálfsmyndina. Fá veganesti út í lífið. Þarna var verið að brjóta á og beita lítil börn ofbeldi." Hún taldi sig lengi vel eiga ofbeldi skilið og því stígi hún mikilvægt skref núna fyrir litlu Örnu með því að skila skömminni til þeirra sem hana eiga. ■

> Mér datt aldrei til hugar að fara.



RAM

ÍSBAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM 3500



37” BREYTING
LJÓSKASTARAGRIND OG LJÓSKASTARAR

VERÐ LARAMIE FRÁ 10.371.732 KR. ÁN VSK.
12.860.948 KR. M/VSK.

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

ÖFLUG 6,7 LÍTRA CUMMINS DÍSELVÉL, 370/420* HESTÖFL OG *AISIN SJÁLFSKIPTING. RAM 3500 ER MEÐ MESTA INNRARÝMIÐ (MEGA CAB) Í SÍNUM FLOKKI.

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI ÍSBAND, SMIÐSHÖFÐA 5, SÉRHÆFIR SIG Í BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.

BJÓÐUM UPP Á 35”, 37” OG 40” BREYTINGAPAKKA



RAM 3500
MEGA CAB



RAM 3500
37” BREYTTUR



RAM 3500
40” BREYTTUR

EVRÓPUÁBYRGÐ: BÍLAR SEM EKKI ERU FLUTTIR INN AF UMBOÐI FRÁ USA OG KANADA ERU EKKI Í ÁBYRGÐ FRAMLEIÐANDA. VERKSMIÐJUÁBYRGÐ TRYGGIR AÐ ALLAR INNKALLANIR OG UPPFÆRSLUR SEM KUNNA AÐ BERAST Á LÍFTÍMA BÍLSINS ERU TILKYNNTAR EIGANDA SEM FRAMLENGD ÁBYRGÐ OG FRAMKVÆMDAR EIGANDA AÐ KOSTNAÐARLAUSU.

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Árið fær falleinkunn

Lenya Rún Taha Karim, varaþingmaður Pírata og lögfræðinemi, og Stefán Ingvar Vigfússon uppistandari eru sammála um að árið 2022 hefði getað orðið betra og að þjóðin sé komin með áfallastreituröskun. Fréttablaðið fékk þau til að gera upp árið á innlendum vettvangi.



Árið 2023 hlýtur að verða betra að mati viðmælandanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Kristinn Haukur Guðnason
kristinnhaukur@frettabladid.is

Faraldurinn

Faraldurinn er búinn. Breytti hann ykkur?

Lenya: Já, ég fer ekki í vinnuna veik. Viðhorf samfélagsins gagnvart veikindum hefur breyst. Ef þú ert veik þá áttu að halda þig heima og færð ekki samviskubit yfir því. Áður fyrr fannst mér ég vera aumingi ef ég var heima með flensu, eins og það væru ekki nógu mikil veikindi.

Eruð þið hrædd við að það komi annar?

Stefán: Ég ætla bara að vera með höfuðið í sandinum þangað til það gerist.

Lenya: Við erum enn að jafna okkur á þessum tveimur árum. Við erum ekki tilbúin til að fara að hugsa út í annan faraldur.

Stefán: Er ekki heimurinn allur með áfallastreituröskun eftir þetta? Það hafa komið svo mörg áföll og þung. Donald Trump var kosinn Bandaríkjaforseti, stríð braust út í Úkraínu og Covid. Síðasti áratugur er búinn að vera áratugur styrjalda og pesta. Ég held að samfélagið allt sé með áfallastreituröskun og þess vegna erum við öll alltaf svona reið. Við erum alltaf í „fight mode“ og hleypum engum nálægt okkur sem er kannski örlítið ósammála.

Óttuðust þið að apabólan yrði næsti faraldur?

Lenya: Það fyrsta sem ég hugsaði var: Ertu ekki að djóka? Ég nenni þessu ekki. Það hefði samt mátt finna betra nafn á þetta. SARS-Covid-19 var hægt að taka alvarlega.

Verðbólgan

Verðbólgan er á leiðinni upp og Seðlabankinn hækkar og hækkar vexti. Erum við í kreppu?

Lenya: Talandi um áfallastreituröskun. Þegar ég sé andlitið á seðlabankastjóra við einhverja frétt þá veit ég að það er önnur stýrivaxtahækkun á leiðinni. Ég veit að þetta er ekki honum að kenna, Seðlabankinn er að reyna að hafa stjórn á ástandinu í samfélaginu. Ég myndi ekki segja að það sé kreppuástand en það eru erfiðir tímar alls staðar. Stríðið í Úkraínu hefur mikil áhrif og ég vona að þetta sé tímabundið ástand. Seðlabankinn spáir líka betri tíð á næsta ári.

Stefán: Ég er búinn að segja að það sé kreppa á leiðinni frá árinu 2012. Án þess að hafa þekkingu á efnahagsmálum líður mér eins og allt fólk sem er ekki í millistétt, eða þar fyrir ofan, sé í kreppu.

En maturinn og bensínið er líka að hækka?

Stefán: Já, en ég er í millistétt og finn ekkert svakalega mikið fyrir því, hef aðeins minna til að leika mér með. En margt fólk er í vandræðum. Ég er farinn að sjá mjög mikið af betl-póstum á Facebook. Fólk að biðja um pening frá öllum sem sjá. Þetta sáum við ekki fyrir þremur árum.

Lenya: Það eru að koma jól og ekki hafa allir efni á að kaupa jólagjafir fyrir börnin sín. Hafa kannski rétt efni á húsaleigu og mat, en ekkert meira. Hvers kona líf er það?

Húsnæði

Húsnæði hækkar og hækkar og hækkar. Getur ungt fólk keypt sér íbúð?

Lenya: Stefán, átt þú íbúð?

Stefán: Ég á íbúð, keypti í desember 2020. Ég er einn af þeim sem fyllast þórðargleði þegar Seðlabankinn hækkar stýrivexti því ég tók óverðtryggt lán á föstum vöxtum. Djók. Vinur minn keypti sér íbúð í haust. Hann er um þrítugt, í þokkalega launuðu starfi og í sambandi með manneskju á ágætum launum. En þau eru ábyggilega komin með magasár eftir þetta ferli að kaupa sér íbúð og þurftu að fá aðstoð frá aðstandendum. Ungt fólk getur komist á húsnæðismarkað, sérstaklega ef foreldrar þess eiga pening.

Lenya: Ég er 23 ára og er föst á leigumarkaði, er stúdent og vinn lítið með skóla, reiði mig á að vera kölluð inn á þing og á sumrin er ég í fullu starfi sem ég nota til að greiða reikninga. Það er ekkert rúm til að leggja til hliðar eða reyna að yfirbjóða fasteignafélög og braskara á húsnæðismarkaðinum. Ungt fólk á engan séns núna og ég skil ekki af hverju stjórnvöld eru ekki að grípa til aðgerða. Við sjáum ungt fólk flytja til Kaupmannahafnar núna og ég myndi hugsa um það sjálf, ef ég þyldi dönsku.

Stríðið

Hafa íslensk stjórnvöld staðið sig gagnvart Úkraínumönnum og Rússum?

Lenya: Já, stjórnvöld hafa staðið sig og upplýsingagjöf utanríkisráðherra til þingmanna hefur verið rosalega góð. Það er svo lítið sem herlaus þjóð eins og Ísland getur gert nema veita fjárstuðning og fordæma innrás Rússa, sem við erum að gera. Við erum virk í samtalinu við önnur ríki og inni á þingi og erum að gera það sem við getum.

Stefán: Ég er mjög ánægður með að sjá hvað Þórdís Kolbrún er að gera og það er táknrænt mjög sterkt að sjá hana í Kænugarði. Að standa uppi í hárinu á stórþjóð eins og Rússum. Fyrir utan nokkra nöttara inni á málfrelsisgrúbbunni á Facebook, standa Íslendingar vel að baki Úkraínumönnum. En ég væri til í að sjá rússneska sendiherrann rekinn úr landi.

Vilt þú reka sendiherrann heim, Lenya?

Lenya: Við verðum að haga okkar aðgerðum í takt við það sem önnur ríki eru að gera. En persónulega, sem Lenya Rún, þá segi ég já.

Kosningar

Hvað fannst ykkur um kosningarnar í vor?

Stefán: Ég missti svolítið trú á borgarstjórnarmeirihlutanum í ár, sem var mjög svekkjandi fyrir mig því ég kaus þau. Það koma upp endalaus mál, strætó, leikskólarnir, endalausar myglur, Sorpa í ruglinu og fleira. Af hverju er enginn að grípa inn í og af hverju eru engin höfuð að fjúka? Verið alla vega með einhvern blóraböggul. Einhvern millistjórnanda sem hægt er að kenna um og reka.

Framsókn vann kosningarnar aftur. Kom það á óvart?

Stefán: Já, rosalega mikið. En þau voru með góða kosningabaráttu. Einar Þorsteinsson er fáránlega myndarlegur, með góða rödd og uppbrettar ermar.

Lenya: Já. Ég skil ekki hvað þau eru að gera rétt. Kannski er einföld kosningabarátta málið.

Stefán: Þau gefa sig út fyrir að allt eigi að vera aðeins betra. „Við ætlum að bæta samfélagið ... smá!“ Fólk vill greinilega kjósa flokk sem móðgar engan. Þau eru alltaf hlutlaus og segjast opin fyrir öllu í samtali við aðra flokka. En hverra fulltrúi ertu þá? Er Framsókn flokkur hinna óákveðnu?

Og Miðflokkurinn hvarf næstum?

Lenya: Sá póll sem flokkurinn er að taka er greinilega ekki að höfða til neins.

Stefán: Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið að virkja sína öfgamenn og taka til sín flóttamenn úr Miðflokknum.

> Einar Þorsteinsson er fáránlega myndarlegur, með góða rödd og uppbrettar ermar.
>
> Stefán Ingvar Vigfússon

Gosið

Var eldgosið hálfgert prump?

Lenya: Þetta var ekki eins og við bjuggumst við. Ég var nýbúin að lesa Eldana eftir Sigríði Hagalín og bjóst við einhverju risastóru. Það var samt fínt að þetta fór ekki eins og í bókinni.

Stefán: Ég gekk að því undir lokin í fyrra og sá ekkert nema mengun. Það var bara hættulegt að vera þarna, ekkert gaman. Ég fór ekki núna.

Lenya: Ég fór líka bara í fyrra. Ég nennti ekki aftur.

Verða alltaf skjálftar og gos hérna framvegis?

Lenya: Ég ætla að taka Píratalínuna á þetta og segja að við ættum bara að hlusta á sérfræðingana.

Stefán: Ég ætla að taka „ungur hvítur karlmaður“-línuna og segja: Já.

Verkalýðsfélögin

Verkalýðshreyfingin hefur logað stafnanna á milli. Er þetta barnalegt?

Stefán: Ásýndarlega finnst mér Efling og VR vera að standa sig mjög illa. Kannski þurfa þau betri áróðursmaskínu því ég er ansi langt til vinstri en þau eru búin að missa mig. Það er grátlegt að ASÍ sé að veikjast svona svakalega. Sólveig Anna og Ragnar Þór skulda þjóðinni skýr svör um hvers vegna þau gengu út af þinginu og eru að sprengja sambandið. Ég hef engan skilning og finnst þetta barnalegt.

Lenya: Grátlegast er að þetta hafi sprungið þegar var svona stutt í kjaraviðræður. Núna sjáum við að þær eru ekkert að ganga neitt rosalega vel. Kjarasamningar verkafólks eru ekkert grín. Ég held að fólk hafi ekkert mikið verið að spá í hvert hlutverk ASÍ er fyrr en þessu þingi var slitið. Það er fyrst og fremst samráðsvettvangur fyrir verkalýðsfélögin.

Stefán: Aftur að ásýndinni, þessar deilur virka mjög persónulegar, og

Ný námskeið ADHD samtakanna

Fjölbreytt og vönduð fjar- og staðnámskeið fyrir börn og fullorðna með ADHD, aðstandendur barna með ADHD, kennara, starfsfólk skóla og tómstundamiðstöðva ofl.



Fræðslunámskeið

Fjar- og staðnámskeið fyrir aðstandendur barna með ADHD. Pabbar, mömmur, afar og ömmur... öll velkomin!



Áfram veginn!

Fjarnámskeið fyrir fullorðna með ADHD. Á netnámskeiðinu ætlum við að fræðast um ADHD með styrkleika að leiðarljósi.



Taktu stjórnina

Fræðslu- og sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir fullorðna með ADHD.



Rafíþróttir – strákar

Stutt kynningarnámskeið í samstarfi við rafíþróttadeild Fylkis fyrir 12-17 ára stráka með ADHD.



Understanding ADHD

A Two-Part webinar for English-speaking adults with ADHD and parents of children with ADHD.



Rafíþróttir – stelpur

Stutt kynningarnámskeið í samstarfi við rafíþróttadeild Fylkis fyrir 12-17 ára stelpur með ADHD.



Áfram stelpur

Fræðslu- og sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir konur með ADHD.



Skólaumhverfið og ADHD

Fjarnámskeið fyrir annað starfsfólk skóla um birtingarmyndir ADHD og úrræði sem virka í samskiptum og samstarfi.



Leikskólinn og ADHD

Fjarnámskeið fyrir kennara og annað starfsfólk leikskóla um birtingarmyndir ADHD og úrræði sem virka í kennslu, samskiptum og starfi.



Grunnskólinn og ADHD

Fjarnámskeið fyrir kennara og leiðbeinendur um birtingarmyndir ADHD og úrræði sem virka í kennslu, samskiptum og starfi.

Kynnið ykkur vornámskeið ADHD samtakanna, takmarkaður sætafjöldi.
Skráning á adhd.is

„Frábært námskeið sem breytti lífi okkar."
— Faðir 9 ára drengs.

„Nú þekki ég mig sjálfa og skil hvað var í gangi."
— 33 ára kona með ADHD.

„Allir kennarar ættu að fá þessa fræðslu."
— 54 ára íþróttaþjálfari.

ADHD samtökin | Háaleitisbraut 13 | 108 Reykjavík | adhd.is | adhd@adhd.is | 581 1110



Stefán og Lenya rýna í kosningasigur Framsóknarflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

áróðursherferðin er léleg. Hins vegar er hún góð hjá Samtökum atvinnulífsins. Ógreiddur Halldór Benjamín er allt í einu orðinn maður fólksins, og hann er fulltrúi einhverra nokkurra stórfyrirtækja. „Þú getur þetta, Halldór, fyrir verkafólkið!“

Undirheimarnir

Það er líka vargöld í undirheimunum. Eruð þið hrædd við að fara út á djammið?

Stefán: Ég hef ekki djammað í sex ár en ég vinn niðri í bæ, og stundum langt fram á nótt. Mér finnst aðeins óþægilegra að labba heim á náttunni.

Lenya: Ég djammaði á föstudaginn. Þessi þróun í undirheimunum er hættuleg en ég er ósammála dómsmálaráðherra um nálgunina, að vopnavæða lögregluna og herða refsingar. Mér finnst að við ættum að ráðast að rót vandans, sem er félagslegur og sálfræðilegur.

Stefán: Brynjar Níelsson, sem dæmi, virðist halda að glæpamenn birtist í einhverju tómarúmi. Eins og persónur í tölvuleik. En þetta eru krakkar, sem telja það sér til framdráttar að þjóna vafasömum eldri mönnum með innbrotum og sölu fíkniefna. Það þarf að grípa utan um þá. Harðar refsingar virka ekki.

Lenya: Stríðið gegn fíkniefnum virkar ekki og við verðum að fara að prófa öðruvísi nálgun. Við náum ekki að góma alla sem koma með fíkniefni til landsins.

Sveitin og veðrið

Önnur vargöld er í sveitum landsins, út af lausagöngu sauðfjár. Mega kindur vera alls staðar?

Stefán: Tengdaforeldrar mínir eru bændur en ég hef ekki vit á þessu. Mér finnst samt algjör stemning að sjá kindur alls staðar.

Lenya: Ég borða ekki dýr. Mér finnst sauðfé eiga sama frelsisrétt og við fólkið til að fá að lifa góðu lífi. Þau eru mjög sæt líka.

Hvað með blóðmerahald?

Stefán: Það er viðbjóður, maður! Ég vissi ekki að þetta væri til fyrr en ég sá þetta í fréttum.

Lenya: Ég ætla að fá að hrósa Ingu Sæland, formanni Flokks fólksins, fyrir slaginn sem hún er að taka gegn blóðmerahaldi. Það er mjög flott hjá henni og í takt við mína stefnu þegar kemur að dýravelferðarmálum. Ég vona að þetta hætti sem fyrst.

Stefán: Ég er mikill aðdáandi Ingu Sæland. Hún er mikil stemningskona.

Lenya: Fæði, klæði, húsnæði.

En laxeldið?

Stefán: Það er miklu leiðinlegra að keyra úti á landi eftir að þetta kom. Þetta er ljótt og allir firðirnir eru að fyllast af þessu. Á meðan þetta er ekki að bjarga heiminum úr hungursneyð þá er ég mótfallinn þessu. Þetta stefnir laxastofninum í hættu og Norðmenn eiga nóg af peningum.

En náttúran öll og loftslagið?

Lenya: Þetta er búinn að vera vaxandi kvíði hjá mér síðustu ár. Við erum farin að taka eftir raunverulegu áhrifunum sem loftslagsváin er að hafa á okkur. Slógum við ekki hitamet í nóvember?

Stefán: Ég held að það sé spáð 10 gráðum á morgun.

Lenya: Það er ekki í lagi! Veðrið er búið að vera svakalega skrýtið í ár. Ég held að við þurfum að stíga fast til jarðar og grípa í þá tauma sem við getum. Loftslagsváin er byrjuð

> Ég ætla að fá að hrósa Ingu Sæland, formanni Flokks fólksins, fyrir slaginn sem hún er að taka gegn blóðmerahaldi.
>
> Lenya Rún Taha Karim

og við getum ekki komið í veg fyrir hana, en við getum hægt á henni. Mig langar að eiga börn og barnabörn, en með þessu áframhaldi munu þau ekki getað lifað í þessum heimi sem við erum að skapa.

Flóttafólk

Það hafa komið margir flóttamenn til landsins og við vísum mörgum burt. Vantar okkur ekki fólk?

Lenya: Hluti af vandamálinu er að við veitum ekki atvinnuleyfi samhliða dvalarleyfi. Fullt af fólki sem kemur til landsins vill vinna og margt af því er með menntun. En þetta snýst ekki aðeins um hjól atvinnulífsins. Flóttamenn koma hingað í neyð, það er ógeðsleg vegferð sem þeir leggja á sig til að komast hingað.

Stefán: Flóttamönnum er ekki að fara að fækka á komandi árum. Af hverju lögum við kerfið okkar ekki að þessu? Við bjuggum til þetta kerfi.

Lenya: Við þurfum líka að byggja betur upp innviðina og velferðarkerfið til þess að geta bæði sinnt þessum hópi og Íslendingum sjálfum.

Niðurstaða

Hvað gefið þið árinu 2022 í einkunn?

Stefán: Þetta ár fellur. Ég gef því 2.

Lenya: 4,9.

Verður 2023 betra?

Stefán: Ég held það. Ég held að 2023 verði mjög skemmtilegt.

Lenya: Já. Ef það verða stjórnarslit. ■



GOTT VERÐ PLÚS GÆÐI

Nú er tími vetraríþróttanna og þá er mikilvægt að búa sig vel. 4F framleiðir stílhreinan útivistar- og íþróttafatnað á mjög góðu verði og í háum gæðaflokki. Vöruþróun er unnin í nánu samstarfi við atvinnufólk í íþróttum og t.d. hannar 4F og framleiðir keppnisfatnað fyrir landslið og ólympíulið a.m.k. 8 Evrópulanda, nú síðast fyrir vetrarólympíuleikana í Beijing 2022. Verið vel búin hvernig sem viðrar. **Sjáið vöruúrvalið á 4fstore.is**



16.290 KR.

Primaloft® jakki fyrir konur
Vatnsfráhrindandi, ofurléttur, pakkast í innri vasa



16.290 KR.

Primaloft® jakki fyrir karla
Vatnsfráhrindandi, ofurléttur, pakkast í innri vasa



22.490 KR.

Gönguskór úr leðri
Góður ökklastuðningur, 3M Thinsulate™ einangrun og Neo Dry vatnsvörn



8.190 KR.

Hlýr bolur fyrir konur
Saumlaus „thermoactive“ undirfatnaður

4F Skin

4.890 KR.

Hlýjar buxur fyrir konur
Saumlaus „thermoactive“ undirfatnaður



14.290 KR.

Léttur skeljakki fyrir konur 10.000 mm
Vatnsheldur, vindheldur og með öndun



7.590 KR.

Göngu- og útivistarbuxur fyrir konur
Mjög léttar, teygjanlegar, vindheldar og sterkar



3.090 KR.

Vetrarhúfa fyrir konur
Þægileg húfa fyrir veturinn úr akríl- og ullarblöndu



2.690 KR.

Skíðasokkar fyrir konur
Hjýjir, sterkir og með góðri teyglu



14.290 KR.

Léttur skeljakki fyrir karla 10.000 mm
Vatnsheldur, vindheldur og með öndun

SMÁRALIND



14.990 KR.

Primaloft® útivistarjakki fyrir karla
Vatnsfráhrindandi, ofurléttur, pakkast í innri vasa



10.390 KR.

Göngupoki
28 l, stillanlegur með mjaðma- og bringuólum



48.690 KR.

Skíðaúlpa Dermizax 20.000 fyrir karla
Létt með vindstoppi og vatnsheldu Neo Dry hlífðarlagi. Þægileg og mjúk fyrir vetrarsportið



22.890 KR.

Karla gönguskór Ice Cracker
Gönguskór með Vibram sóla og Neo Dry vatnsvörn

32.690 KR.

Skíða- og brettajakki 15.000 mm
Hlýr og þægilegur, góð öndun og Neo Dry vatnsvörn



20.290 KR.

Skíða- og brettabuxur 10.000 mm
Sterkar, þægilegar, góð öndun og Neo Dry vatnsvörn



16.490 KR.

Primaloft® útivistarjakki fyrir karla
Vatnsfráhrindandi, ofurléttur, pakkast í innri vasa

Svarar gagnrýni á Sorgarþríhyrninginn



Nína Richter
ninarichter
@frettabladid.is

Sænski leikstjórinn Ruben Östlund er rísandi stjarna og einn umtalaðasti leikstjóri seinni ára. Kvikmynd hans Triangle of Sadness hefur sópað að sér verðlaunum og viðurkenningum. Hann svarar gagnrýnendum fullum hálsi og segist elska félagsfræði.



Ruben Östlund er staddur hér á landi um helgina. Nýjasta kvikmynd hans Triangle of Sadness er tilnefnd til Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna sem afhent eru í Hörpu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ruben Östlund er fæddur 1974. Hann hóf kvikmyndaferilinn í skíðabrekkum Alpanna, þar sem hann myndaði utanbrautar skíðamyndbönd og landaði í framhaldinu starfi hjá framleiðslufyrirtæki. Triangle of Sadness er vinsælasta mynd Rubens til þessa ef marka má aðsóknartölur kvikmyndahúsa, en eldri myndir hans, Force Majeure frá árinu 2014 og The Square frá árinu 2017, hlutu báðar Gullpálmann í Cannes.

Ruben er afslappaður í fasi. Hann hefur oft komið til Íslands og langar að skella sér á skíði hér á landi einn daginn. Hann ræðir við blaðamann í síma, staddur í spænsku borginni Valéncia á Spáni. Eiginkona hans er tískuljósmyndarinn Sina Görcz og saman eiga þau ungan son sem lætur í sér heyra þó að faðir hans sé í símanum. Ruben átti fyrir tvo syni frá fyrra hjónabandi.

Kryfur samfélagið

Myndir Rubens eru marglaga samfélagsádeilur sem glíma við stéttaskiptingu í sinni víðustu mynd: misskiptingu auðs, fordóma, kynhlutverk, lífsstíl og afþreyingariðnað, svo að dæmi séu tekin. Leikstjórinn sjálfur tilheyrir í dag hinum frægu og útvöldu, og flýgur á milli heimsborga og kvikmyndahátíða. Aðspurður hvernig sé að tilheyra elítunni, smám saman, samhliða því að gagnrýna hana, hlær hann. „Þetta er áhugavert. Þetta dregur athygli að myndunum. Evrópska nálgunin á kvikmyndaformið er að nota miðilinn til að kryfja samfélagið og spyrja spurninga.“

Að horfa saman

Ruben segir að það sé gríðarlega mikilvægt að þeir sem starfa í iðnaðinum átti sig á mikilvægi kvikmyndasýninga. „Þetta er nánast eini vettvangurinn þar sem við njótum kvikmynda saman með öðrum,“ segir hann. Áður fyrr hafi fólk safnast saman fyrir framan sjónvarpsskjái en í dag sé hver í sínu horni að horfa á mismunandi efni. „Fyrir utan einn sjónvarpsþátt sem er Eurovision,“ segir Ruben og hlær.

„Það er mikilvægt að horfa saman. Þegar við erum ein þá erum við ekki að spegla okkur í efninu með sama hætti. Þegar þú ert í bíó spyr kannski einhver: Hvað fannst þér? Þá þarftu bara að svara og mynda þér skoðun og það er allt öðruvísi,“ segir hann.

Ruben bendir einnig á að fullorðnir hafi misst stjórn á því afþreyingarefni sem börn horfa á. „Í dag eru fjórtán ára áhrifavaldar á samfélagsmiðlum að ná til miklu stærri hóps en eitthvert barnaefni,“ segir leikstjórinn.

Í Triangle of Sadness er komið inn á samfélagsmiðlamenningu. Aðspurður hvort slík þemu komi til með að halda áfram og verða jafnvel fyrirferðarmeiri í næstu verkum, svarar Ruben:

Öðruvísi flugslysamynd

„Næsta myndin mín heitir The Entertainment system is down. Hún gerist í löngu flugi, svona sautján tíma flugi eða einhverju svoleiðis. Farþegar fá upplýsingar um að afþreyingarkerfið liggi niðri,“ segir hann. „Farþegar hafa tvo tíma þangað til símarnir tæmast og þá verður þetta allt svakalega áhugavert.“ Undirrituð andar djúpt og reynir að missa sig ekki í hláturinn.

Ruben tekur sér langan tíma í að vinna myndir og hann segir að nýju myndarinnar sé að vænta eftir, í fyrsta lagi, þrjú til fimm ár. Um þessar mundir vinnur hann að handriti. „Ég nýt þess að ræða efni myndarinnar við fólk sem ég vinn með, spila svona ping pong með hugmyndir. Fólk fer að tengja við það og segja mér frá sínum vangaveltum og þá stel ég bara bestu hugmyndunum og set í handritið,“ segir hann. Ruben skrifar handritið sjálfur en er með aðstoðarmanneskju sem sinnir rannsóknarvinnu.

Svarar gagnrýninni

Mikið hefur verið skrifað og skrafað um hina gríðarvinsælu Triangle of Sadness og leikstjórinn er varla sammála allri gagnrýninni?

„Í fyrsta lagi hafa viðtökurnar heilt yfir verið jákvæðar á heimsvísu. Ég vildi gera rússíbanareið fyrir fólk og mér finnst það hafa tekist,“ segir hann. „En þegar litið er á gagnrýnina sé ég stundum að fólk hefur verið að lesa myndina frá einhverjum hefðbundnum staðli um hvernig skáldverk á að vera sett fram. Sem dæmi þegar fólk segir: Já, eru ríkir krakkar vondir, samkvæmt myndinni? Þá segi ég nei, horfðu aftur á myndina, í rauninni eru ríku krakkarnir besta fólkið í sögunni. Ég vildi gjarnan brjóta þessa frásagnarhefð, en hefðin er svo sterk að fólk blindast. Það var svolítið áhugavert að sjá hversu formfast þetta er. Næst segir fólk: Já, er þetta gagnrýni á kapítalismann? En það er allt, allt of mikil einföldun á efni myndarinnar. Ég samþykki það alls ekki,“ segir Ruben. „Sumir segja: Já, pólitíkin er rosalega augljós. Þá spyr ég: Segðu mér þá hver þessi augljósa pólitík er. Enginn hefur svarað mér almennilega,“ segir hann. „Mig langar að vita hvað það er sem á að vera svona augljóst.“

> Í hvert sinn sem ég stíg út úr íbúðinni minni sé ég misskiptingu samfélagsins.
>
> Ruben Östlund

Kannski, sem dæmi, þessi misskipting milli hæða í bátnum, sem endurspeglar þá efnahagslega misskiptingu karakteranna sem svara til mismunandi laga samfélagsins?

„Í hvert sinn sem ég stíg út úr íbúðinni minni sé ég misskiptingu samfélagsins. Ef fólk sér þetta ekki í sínu nærsamfélagi þarf það að skoða málið. Eitt sem ég vildi gjarnan gera og hefur verið markmiðið með öllum myndum sem ég geri, er að nálgast efnið aldrei þannig að ég skelli skuldinni á einstaklinga eða persónur í verkinu. Það er frekar félagslega samhengið sem persónurnar tilheyra, það er nálgunin sem ég vel mér í kvikmyndagerð,“ segir Ruben.

„Ég elska félagsfræði af því að hún skellir ekki skuldinni á einstaklinginn heldur skoðar samhengið og aðstæðurnar sem hann hrærist í. Ef aðstæðurnar eru svona, þá kallar það fram svona hegðun,“ segir hann.

Ruben er hrifinn af Karli Marx og telur hann einn af fremstu hugsuðum sögunnar. Þó sé hann umdeildur í Svíþjóð. „En félagsfræðin snýr til dæmis að því að horfa á heiminn út frá auðvaldslögmálum. Út frá þeirri sviðsmynd. Það er svolítið pirrandi þegar fólk reynir stöðugt að afskrifa marxískar kenningar með því að tengja þær við kommúnismann. En ef þú talar eingöngu um félagsfræðina er ekkert vesen,“ segir hann.

Aðalleikkonan látin

Leikhópurinn í Triangle of Sadness er mikið lofaður. Ruben ferðaðist um heiminn í leit að bestu mögulegu leikmönnum, og orðar það þannig að hann hafi viljað setja saman eins konar Real Madrid, ofurlið með bestu mögulegu leikmönnum. „Við leituðum á Filippseyjum, í Þýskalandi, Frakklandi, Skandinavíu, Bandaríkjunum og Englandi. Þetta gekk ekki út á að velja einhverja fræga leikara heldur velja fólk sem einfaldlega bætti einhverju við liðsheildina. Þetta var frekar langt ferli en ég er mjög ánægður með þessa litríku pallettu sem okkur tókst að skapa,“ segir Ruben.

Aðalleikkona myndarinnar Charlbi Dean Kriek lést í ágúst, fjórum mánuðum eftir frumsýningu myndarinnar, viku áður en myndin var sýnd á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Toronto.

Ég votta þér samúð vegna fráfalls aðalleikkonu myndarinnar Charlbi Dean Kriek. Geturðu sagt okkur aðeins frá því hvernig var að verða fyrir slíkum missi?

Ruben þagnar augnablik. „Já. Í fyrsta lagi verð ég að segja að fjölskylda hennar og unnusti eru auðvitað að upplifa þetta á allt öðrum skala en við,“ segir hann. „En þegar þú ert leikstjóri að vinna með leikara og sér í lagi í heimsfaraldri, kynnistu fólki mjög vel. Þú treystir á viðkomandi og verður svolítið náinn þeim. Eins og hinir leikararnir, tók Charlbi mikinn þátt og gaf mikið af sér í verkið. Hún lyfti öllum í kringum sig,“ segir Ruben.

„Hún lést áður en við frumsýndum í Toronto. Það var mjög skrýtið að standa þarna saman á sviðinu þegar það vantaði einn. Hæfileikar hennar í leiklistinni sáust mjög vel í myndinni og ég hlakkaði gríðarlega til að sjá hvað tæki við hjá henni eftir þessa mynd. Hvers konar hlutverk hún myndi taka að sér í framhaldinu,“ segir hann.

„Þegar við sýndum í Toronto og Grikklandi var sýningin tileinkuð Charlbi. Það er enn þá þannig, þú vilt gefa áhorfendunum tækifæri til að fylgjast með frammistöðu hennar og heiðra minningu hennar.“ ■

Nánar á frettabladid.is.



Jólaleikur Fréttablaðsins



Finnur þú jólasveinana í Fréttablaðinu?

Dagana 10.- 24. desember munu jólasveinarnir birtast einhvers staðar í Fréttablaðinu þegar þeir koma til byggða.

Til að taka þátt í leiknum þarft þú að

1. Finna jólasvein dagsins í Fréttablaðinu (suma daga verða þeir tveir, í heildina 13 jólasveinar)

2. Segja okkur á hvaða blaðsíðu þú fannst jólasveininn eða sveinana og skrá það inn á www.frettabladid.is/jolaleikurinn

Þann 27. desember drögum við út heppna þátttakendur sem fá vegleg fundarlaun. Í fyrsta vinning er DJI Mini 3 Pro dróni frá dronefly.is. Það borgar sig að finna sem flesta jólasveina því þá aukast vinningslíkurnar.

Nánari upplýsingar um leikinn og vinninga má finna hér

Skannaðu mig

www.frettabladid.is/jolaleikurinn

DRONEFLY
VERSLUN, VERKSTÆÐI, NÁMSKEIÐ & LEIGA



Seríur og jólavörur

25% afsláttur

Skreytingarefni • Jólastyttur • Servíettur • Jólaskraut
Jólaljós • Jólaseríur • Jólapappír • Gervijólatré ... og margt fleira

Gildir ekki af ferskvöru og skreytingum

Jólagjafahandbók *2022*

Frábærara hugmyndir af flottum jólagjöfum, skoðaðu á husa.is





20%

Hvítur eða svartur

eta since 1943

Air fryer 3,5 ltr.
1500W, 3,5 ltr., svartur eða hvítur, tekur 3,5 ltr., og með hitastillingu fyrir 80-200°C. **1851559/60**



12.790kr
~~15.990kr~~

20%

BaByliss

Hárblásari
2100W hárþurrka fyrir þægilegan og fljótþurrkandi árangur. Inniheldur stóran dreifara fyrir enn fallegri krullur og miðjustút fyrir silkimjúkan útkomu. **1870512**



5.430kr
~~6.790kr~~

20%

BaByliss

Sléttujárn
Tourmaline keramikplötur. Þrjár hitastillingar 180°C - 230°C. Snúra 2 metrar. **1870513**



6.390kr
~~7.990kr~~

25%

eta since 1943

Ryksugu-vélmenni
Moppar og ryksugar, beygir frá stigum og hindrunum. **1852100**



36.740kr
~~48.990kr~~

20%

NESPRESSO

Hylkjakaffivél
Centrifusion™ tækni. 5 mismunandi bolla-stærðir (40-535 ml). Hitar kaffivélina innan 30 sekúndna, 1,1 ltr. Inni-falið í pakkanum er 12 Nespresso hylki.**1851752**



25.590kr
~~31.990kr~~

30%

cozze

Gas pizzuofn
Cozze 13. Búðu til þína eigin pizzu á aðeins 2 mínútum utandyra, þrýstijafnari og AA rafhlaða í kveikju er ekki innifalinn. **3002400**



31.490kr
~~44.990kr~~



Pottasett
Rosewood, 4 stk.
2001833

30%

6.643kr
~~9.490kr~~

23%

HiKOKI
HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS

Borvél 18V
Tvær rafhlöður 2.0Ah sem sýna hleðslu, 20 skrúf- og borstillingar, 13 mm patróna. Hersla 50Nm, Led ljós og taska. **5246776**



19.995kr
~~25.990kr~~

38%

NEO

Topplyklasett
73 stk., 1/2"-1/4", skrall 72T, toppar 4-27 mm. **5052569**



9.995kr
~~15.995kr~~

Gleðileg jól

blómaval HÚSASMIÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG

JÓLATRÉ

20% afsláttur

Nordmannsþinur, íslensk stafafura og íslenskt rauðgreni

Sérvalin, falleg jólatré í fyrsta gæðaflokki í Blómavali

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Merkisatburðir

1768 Fyrsta útgáfa alfræðiorðabókarinnar Britannica kemur út í Edinborg.
1799 Frakkland verður fyrsta ríki heimsins til að taka upp metrakerfið.
1817 Mississippi verður tuttugasta ríki Bandaríkjanna.
1901 Nóbelsverðlaunin eru veitt í fyrsta sinn.
1909 Selma Lagerlöf hlýtur bókmenntaverðlaun Nóbels. Hún er fyrsti kvenkyns rithöfundurinn til að hljóta verðlaunin.
1924 Rauði krossinn á Íslandi stofnaður. Sveinn Björnsson, sem síðar varð fyrsti forseti lýðveldisins, verður fyrsti formaður Rauða krossins.



†

María Hrefna Sigurðardóttir
sjúkraliði,

andaðist á heimili sínu að Hrafnistu í Kópavogi 8. desember. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Marteinn Sverrisson



†

Sonur minn, bróðir og frændi,

Ingvar Kári Árnason
Sjafnarbrunni 1,

lést 3. nóvember.
Útförin fer fram frá Seljakirkju miðvikudaginn 14. desember kl. 11.

Guðrún Káradóttir
Helgi Valur Árnason
Andri Már Helgason
Ævar Þór Helgason

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað
Sverrir Einarsson S: 896 8242
Jóhanna Eiríksdóttir
Jón G. Bjarnason S: 793 4455
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Nærgætni, hlýja og virðing — Við andlát ástvinar
Ísleifur Jónsson Útfararstjóri Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir Útfararþjónusta Farsími 861 3441
ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Útfararþjónusta í yfir 70 ár
ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN
Allur arður af þjónustunni rennur til reksturs kirkjugarðanna



Eygló er búsett í Mosfellsbæ og segir lífið þar mjög gott. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Gerir ráð fyrir fimmtíu árum í viðbót

Þegar þetta viðtal var tekið hafði Eygló Harðardóttir ekki lokið þeim markmiðum sem hún ætlaði sér að ná fyrir fimmtugsafmæli sitt á mánudag.

arnartomas@frettabladid.is

Eygló Harðardóttir, verkefnisstjóri hjá Ríkislögreglustjóra og fyrrverandi ráðherra, fagnar fimmtugsafmæli sínu á mánudaginn. Aðspurð segir hún tímamótin sækja ágætlega að sér.

„Eru lífslíkur okkar ekki orðnar svo góðar? Ég hugsa að ég geri ráð fyrir allavega fimmtíu árum í viðbót til að fá að gera allt sem ég ætla að gera," segir hún og hlær.

Það verður ekki mikið um hátíðahöld á afmælisdeginum sjálfum vegna anna í starfi, en Eygló sér fram á að njóta afmælisins í faðmi fjölskyldunnar.

„Ég var búin að setja mér ákveðin markmið sem ég ætlaði að vera búin að ná þegar ég væri orðin fimmtug en er ekki alveg búin að ná þeim," segir hún. „Ég hef verið að velta því fyrir mér hvort ég eigi að fresta afmælisveislunni þangað til ég næ þeim!"

> **Ég var búin að setja mér ákveðin markmið sem ég ætlaði að vera búin að ná þegar ég væri orðin fimmtug en er ekki alveg búin að ná þeim.**

Markmiðin voru þrjú talsins: að byggja blokk fyrir Kvennaathvarfið, að byggja hús og að verða kokkur.

„Ég gaf mér fimm ár í það og helst að ná því fyrir fimmtugt," útskýrir hún. „Ég er búin með blokkina, á eftir að ljúka þriðja bekk og sveinsprófi fyrir kokkinn og á eftir tvö herbergi í húsinu. Ætli maður endi ekki bara á að fresta jólunum?"

Kokkanámið stundar Eygló í Brasserí Kársnesi undir leiðsögn Ólafs Helga Kristjánssonar matreiðslumeistara. Í vetur hafa eftirréttir átt hug hennar allan.

„Ég hef verið að æfa mig í að gera ís og alls konar aðra eftirrétti, sem hefur verið áhugavert," segir hún, en sér ekki fram á að henni takist að hagga hátíðarmatseðlinum neitt í ár. „Það er mjög stíft planið og ég fæ engu að breyta."

Eygló segist hafa reynt í tuttugu ár að koma grænum baunum í alls konar búningi inn í matseðilinn, án árangurs.

„Það er rækjukokteill í forrétt, kalkún með öllu heimatilbúnu í aðalrétt og svo jólagrautur í eftirrétt ef það er eitthvað plass eftir," segir Eygló, sem lýsir sjálfri sér sem temmilega mikilli jólamanneskju. „Ég er að minnsta kosti búin að ná í jólaljósin núna. Það hefur oft verið þannig að maður hefur verið að vinna nánast alveg fram að jólum og þá fell undirbúningurinn í fang makans sem stóð sig alltaf prýðilega. En ég hef nú aðeins verið að stíga meira inn í þetta undanfarið." ■

Þetta gerðist: 10. desember 1886

Tannlækningar auglýstar í fyrsta sinn á Íslandi

Þann 10. desember 1886 birtist auglýsing í tímaritinu Þjóðólfi þar sem Oscar Nickolin, lyfjasveinn í Reykjavíkurapóteki, sagðist taka að sér tannlækningar.

„Hjer með leyfi jeg mjer að tjá mönnum, að jeg ætla mjer að dvelja nokkra mánuði í Reykjavík, og að jeg tek að mjer tannlækningar án þess að draga tennurnar út," segir Oscar í auglýsingunni og heldur áfram: „með því að fylla holar tennur, hreinsa tennur, setja í menn Ameríkanskar glerungs tennur af beztu tegund og koma reglu á tanntöku hjá börnum. Auk alls konar tannlækninga tek jeg enn fremur að mjer lækning á allskonar munnsjúkdómum."

Þetta mun vera fyrsta íslenska auglýsingin um tannlækningar en ekki fylgir sögunni hversu vel Oscari tókst til. ■



Oscar Nickolin átti fyrstu tannlæknaauglýsingu landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Eygló afhjúpar Stað á Nýló

Eygló Harðardóttir hefur verið valin sem vinalistamaður Nýlistasafnsins 2023.

arnartomas@frettabladid.is

Á hverju ári velur Nýlistasafnið vinalistamann safnsins, sem fenginn er til að skapa verk fyrir vini og verndara safnsins. Listakonan Eygló Harðardóttir varð fyrir valinu fyrir árið 2023 og mun hún afhjúpa verk sitt á safninu klukkan 13 í dag.

„Mér finnst það fyrst og fremst heiður að vera valin og það er ánægjulegt að geta lagt safninu lið með því að vinna verk fyrir það," segir Eygló um valið. „Það má segja að þetta sé pantað verk og það er unnið sérstaklega af þessu tilefni."

Þótt margt um verkið sé enn á huldu hefur verið greint frá heiti þess: Staður.

„Ég var með einkasýningu í Nýlistasafninu 2018 og silkiprentaði þá bókverkið „Annað rými" fyrir samnefnda sýningu. Bókverkið var prentað á mjög fallegan japanskan pappír," útskýrir Eygló. „Það verk var kveikjan að sýningunni þá og einnig að þessu verki og vísar þannig óbeint í sýninguna."

Verkið Staður á sér þannig fjögurra ára aðdraganda og segist Eygló að því leyti vera búin að loka ákveðnum hring.

„Í verkið nota ég hluta af silkiþrykki sem tilheyrði vinnunni fyrir bókverkið og bætti við málverki og sérstöku upphengi. Þetta eru pappírsverk, málverk og silkiþrykk. Verkin eru 38 og hvert og eitt er einstakt. Uppbygging þeirra allra lýtur þó sömu lögmálum og endurtekningum."

Nafnbótin kom til eftir að verkin voru tilbúin.

„Ég sá að karakter þeirra var mismunandi, þannig að eigendur velja verk sem kallar á þá, kallar kannski á stað innra með þeim. Uppbygging verksins rammar inn litasamspil sem ég upplifi sem táknmynd fyrir stað. Staður getur einnig vísað til þess að í dag er staður ekkert sjálfsagt mál fyrir fólk sem býr við óvissu. Þannig vísar titill verksins bæði inn á við og út á við og getur speglað mismunandi aðstæður."



Eygló segir fyrst og fremst heiður að vera valin vinalistamaður safnsins.

MYND/SÓLVEIG M. JÓNSDÓTTIR

> Staður getur einnig vísað til þess að í dag er staður ekkert sjálfsagt mál fyrir fólk sem býr við óvissu.

Bókverk í undirbúningi

Það hefur verið nóg að gera hjá Eygló sem hefur verið með tvær einkasýningar á árinu – annars vegar sýninguna Hleðsla-draumur í Gallerí Undirgöngum og hins vegar Í stærra samhengi í Listasal Mosfellsbæjar. Á báðum sýningunum var hægt að handfjatla verkin og voru þau þannig að ákveðnu leyti berskjölduð, að sögn Eyglóar.

„Viðtökurnar hafa, að því er ég best veit, verið ágætar," segir hún. „Báðar þessar sýningar voru staðsettar í almenningsrými og aðgengilegar fjölbreyttum áhorfendahópi og einhver hluti þeirra ekkert sérstaklega áhugasamir um myndlist, og skoðar hvað svo sem verður á vegi þeirra."

Í dag er Eygló að undirbúa útgáfu bókverks en hún segir sýninguna Í stærra samhengi hafa verið eins konar rannsóknarstöð fyrir það. „Mér finnst spennandi að vinna með skala og tilvonandi bókverk verður hreyfiafl fyrir einkasýningu í Ásmundarsal á næsta ári," segir hún. „Bókverkið verður sýnt þar en ég mun sýna í allri byggingunni sem er mjög áhugavert og stórt verkefni. Þannig að ég er að skoða rými og er farin að pæla í og vinna fyrir þá sýningu." ■



†

Ástkær móðir, tengdamóðir, amma, systir, mágkona og frænka,

Ásdís Vébjörg Jónsdóttir

lést 8. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Eiríkur Örn Guðmundsson Þorbjörg Ósk Úlfarsdóttir
og barnabörn
Sigurður Þ. Jónsson Fríða Ástvaldsdóttir
og fjölskyldur



†

Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður og afa,

Alberts Guðmundssonar

verkfræðings.

Anna Þórunn Sveinsdóttir
Þór Aldan Rain
Barbara Inga Albertsdóttir
Anna Victoria og Elísabet Rúrí



†

Þökkum innilega samúðarkveðjur og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

Jóhannesar Tómassonar

blaðamanns og fyrrverandi upplýsingafulltrúa.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar A4 Landspítalanum Fossvogi, fyrir einstaka umönnun og hlýhug.

Málfríður Finnbogadóttir
Helgi Jóhannesson
Anna Jóhannesdóttir Brynjúlfur Jónatansson
Þórdís Jóhannesdóttir Brynjar Valþórsson
Jóhannes, Ísar Ágúst, Sara Björk, Einar Björn, Salvör Móeiður, Elsa María, Valþór Hrafnkell og Eva Málfríður

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Hallberg Svavarsson

tannsmíðameistari,

lést á líknardeild Landspítalans 30. nóvember. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 15. desember klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Ljósið.

Steinunn Guðbrandsdóttir
Þórey Hallbergsdóttir Bjarki Hallbergsson
Tinna Hallbergsdóttir Hallberg Daði Hallbergsson
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabarn



†

Elsku hjartans eiginkona mín, dóttir, mamma, tengdamamma og amma okkar,

Halldóra Halla Jónsdóttir

Gröf 1, Hvalfjarðarsveit,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi miðvikudaginn 7. desember í faðmi ástvina. Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 16. desember kl. 13.00.

Sigurbaldur Kristinsson
Jón Eiríksson Rut Hallgrímsdóttir
Guðný Elíasdóttir Jökull Helgason
Jón Hartmann Elíasson Hrafnhildur Kristinsdóttir
Hreinn Elíasson Kristín Jezorski
Marín Rut Elíasdóttir Sigurjón Ingi Úlfarsson
Stella Eyrún Sigurbaldursdóttir Arnar Þór Ólason
Sindri Már Sigurbaldursson Kristbjörg Víðisdóttir
og ömmugullin



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Jón Olgeirsson

frá Húsavík,
Boðaþingi 8,

lést umvafinn ást og hlýju 2. desember sl. á líknardeild LSH í Kópavogi. Útförin fer fram föstudaginn 16. desember klukkan 10.00 frá Digraneskirkju. Sérstakar þakkir fær starfsfólk HERU og líknardeildar LSH í Kópavogi.

Hulda Salómonsdóttir
Björg Jónsdóttir Ásgeir Baldurs
Örvar Þór Jónsson Anna Margrét Svavarsdóttir
Særún Jónsdóttir Haukur Valgeir Magnússon
og barnabörn



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Michaelsson

lést á Landspítalanum Fossvogi þann 29. nóvember. Útför fer fram í Seljakirkju þriðjudaginn 13. desember klukkan 15.

Benja Darayen
Guðrún Ósk Sigurðardóttir Kristján Kristjánsson
Guðmundur Helgi Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Jóhanna Svava Jónsdóttir

Kleppsvegi 10, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 29. nóvember. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 16. desember klukkan 13.

Jóna Andrésdóttir, Edda Andrésdóttir, Gunnar Andrésson
og fjölskyldur



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir og afi,

Einar Gunnarsson

Gullsmára 10,

lést á líknardeild Landspítalans þann 27. nóvember sl. Hann verður jarðsunginn frá Lindakirkju í Kópavogi þriðjudaginn 13. desember klukkan 13.00.

Matthildur S. Gunnarsson
Eva E. Gunnarsson, Cera Flynn
Leifur O'Gorman, Axel O'Gorman

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Krossgáta



LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist vinsælt bakkelsi (13)
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 25. nóvember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „19. nóvember“.

Sudoku

6		2		4	5		1	
1		4	6		2		9	
	7	8	9					
	8		1			9	6	
9								7
	4	1		9		5		2
		3						
7					4	6		
	5		2	1	7	3		

		4	8				3	7
						4		2
	9					5		
				1	9	7		3
	7		4			6		
3	4	1		6	2			
	2			5				
	1	9		7			6	8
7		3						

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Lausnarorð síðustu viku var

BRÚÐULEIKHÚS



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Fór með nokkrum menningarvitum að sjá ræmu með álum (11)
11 Slík er sál ágætrar konu en giska fjandsamlegrar (10)
12 Fín hótelálma en fullmikið rennerí af aðkomufólki! (11)
13 Hvorki skal hlaupa með skæri né rýting! (10)
14 Nem leifarnar þótt lemstruð sért (9)
15 Með þessu setjum við deilur okkar í algjöran hnút (9)
16 Það má segja um þessa stund að hún er þolanleg (9)
17 Mæni á þau sem sýna viðkvæmni (4)
20 Munu hinar seiðandi söngdívur muna að vökva blómin? (10)
24 Það gerist æ oftar að ég geng fullkomlega fram af Erni (9)
29 Faðir þiggur umbun vegna viðviks fyrir eigin hálfref (7)
30 Leysi upp lítið djöflagengi við þessi tímamót (7)
32 Þið skjögrið um eins og sósuð svín með flatan pokann í vasanum (8)
33 Skrifa í fornfrægt tímarit um goðsagnakenndan dverg (7)
34 Hún holdgerir þar að auki haf (7)
35 Heljarföðurs raun bíður síðustu kannana (8)
36 Tel hana þess virði að borga meira en mest fyrir hana (7)
37 Saga um áflog sem hylja allt (7)
40 Lítill er hann maður látbragðs og smámuna (8)
44 Rambið þið úr húsi gerir það gæfumuninn (8)
48 Berst best er fjendur reynast harðir (7)
50 Þetta kver er rit um bók (7)
51 Viðkvæm segir háa þrá mjög þessa sögn (8)
52 Í þvaðri þínu kann að leynast vísir að snjóelg (7)
53 Hafa tileinkað sér að halda sig við ýlduna (7)
54 Krydd kallar á sprett fyrir fól (6)
55 Fegrað hef ég feita kónga klóa millum (9)

LÓÐRÉTT

1 Finn meisa marða og þeirra staðlausu stafa (9)
2 Var það þá nunnuregla sem flutti Með hækkandi sól? (9)
3 Náttúra mín var ákveðin er miðstjórnin og formannaklíkan hittust (9)
4 Aprílgabb Odda klikkar án ákveðinna diska (9)
5 Æsir og jötnar eru sannkallaðar stórstjörnur (10)
6 Nýjar fitusogsgræjur! Mánuður í þær, samt (8)
7 Gef bæði rollu og rýran sauð fyrir flauelsklæddan sófa (8)
8 Hver er fengur refa og bráða? (9)
9 Hlaupa til himnaríkis enn þótt miðskænið bregðist (9)
10 Víst er missir af U2 og framandi ferfætlingum (7)
18 Hvort viltu: Sprellikarl eða uppblásið trampólín? (9)
19 Segja garðinn vera umkringdan byggingum (7)
21 Askur, heiði og frumbyggi – hvað þarf maður meira? (7)
22 Geiflar sig fyrir litlaskatt og hefur svo sína hýjungsdóma (8)
23 Eilíft nöldur um nötrandi hægindi (8)
25 Slæ iðulega saman uxum og nátthröfnum af hálfgerðu apakyni (7)
26 Hver er ekki meðal lifenda en deyr þó ekki? (7)
27 Stutt ræða um hagsmunamál (7)
28 Það sló mig hvað þetta sérfræðingagengi var örvæntingarfullt (8)
31 Það verður vart kaldara en þetta? (5)
38 Svarið já, því hefur verið lofað og það hátíðlega (7)
39 Þá var stefnan bara tekin beint á kofaskriflið (7)
40 Svolítið sár auðvitað, en ég mun samt melda skólann til leiks (6)
41 Byrja snemma að ræða mikilvægi tímasetninga (6)
42 Fórnum alltaf leiðum, aumum og fornyrtum (6)
43 Ískisa með taugabólgu? Hvaða rugl er það? (6)
45 Flótti storka leiðir til fleiri flótta (6)
46 Leita aldina í evrópskri höfuðborg – nema hún sé asísk? (6)
47 Vandræði mín eru fólgin i ruglinu með hann Golla (6)
49 Gjöfult sker sem hún Rikka mín hefur numið (5)

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Harmur og hamingja, eftir Meg Mason** frá Forlaginu. Vinningshafi í síðustu viku var **Óskar H. Ólafsson, Selfossi.**



Gleðileg bókajól!

Allt fyrir góðu pakkana undir trénu



Kyrrþey
Arnaldur Indriðason
5.299 kr.



Saknaðarilmur
Elísabet Jökulsdóttir
4.999 kr.



Bréfin hennar mömmu
Ólafur Ragnar Grímsson
5.399 kr.



Húðbókin
Sólveig Eiríksdóttir
& Lára G. Sigurðardóttir
4.799 kr.



Leyniviðauki 4
Óskar Magnússon
5.399 kr.



Tól
Kristín Eiríksdóttir
5.399 kr.



Brotin
Jón Atli Jónasson
5.399 kr.



Bannað að ljúga
Gunnar Helgason
3.899 kr.



Skólaslit
Ævar Þór Benediktsson
3.799 kr.



Syngdu jólalög með Láru og Ljónsa
Birgitta Haukdal
4.399 kr.



Fáðu betra verð og safnaðu inneign með Samkaupa-appinu

netto

Laugardagur

Hringbraut

18.30 Kaupmaðurinn á horninu - Melabúðin Þáttaröð um sögu og sérstöðu kaupmennskunnar á Íslandi.
19.00 Bíóbærinn (e) Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíóspjalli.
19.30 Eyfi + (e) Eyjólfur Kristjánsson fær til sín góða gesti sem taka með honum lagið.
20.00 Saga og samfélag Málefni líðandi stundar rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
20.30 Kaupmaðurinn á horninu - Melabúðin (e)
21.00 Bíóbærinn (e)

RÚV Sjónvarp

07.05 Smástund
07.10 Tikk Takk
07.15 KrakkaRÚV
10.00 Landinn
10.30 Heimilistónajól
10.55 Músíkmolar
11.05 Kappsmál
12.05 Jólalög Vikunnar með Gísla Marteini
13.15 Kiljan
13.55 Hraðfréttir 10 ára
14.20 Sætt og gott - jól
14.30 HM stofan
14.50 Marokkó - Portúgal Bein útsending.
16.50 HM stofan
17.15 Jólin hjá Claus Dalby
17.25 KrakkaRÚV
17.26 Lesið í líkamann
17.54 Jólamolar KrakkaRÚV
18.00 Jólin með Jönu Maríu
18.05 Randalín og Mundi. Dagar í desember Piparkökuhúsakeppni
18.15 Jólin hjá Claus Dalby
18.30 Fréttir
18.55 Íþróttir
19.00 Veður
19.05 Lottó
19.15 Evrópsku kvikmyndaverðlaunin 2022 Bein útsending úr Hörpu frá afhendingu Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna þar sem áföngum í evrópskri kvikmyndagerð er fagnað.
22.10 Evrópskir kvikmyndadagar. The Square Ferningurinn
00.35 Nærmyndir - Kvöld í Spánargörðum Talking Heads. Nights in the Gardens of Spain
01.10 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

08.00 Geimhundar - ísl. tal
09.25 Madagascar. Escape 2 Africa - ísl. tal
10.55 Tveir vinir og Greifingi - ísl. tal
12.00 Dr. Phil
12.40 Dr. Phil
13.20 Christmas at the Palace Jólamynd frá 2018. Alexander konungur er lítið hrifinn af jólunum.
15.00 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu - Jólamóðir
15.05 Tilraunir með Vísinda Villa
15.15 Ávaxtakarfan
15.30 Paddington ísl. tal
17.00 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu - Jólamóðir
17.30 American Auto
17.55 Gordon Ramsay's Future Food Stars
18.55 Venjulegt fólk
19.30 Á inniskónum
20.40 A Dog's Purpose
22.20 Silent Night
23.50 Carol
01.50 The Boys Are Back
03.30 Dirty Dancing. Havana Nights
04.55 Tónlist

Stöð 2

08.00 Barnaefni
11.40 Simpson-fjölskyldan
12.00 Bold and the Beautiful
13.30 Bold and the Beautiful
13.50 30 Rock
14.10 Franklin & Bash
14.50 GYM
15.15 Draumaheimilið
15.45 Masterchef USA
16.25 Jólaboð Evu
17.00 Idol
18.20 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
18.55 Kviss
19.40 Big Fish
21.45 Chaplin Chaplin fjallar um villt æviskeið enska leikarans Charlie Chaplin frá árunum 1895-1973, allt frá mótunarárunum í Englandi þar til hann slær í gegn í Bandaríkjunum.
00.10 Volcano Hörkuspennandi stórslysamynd sem gerist í stórborginni Los Angeles.
01.50 Four Good Days Átakanleg og hjartnæm mynd sem byggð er á sönnum atburðum.
03.25 Simpson-fjölskyldan
03.50 30 Rock Snilldarlegir gamanþættir sem fjalla um Liz Lemon, yfirhöfund skemmtiþáttar.

Sunnudagur

Hringbraut

18.30 Mannamál (e) Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
19.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e) Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
19.30 Útkall (e) Útkall er sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflokki Óttars Sveinssonar.
20.00 Matur og heimili (e) Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
20.30 Mannamál (e)
21.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)

RÚV Sjónvarp

07.15 KrakkaRÚV
10.00 Örkin
10.30 Matarmenning - Jólamatur-Madmagasinet
11.00 Silfrið
12.10 Menningarvikan
12.40 Okkar á milli
13.10 Í fótspor gömlu pólfaranna
13.50 Jólin hjá Mette Blomsterberg
14.20 Ljósmóðirin. Jólin nálgast - Fyrri hluti
15.05 Hraðfréttajól
15.30 Jólin hjá Claus Dalby
15.40 Jálavaka RÚV 2015
17.05 Mörgæsir í ýmsum myndum
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Jólaratleikurinn
18.30 Jólin með Jönu Maríu
18.35 Randalín og Mundi. Dagar í desember
18.45 Græn jól Susanne
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.40 Randalín og Mundi. Dagar í desember Bakaraprinsessa.
19.45 Jólaminningar
20.00 Landinn
20.30 Carmenrúllur Carmen Curlers
21.30 Evrópskir kvikmyndadagar. Ninjubarnið Ninjababy Norsk gamanmynd frá 2021. Rakel er ung stúlka með háleit markmið fyrir framtíðina og þar er hvergi pláss fyrir barnið sem hún gengur með. Eiga þau kannski enga samleið, barnið og Rakel?
23.10 Silfrið
00.10 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

08.00 Tröll - ísl tal
09.30 Álög drekans - ísl. tal
10.55 Palli Rófulausi - ísl. tal
12.00 Dr. Phil
12.40 Dr. Phil
13.20 Dr. Phil
14.00 Top Chef
15.00 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu - Jólamóðir
15.05 Tilraunir með Vísinda Villa
15.15 Ávaxtakarfan
15.30 Megamind - ísl. tal
17.00 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu - Jólamóðir
17.30 American Auto
17.55 Amazing Hotels. Life Beyond the Lobby
18.55 Kenan
19.25 Heima
19.50 Jólastjarnan 2022 Leitin að Jólastjörnunni 2022 er hafin. Ungir og efnilegir söngvarar fá tækifæri til að láta ljós sitt skína.
20.15 Laddi 75 ára Merkismaðurinn Laddi telur árin 75 og því ber að fagna.
22.15 Yellowstone
23.10 The Handmaid's Tale
00.10 From
01.10 Law and Order. Special Victims Unit
01.55 Chicago Med
02.40 The Rookie
03.25 The Capture Bresk spennuþáttaröð.
04.10 Snowfall
04.55 Tónlist

Stöð 2

08.00 Barnaefni
11.35 Náttúruöfl
11.45 B Positive
12.05 Nágrannar
13.35 Nágrannar
13.55 City Life to Country Life
14.45 Jamie. Together at Christmas
15.30 The Good Doctor
16.15 Kviss
16.50 60 Minutes
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
19.00 Lego Masters USA
19.45 Professor T
20.30 Gasmamman
21.20 Blinded
22.10 Signora Volpe
23.35 Afbrigði
00.00 Pennyworth
00.55 Náttúruöfl
01.00 B Positive
01.25 City Life to Country Life
02.10 Jamie. Together at Christmas
02.55 The Good Doctor

Mánudagur

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Heima er bezt Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits
19.30 Bókahornið Bókahornið fjallar um bækur af öllu tagi, gamlar og nýjar, með viðtölum við skapandi fólk.
20.00 433.is Sjónvarpsþáttur 433.is.
20.30 Fréttavaktin (e) Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
21.00 Heima er bezt (e) Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.



Nær Tommy Lee Jones að stöðva eldfjallið?

Eldfjall kraumar undir fótum okkar

Stórslysamyndin Volcano með Tommy Lee Jones í aðalhlutverki kom út árið 1997 og sýnir nokkuð sem stendur Íslendingum nærri. Hvað ef eldgos byrjar nálægt mannabyggðum? Hverju er hægt að bjarga og hvað mun hverfa? Í myndinni, sem verður þó að teljast nokkuð óvísindaleg túlkun á slíkum atburðum, vakna íbúar Los Angelesborgar upp við þann vonda draum að eldgos byrjar í miðri borginni. Hraun flæðir um göturnar og gleypir mannvirki og mannfólk sem verður í vegi þess.

Tommy Lee verður að taka á honum stóra sínum til þess að bjarga því sem bjargað verður og stöðva flæði hraunsins meðal annars með hjálp slökkviliðsins. Spurningin er hvort slökkvilið Reykjaness hafi fengið innblástur frá myndinni fyrir aðgerðir sínar í síðasta eldgosi?

Fyrir þá sem vilja spennu, hasar og óstöðvandi stórslys er hægt að kveikja á Volcano en hún verður á dagskrá Stöðvar 2 klukkan 00.10. ■



■ Við tækið

Netflix gerir Mexit skil



Nína Richter
ninarichter
@frettabladid.is

Heimildarþættirnir Harry & Meghan á Netflix rekja sögu Harrys prins, konungssonar og hertoga af Sussex, og eiginkonu hans Meghan Markle hertogaynju. Þættirnir eru sex og fjalla um samband þeirra hjóna allt frá fyrstu kynnum og fram að ákvörðun sem þau tóku um að stíga til hliðar sem starfandi meðlimir bresku konungsfjölskyldunnar. Í þáttunum eru viðtöl við hjónin sjálf, fjölskyldu og vini, en þó ekki konungsfjölskylduna. Rætt er við sagnfræðinga og blaðamenn.

Í þáttunum er áður óséð efni sem hjónin hafa sjálf tekið upp á farsíma. „Þetta er óþægilegt en ég vil útskýra okkar hlið," segir Meghan. Í fyrstu þremur þáttunum er lítið um sprengingar eða yfirlýsingar um mál sem ekki hafa þegar komið fram. Þeir eru þó fínasta áhorf fyrir áhugafólk um konungsfjölskylduna.



Harry og Meghan. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þættirnir eru einstök samtímaheimild, þar sem meðlimir konungsfjölskyldunnar veita innsýn í kytrur konunglegs einkalífs sem almenningi hefur áður ekki verið boðið að sjá, þó að gula pressan hafi oft gægst þangað í leyfisleysi. ■

Þetta er óþægilegt en ég vil útskýra okkar hlið.

Meghan Markle

JS WATCH CO. REYKJAVÍK

Sennilega Heimsins Minnsti Úra Framleiðandi



HJÁ GILBERT ÚRSMIÐ SÉRHÆFUM VIÐ OKKUR Í ÚRSMÍÐI, HÖNNUN OG FRAMLEIÐSLU ÚRA. ÁRATUGA REYNSLA, METNAÐUR OG FAGMENNSKA.



ÚRVALIÐ AF ÚRUM HEFUR ALDREI VERIÐ MEIRA OG ÆTTU FLESTIR AÐ GETA FUNDIÐ ÍSLENSKT ÚR VIÐ SITT HÆFI EN ÚRVALIÐ MÁ SKOÐA Á WWW.GILBERT.IS



ARC-TIC ICELAND

ARCTIC ÚRIN ERU TILVALIN JÓLAGJÖF, GÆÐA ÚR Á GÓÐU VERÐI, ÍSLENSK HÖNNUN.



ARC-TIC ÚR MEÐ LEÐURÓL
29.900.-

ARC-TIC ÚR MEÐ STÁLÓL
34.900.-

GILBERT ÚRSMIÐUR

GILBERT ÚRSMIÐUR
LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
WWW.GILBERT.IS
SÍMI: 551 4100

EXTRA

Jólin eru komin í Extra



9.999 kr.stk.
Mario Kart Go
Bílabraut, 2 bílar



7.999 kr.stk.
Disney Encanto
Syngjandi Mirabel



7.999 kr.stk.
Stickle Bricks
Stór kassi með
281 kubbum



11.999 kr.stk.
Polly Pocket
Flugvél



5.999 kr.stk.
Marvins Ultimate
365 Töfrabrögð

við komum með COSTCO til þín

Breytilegt úrval milli verslana

Barónsstígur 8-24
Akureyri 24/7
Reykjanesbær 24/7

extra.is

Munro Mk1 rafjeppinn frumsýndur í Skotlandi

Rafbílavæðingin hefur hingað til ekki náð til jeppaflokksins sem heitið getur, ef undanskilinn er Hummer rafjeppinn.

njall@frettabladid.is



Kassalaga útlit Munro Mk1 minnir mikið á gamla lagið á Defender sem og Ineos Grenadier sem hann á að keppa við. MYND/AUTO EXPRESS

Skoska frumkvöðlafyrirtækið Munro hefur frumsýnt Mk1 rafjeppann sem ætlað er að keppa við Ineos Grenadier. Bíllinn var frumsýndur við hátíðlega athöfn í Edinborg en hann fær nafnið eftir öllum fjöllum Skotlands sem fara yfir 1.000 metra hæð. Bíllinn fer í framleiðslu strax á næsta ári og mun kosta frá 10,4 milljónum króna í fimm dyra útfærslunni. Fyrstu eintök verða handsmíðuð en áætlað er að opna verksmiðju í Skotlandi sem framleiða mun 2.500 eintök á ári.

Bíllinn kemur á stigagrind eins og alvöru jeppi, er með læstum millikassa og möguleika á læsingum að framan og aftan. Einn rafmótor er í bílnum sem sendir aflið gegnum tveggja þrepa millikassa sem gefur möguleika á lágu drifi. Aflið verður 295 til 375 hestöfl eftir því hvaða mótor er valinn, og rafhlöðurnar 61 eða 81 kWst en sú minni gefur honum um 300 km drægi. ■

Brough Superior frumsýnir Dagger

njall@frettabladid.is



Nýja hjólið er með sportlegu reiserútliti og eru allir boddíhlutir úr koltrefjum. MYND/BROUGH

Brough Superior frumsýndi í mánuðinum nýja útgáfu af Lawrence mótorhjólinu sem kallast Dagger. Brough Superior voru ein eftirsóttustu bresku mótorhjólin á fyrri hluta síðustu aldar og hinn frægi Arabíu-Lawrence átti eitt slíkt sem hann hann lét líf sitt á.

Um er að ræða mótorhjól sem er með koltrefja-boddíhlutum og er meira að segja bensíntankurinn úr koltrefjum. Einnig kemur hjólið nú með nýrri útgáfu af vélinni sem stenst nú Euro5 mengunarstaðla.

Hjólið er mun sportlegra en fyrri útgáfa, kannski vegna þess að það kemur á 18 tommu felgum og nokkurs konar „Clip-on“ keppnisstýri. Áfram er notast við Fior álgaffalinn að framan og láréttan afturdempara.

Vélin er rúmlega 100 hestafla V2-vél. Verð á hjólinu hefur ekki verið gefið upp en það verður í takmörkuðu magni eins og öll Brough Superior hjólin. ■

Fisker Pear kemur fyrst fyrir sjónir

njall@frettabladid.is



Í myndbandinu sést Fiskers Pear bíllinn við prófanir í Kaliforníu. MYND/AUTOCAR

Fisker Pear er ætlað að vera undir 30.000 dölum í verði.

Fisker hefur hafið prófanir á Pear rafbílnum og sést hann nú fyrst opinberlega í nýju myndbandi frá framleiðandanum. Bíllinn er minni en Fisker Ocean og verður líka talsvert ódýrari, en hann mun kosta undir 30.000 dölum.

Bíllinn verður framleiddur af Foxconn í Ohio í verksmiðju sem var áður í eigu General Motors. Henrik Fisker hefur látið hafa eftir sér að þetta verði bíllinn sem komi Fisker yfir milljón bíla markið árið 2027. Framleiðsla á bílnum mun hefjast á seinni helmingi ársins 2024 og verður framleiðslugetan 250 þúsund bílar á ári. ■

Royal Enfield frumsýnir mótorhjól

njall@frettabladid.is



Royal Enfield Super Meteor er fyrsta hjól merkisins með öfugum framdempurum. MYND/ENFIELD

Royal Enfield hefur notað nóvembermánuð til að frumsýna Super Meteor mótorhjólið, en Meteor hefur hingað til aðeins komið í eins strokks 350 rsm útgáfu. Um nýtt hjól er að ræða með nýrri grind, afturgaffli, fjöðrun, bensíntanki og díóðuljósum.

Super Meteor hjólið er fyrsta mótorhjól Royal Enfield til að nota öfuga framdempara. Mun hjólið koma á markað í vor, en á Íslandi eru Royal Enfield mótorhjólin seld hjá fyrirtækinu Vallarbraut ehf. ■



REIR VERK

RE/MAX











SKANNAÐU KÓÐANN

RE/MAX | VIÐ VINNUM FYRIR ÞIG

HALLGERDARGATA.IS

Fólkið og fíknin

BÆKUR

Tól
Kristín Eiríksdóttir
Fjöldi síðna: 349
Útgefandi: JPV

Kristján Jóhann Jónsson



Skáldsagan Tól eftir Kristínu Eiríksdóttur er hagkvæmt „tól“ fyrir þá sem hafa gaman af að hugleiða bókmenntir. Þar er skrifað um ást og tryggð, svik og ofbeldi, skáldskap og heiðarleika, börn og fullorðna og síðast en ekki síst, fíkn og manngildi. Sagan er fagmannlega skrifuð og sýnir lesendum inn í ýmsa og mismunandi kima mannlífsins eins og títt er um þann skáldskap sem bestur er.

Aðalpersónan Villa Dúadóttir kynnir í upphafi bókar heimildamynd sem hún hefur gert um hvalveiðimanninn Dimitri, náunga sem er ekki allur þar sem hann er séður, hvorki í lífi sínu né myndinni. Glöggur lesandi getur fljótlega séð að milli Villu og Dimitri eru snertifletir sem höfundur birtir okkur smám saman. Í heimildamynd sinni er Villa að nokkru leyti að fjalla um sjálfa sig þegar hún býr til myndina af Dimitri. Hún sneiðir hjá því neikvæðasta í fari hans og það kallast á við eyðurnar í sjálfsskilningi hennar. Eftir stendur hin eilífa spurning sem aldrei verður svarað: Að hve miklu leyti móta aðstæðurnar einstaklinginn?

Sá yðar sem syndlaus er

Sögur eru tól sem við notum til þess að útdeila sekt og sakleysi og sögukonan Villa getur ekki dæmt Dimitri. Hún þekkti hann þegar hann var ungur og saklaus og í myndinni sýnir hún hve möguleikalaus hann var frá upphafi. Ef hún dæmir hann verður hún að dæma sjálfa sig. Sá yðar sem syndlaus er kasti fyrsta steininum, segir í annarri og eldri bók.

Meginvandi Villu og Dimitri er fíknin. Hjá Dimitri eru aðstæður svo herfilegar alveg frá uppvexti að erfitt er að ímynda sér að hann eigi völ á annarri leið en þeirri sem hann fer. Það er ekki í boði fyrir fólk eins og hann og móður hans að verða „höfundar eigin lífs“ í jákvæðum skilningi. Skáldsaga Kristínar lokar ekki með svörum, opnar frekar fyrir frjóar vangaveltur um örlög mannanna.

Skáldskapur sem valdatæki

Áleitinn þáttur í sögunni Tól er hlutskipti barna sem foreldrar svíkja. Mikil sögumannsfærni birtist í því að geta sagt sögur foreldra og barna af jafn mikilli hluttekningu og raun ber vitni, án þess að útdeila sleggjudómum eða „missa sig“ á lyklaborðinu. Einungis úrvalshöfundar geta sagt frá svo viðkvæmum málum af stillingu. Svik við lítil börn eru með því ljótasta sem fólk getur gert og verði sannleikurinn óbærilegur er alltaf hægt að ljúga. Það kemur skýrt fram í sögu bæði Villu Dúadóttur og Dimitri. Hann hefur brugðist við því með útsmognum lygavef og það gerir Villa líka, sviðsetur bæði hann og sig og fegrar. Persónur í sögum Kristínar Eiríksdóttur hafa löngum verið furðu slyngar við þá iðju.

Kannski hugsar nú einhver um sjálfsblekkingar eða lygi en við búum öll við persónulega sögu sem við höfum samið, eða látið aðra semja fyrir okkur. Skáldskapurinn er valdatæki. Hann er að því leyti eins og spegill stjúpunnar í ævintýrinu um Öskubusku. Hann getur sagt okkur hver er fegurst/ur, hver sveik ekki barnið sitt og hver er ekki fíkill. ■

NIÐURSTAÐA: Frábær skáldsaga þar sem viðsýnn höfundur horfir yfir mannlífið. Faglega skrifuð, snjöll og skemmtileg.

birta landssamtök

ERINDI VEGNA SKYNDILEGS BARNSMISSIS

Þriðjudaginn 13. desember n.k. kl. 20:00
í Grafarvogskirkju verður
Hjalti Jón Sverrisson sjúkrahúsprestur
með erindi fyrir foreldra/forráðamenn og fjölskyldur þeirra sem orðið hafa fyrir skyndilegum barnsmissi.

Birta landssamtök voru stofnuð þann 7. desember 2012 og eru því 10 ára um þessar mundir.

Allir velkomnir.

Stjórn Birtu.
www.birtalandssamtok.is


Guðmundur Heiðar Helgason fékk verðlaun fyrir söguna fyrir 24 árum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Gefur út barnabók sem hann skrifaði tíu ára

Guðmundur Heiðar Helgason gefur í ár út sína fyrstu barnabók. Söguna skrifaði hann fyrir tuttugu árum og vann fyrir hana verðlaun í smásagnakeppni í Smáraskóla þar sem hann var í grunnskóla. Bókin heitir Herra Skruddi og týnda galdradótið.

lovisa@frettabladid.is

„Sagan lá í geymslu ásamt gömlu skóladóti í rúm 20 ár, þar til hún skaut aftur upp kollinum fyrr á þessu ári. Við Tinna, konan mín, erum dugleg að lesa fyrir dóttur okkar og ég hugsaði hvað væri gaman að sjá söguna um Herra Skrudda skreytta eins og tíu ára Gummi hafði ímyndað sér. Afi minn heitinn, Guðjón Sveinsson, gaf út fjölda barnabóka yfir ævina sína og mig langaði alltaf til þess að feta í hans fótspor,“ segir Guðmundur, sem ákvað að bera söguna undir útgefanda sem hreifst af sögunni.

„Þá var ekki aftur snúið.“

Guðmundur segir að þegar hann hóf að koma sögunni í bókarform hafi hann þurft að breyta ýmsu í textanum sem var barnalegt en að það hafi verið sumt sem hann vildi halda.

„Þetta er tímalaust ævintýri en svo eru lítil móment í sögunni sem eru svo hversdagsleg. Herra Skruddi þarf á einum stað að senda son sinn til barnapíu og hringir í ömmu sína og það er svo fyndið að ég hafi verið að hugsa um þetta sem tíu ára barn. Það er eitthvað sem ég hélt í bókinni úr sögunni,“ segir Guðmundur.



Gat ekki hugsað sér neinn annan

Myndskreytingarnar í bókinni eru eftir myndlistarmanninn David Sopp, en hann og Guðmundur unnu saman að herferð fyrir Strætó þegar Guðmundur vann þar sem upplýsingafulltrúi. David Sopp er vel þekktur fyrir bók sína „Safe baby handling tips“ þar sem foreldrum eru gefin misgóð ráð um það hvernig eigi að hugsa um börn.

„Guðmundur sendi mér póst og sagði mér frá bókinni og spurði hvort við ættum að gera eitthvað með hana. Ég elskaði að hann hugsaði til mín og var ekki lengi að samþykkja það,“ segir David og að hann hafi alltaf verið ánægður með samstarf þeirra tveggja og að það hafi verið mjög auðvelt að segja já.


David Sopp teiknaði myndirnar. MYND/AÐSEND

Hann segir að strax hafi hann ákveðið að myndirnar ættu að vera þannig að fólk upplifði annan tíma og ævintýralegan stað.

„Þetta er ástríðuverkefni og það verður auðvitað enginn ríkur af þessu,“ segir Guðmundur, og að hann hafi glaðst svo við að fá já frá David, því hann hafi aldrei séð neinn annan fyrir sér í verkefnið.

„Bókin væri ekki eins án hans. Hún lítur æðislega út,“ segir hann.

Hafa aldrei hist

Þrátt fyrir að hafa unnið saman að öllum þessum verkefnum hafa þeir David og Guðmundur aldrei hist í persónu, en David stefnir á heimsókn á næsta ári.

„Ég ætlaði að koma 2020 en svo var Covid og svo bara hefur það ekki gengið upp. En ég mun komast til Íslands á endanum,“ segir David og hlær.

Spurðir fyrir hverja bókin er segir Guðmundur að börn á öllum aldri ættu að geta notið hennar en að líklega hafi börn frá fimm til tíu ára mest gaman af henni.

„Ég sýndi syni mínum hana og hann elskaði hana. Hann er 22 ára,“ segir David og þeir hlæja báðir. ■

Fyrsta aðventuhátíð Boðunarkirkjunnar

tsh@frettabladid.is

Aðventuhátíð Boðunarkirkjunnar í Hafnarfirði fer fram á morgun, sunnudaginn 11. desember. Mikið verður um dýrðir en þetta er í fyrsta sinn sem Boðunarkirkjan heldur aðventuhátíð.

Fram koma Elín Ósk Óskarsdóttir óperusöngkona, Kjartan Ólafsson pínóleikari og sögumaður, Anna Sigríður Helgadóttir söngkona, Maríanna Másdóttir söngkona og þverflautuleikari, Jóhann Grétarsson söngvari, sem einnig mun lesa upp ljóð, Alrún María Skarphéðinsdóttir pínóleikari og hljómsveit kirkjunnar, en hana skipa Kjartan Ólafsson, Jóhann Grétarsson, Konráð Óli Fjelsted og Geir Jón Grettisson. Magnea Sturludóttir forstöðumaður stendur fyrir bænastund og kynnir á aðventuhátíðinni er Þórdís Malmquist.


Elín Ósk Óskarsdóttir óperusöngkona kemur fram á aðventuhátíðinni.

Hátíðin hefst klukkan 16.00 í Boðunarkirkjunni að Álfaskeiði. Allir eru hjartanlega velkomnir og aðgangur ókeypis. ■

BARNABÓKA-FJÖR!

VELKOMIN Á BARNABÓKAFJÖR Í BÓKABÚÐ FORLAGSINS Á FISKISLÓÐ LAUGARDAGINN 10. DESEMBER!

Það verða upplestrar fyrir börnin, kandífloss og piparkökur.
Á meðan geta foreldrarnir klárað jólagjafainnkaupin!

DAGSKRÁIN ER FJÖLBREYTT OG SKEMMTILEG:

14:00 Stjörnu-Sævar sýnir loftsteina og segir frá sólkerfinu og umhverfinu

14:30 Margrét Tryggvadóttir les nýjustu bók sína og Önnu Cynthiu Leplar, *Leitin að Lúru*, og Anna Cynthia teiknar fyrir krakkana

15:00 Arndís Þórarinsdóttir les upp úr *Kollhnís*

15:00 Brian Pilkington teiknar fyrir krakkana

15:30 Gunnar Theodór Eggertsson les upp úr bók sinni *Furðufjall: Næturfrost*

16:00 Birgitta Haukdal les upp úr bókunum um Láru og Ljónsa og tekur lagið

16:30 Gunnar Helgason les upp úr *Bannað að ljúga*

Og það er aldrei að vita nema jólasveinninn komi í heimsókn!



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | **www.forlagid.is**

Fallegar bækur fyrir káta krakka



3.599 kr. VERÐ ÁÐUR 4.999 kr.



3.999 kr. VERÐ ÁÐUR 5.699 kr.



4.199 kr. VERÐ ÁÐUR 5.899 kr.



3.999 kr. VERÐ ÁÐUR 5.699 kr.



3.999 kr. VERÐ ÁÐUR 5.699 kr.



4.599 kr. VERÐ ÁÐUR 6.499 kr.



4.099 kr. VERÐ ÁÐUR 5.699 kr.



3.299 kr. VERÐ ÁÐUR 4.699 kr.



3.299 kr. VERÐ ÁÐUR 4.699 kr.

penninn.is
540-2000

09.12.
12.12.

TAX FREE

Fellum niður jafngildi virðisaukaskatts af

öllum vörum*

*Gildir ekki af húsgögnum, Óskaskrínum og Hay vörum.



3.799 kr. VERÐ ÁÐUR 5.299 kr.



3.299 kr. VERÐ ÁÐUR 4.699 kr.



3.999 kr. VERÐ ÁÐUR 5.699 kr.



2.899 kr. VERÐ ÁÐUR 3.999 kr.



3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 5.199 kr.



2.399 kr. VERÐ ÁÐUR 3.299 kr.



2.999 kr. VERÐ ÁÐUR 4.199 kr.

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 12. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Frí heimsending*
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjaþjónustu

Penninn Eymundsson
Bóksali í 150 ár



Natalie G. Gunnarsdóttir og Giita Hammond bjóða í dans í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Klúbbakvöld sem lýkur á miðnætti

lovisaa@frettabladid.is

Í kvöld er fyrsta mánaðarlega klúbbakvöldið á Bravó sem lýkur á miðnætti. Kvöldið er skipulagt af þeim Giitu Hammond og Natalie Gunnarsdóttur, eða DJ Yamaho.

„Klúbbakvöldið kallast After Eight og er fyrir þá sem vilja byrja dansinn snemma," segir Giita, en í hverjum mánuði verða nýir plötusnúðar og dansað frá klukkan 20 til miðnættis.

„Hugmyndina að After Eight fékk ég fyrir nokkrum árum þegar ég bjó á Írlandi. Ég er mikill tónlistarunnandi, elska að fara á tónleika og dansa. Ég var orðin þreytt á að þurfa að vaka seint á nóttunni til að dansa við góða danstónlist," segir Giita og að svo hafi hún kynnst klúbbakvöldi þar sem plötusnúðar spiluðu til miðnættis einn sunnudag í mánuði.

„Það var ókeypis inn og brjáluð stemning," segir Giita og að svo í heimsfaraldri Covid hafi margt breyst vegna þess að barir og klúbbar þurftu að loka fyrr.

> Ég var orðin þreytt á að þurfa að vaka seint á nóttunni til að dansa.

„Klúbbarnir opnuðu fyrr, fólk mætti snemma, dansaði allt kvöldið og fór svo heim. Þetta var fullkomið og ég hugsaði með mér að ég vildi að svona væri þetta alltaf," segir Giita, sem flutti til Íslands í sumar með fjölskyldunni sinni og ákvað að slá til í Reykjavík.

„Ég hafði samband við gömlu bekkjarsystur mína Natalie og henni leist vel á þetta," segir hún en Natalie spilar á fyrsta kvöldinu ásamt Gunna Ewok. Hægt er að kynna sér klúbbinn á Facebook undir After Eight klúbbur. ■



Sól Hansdóttir fatahönnuður segir gott að vinna á Íslandi
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Svampar og afgangar í nýrri fatalínu

Sól Hansdóttir fatahönnuður hannaði fatalínuna Sjö litir villskunnar úr endurunnum textíl og afgöngum. Fatalínan er aðeins til útleigu.

lovisaa@frettabladid.is

Fyrir viku síðan kom út ný fatalína í hönnun Sólar Hansdóttur sem hönnuð var í samstarfi við fataleiguna Spjöru. Verkefnið er samstarfsverkefni þeirra tveggja en fatalínan er aðeins til útleigu, ekki einkaeigu. Línan heitir Sjö litir villskunnar.

„Þær höfðu samband við mig hjá Spjöru og vildu fá mig með í verkefnið. Þetta var í febrúar og þá voru þær að sækja um styrki fyrir þessu verkefni," segir Sól, sem þá var á kafi í verkefni með Reykjavíkurdætrum, en fannst þetta spennandi og samþykkti að vera með.

„Mér fannst þetta svo spennandi og nýtt viðskiptamódel því það er ekki hægt að kaupa línuna, bara leigja hana og það er bara notaður endurunninn textíll og afgangar úr annarri framleiðslu," segir Sól, sem notaði það allt í flíkurnar auk fata sem hún fékk hjá Rauða krossinum í flokkunarmiðstöðinni sem átti að henda og föt úr skápnum sínum.





Sól fékk afgangssvampa hjá dýnuframleiðanda sem hún notaði í línuna

„En ég keypti líka af framleiðendum afganga og svampa af dýnuframleiðanda sem ég notaði," segir Sól, en ef flíkurnar eru skoðaðar sjást þeir vel.

Ný nálgun

Hún segir þetta nýja nálgun á tísku sem hafi oft og tíðum verið á hendi fárra, því hönnunarvörur eru dýrari en hraðtíska [e. Fast fashion].

„Það hafa ekkert allir efni á því að kaupa 300 þúsund króna Gucci kjól og ég hef alveg skilning á því að fólk sæki í hraðtísku þegar það er kannski að reyna að búa eitthvað outfit til fyrir myndatöku eða einhvern viðburð og þess vegna finnst mér þessi fatalína svo flott svar við því," segir Sól, en meðalleiga á kjól eða flík hjá Spjöru er um átta þúsund krónur.

Sól er með meistargráðu í fatahönnun frá Central Saint Martins í London og grunngráðu í fatahönnun frá Listaháskólanum og hefur komið víða við. Hún starfar bæði í London og Reykjavík og sýnir frekar erlendis.

> Mér fannst þetta svo spennandi og nýtt viðskiptamódel því það er ekki hægt að kaupa línuna, bara leigja hana og það er bara notaður endurunninn textíll.

„Ég vinn meira hérna heima. Það er svo æðislegt að vera hérna að vinna og skapa. Það er einhver orka hérna og plúss fyrir sköpun. Ég finn dálítinn mun á því að vera hér og þar upp á það að gera, en ég reyni að fara fram og til baka eins og ég get," segir Sól. ■



Yrsa í fantaformi!

Lögregluteymið sem Yrsa Sigurðardóttir kynnti til sögunnar í bók sinni Lok, lok og læs snýr hér aftur og rannsakar flókið mál í sögu sem fær hárin til að rísa.

„Flókin flétta heldur lesendum spenntum og fær hárin til að rísa eins og Yrsu er lagið."

Ritstjórn menningarvefjar ruv.is

„Yrsa gleður lesendahóp sinn í hvert skipti sem hún stígur fram í nýju verki."

Björn Þorláksson, Fréttablaðinu



„Yrsa trónir á toppnum í hópi norrænna glæpasagnahöfunda."

Sunday Times

⭐⭐⭐⭐⭐

„Yrsa skrifar alltaf frábærar bækur."

Politiken

Tilboðsverð 5.599 kr.
verð áður 7.999 kr.



Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 12. desember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

penninn.is
540-2000

Frí heimsending*
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjaþjónustu

Penninn Eymundsson
Bóksali í 150 ár

Sækir innblástur í mannleg samskipti

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Sunna Margrét Þórisdóttir komið víða við þegar kemur að listsköpun. Auk þess að syngja, semja tónlist og sinna myndlist rekur hún ásamt manni sínum útgáfufyrirtæki í Sviss, þar sem hún gefur út bæði eigin tónlist og tónlist frá upprennandi tónlistarfólki á svæðinu.

erlamaria@frettabladid.is



Sunna Margrét segir það aldrei hafa verið ætlunina að verða tónlistarkona. Lífið og aðstæður hafi leitt hana á þá braut. FRÉTTABLAÐIÐ/JASMINE DEPORTA

„Það er kannski pínu klisja, en segja mætti að tónlistin hafi alltaf verið í mér. Pabbi sagði að ég hefði alltaf verið syngjandi sem barn. Ég babblaði víst rosa mikið áður en ég byrjaði að tala og var í rauninni með mitt eigið tungumál. Ég var líka mjög taktviss og þegar ég var fimm ára bað ég um að fá að læra á píanó eins og eldri systir mín. Þannig byrjaði þetta," segir Sunna Margrét Þórisdóttir, myndlistar- og tónlistarkona, sem gengur undir listamannsnafninu Sunna Margrét.

Sunna Margrét býr í borginni Lausanne, í frönskumælandi hluta Sviss, þar sem hún og maður hennar, Stéphane Kropf, hafa komið sér vel fyrir ásamt tveggja og hálfs árs syni, en þar reka þau saman útgáfufyrirtækið No Salad Records.

„Ég flutti til Sviss árið 2016 til þess að fara í bachelor-nám í myndlist við ECAL-listaháskólann. Eftir það ákvað ég svo að fara í framhaldsnám og taka masterinn í myndlist og var að útskrifast núna í sumar. En meðfram því hef ég verið bæði að semja og taka upp mína eigin tónlist. Svo stofnaði ég plötuútgáfu í lok árs 2019, í raun til þess að gefa út mína eigin tónlist," segir Sunna Margrét og heldur áfram:

„En þetta er farið að stækka og við erum farin að taka að okkur alls konar hæfileikaríkt tónlistarfólk. Eins og staðan er núna er þetta mjög lókal, mikið til tónlistarfólk frá þessu svæði þar sem við búum," segir Sunna Margrét.

Ólíkar tónlistarsenur

Að sögn Sunnu Margrétar voru það talsverð viðbrigði að flytja til meginlands Evrópu, þá helst fyrir þær sakir hversu frábrugðin tónlistarsenan þar ytra sé þeirri íslensku.

„Það er eiginlega bara himinn og haf á milli. Það var mitt mesta menningarsjokk sem tónlistarkonu, að flytja frá Reykjavík til Lausanne," segir Sunna Margrét, og útskýrir nánar:

„Það er sagt að tónlistarfólk á Íslandi vinni mikið saman, sé óhrætt við að gera eitthvað sem er öðruvísi og það megi allir vera með. En hérna hefur fólk lítinn áhuga á einhverju sem kannski telst öðruvísi. Ég hef rætt þetta við tónlistarfólk sem ég vinn með hér og það er rosa sárt að sjá að það er mikið af hæfileikaríku tónlistarfólki sem langar að gera eitthvað nýtt og öðruvísi, en finnur sér engan stað og fær ekkert að blómstra," segir hún.

> **Þegar maður eignast barn breytist allur heimurinn. Það er eitthvað svona auka auga eða auka skilningarvit sem maður eignast.**

Áður en Sunna Margrét flutti til Sviss hafði hún verið áberandi í íslensku tónlistarlífi, en um fimm ára skeið var hún meðlimur í hljómsveitinni Bloodgroup, sem naut gríðarlegra vinsælda bæði hérlendis og erlendis. Hún segir að þar hafi hún fengið tækifæri til að ferðast um heiminn og spila á tónleikum. Þetta hafi verið dýrmætt tækifæri sem hafi hjálpað henni í listsköpun sinni.

„Þetta var mjög skemmtilegur tími og ég lærði mikið á þessu, en þegar ég byrjaði fyrst í hljómsveitinni vissi ég ekkert hvað ég var að gera. Ég þekkti Bloodgroup ekkert og var ekkert inni í því hvað þau höfðu verið að gera í tónlist. Á þeim tíma var ég bara átján ára nemandi í FÍH að hlusta á djass," segir Sunna Margrét og hlær.

Hljómsveitin hætti störfum árið 2015 og segir Sunna Margrét að þá hafi myndlistin tekið við. Fyrst Myndlistarskóli Reykjavíkur og svo ECAL-listaháskólinn í Sviss.

„Þegar Bloodgroup-ævintýrið var búið ákvað ég að taka stúdentinn í myndlist, en ég ætlaði ekkert út í myndlist og hugsaði aldrei um mig sem einhverja myndlistarkonu. Svo bara small eitthvað og í kjölfarið sótti ég um að komast inn í listaháskólann þarna úti. Ég bjóst ekki einu sinni við því að fá viðtal. En ég komst inn og núna allt í einu er ég komin með mastersgráðu í myndlist," segir Sunna Margrét.

Hefur aldrei planað lífið

Sunna Margrét segir tónlistina þó allsráðandi þessa dagana þó að myndlistin skipi einnig stóran sess í hennar listsköpun. Hún segist sækja innblástur víða, bæði í myndlist og mannleg samskipti.

„Ég er búin að semja ótrúlega mikið af tónlist eftir að ég flutti út. Ætli það hafi ekki verið einhver heimþrá. Ég samdi mikið til heiðurs ömmu minni af því ég saknaði hennar svo ótrúlega mikið, en hún er því miður fallin frá núna," segir Sunna Margrét. Þá hafi móðurhlutverkið einnig mótað hana þegar kemur að tónsmíðum.

„Ég samdi mikið þegar ég var ólétt og það voru allt öðruvísi lög heldur en ég samdi áður en ég varð ólétt. Þegar maður eignast barn breytist allur heimurinn. Það er eitthvað svona auka auga eða auka skilningarvit sem maður eignast," segir hún.

Að sögn Sunnu Margrétar eru spennandi tímar fram undan. Á Þorláksmessu komi út lag með rúmenskri tónlistarkonu sem Sunna segist gríðarlega spennt fyrir. Þá sé hún að leggja drög að því að búa til tónlist fyrir heimildarmynd sem mikil leynd hvílir yfir.

„Þetta er í fyrsta skipti sem ég sem tónlist fyrir skjáinn, en tökur ættu að byrja á næsta ári og vonandi gengur það upp. Ég get ekki sagt mikið meira en það enn sem komið er," segir Sunna Margrét.

Aðspurð segir Sunna Margrét það ekki hafa verið á stefnuskránni að verða tónlistarkona. Lífið og aðstæður hafi leitt hana á þá braut.

„Það var aldrei einhver pæling að ég ætlaði mér að vinna við tónlist. Ég var bara alltaf að því og ég held að ég hafi aldrei planað líf mitt þannig séð. Allt í einu var ég komin í Bloodgroup og svo eiginlega líka óvart komin út í myndlistarnám. Mér finnst oft hlutir bara gerast. Að plana næsta ár er lengsta plan sem ég hef gert, en það er mest tengt No Salad Records," segir Sunna Margrét og bætir við:

„Það hefur verið þannig að ef ég reyni að plana eitthvað, þá gerist eitthvað allt annað. En ég er mjög þakklát fyrir það sem ég hef og hef fengið að upplifa í lífinu. Ég hef verið heppin og ætla að reyna að njóta þess sem mér hefur verið gefið og er mjög spennt fyrir því sem er fram undan." ■



MEÐ ORKUNNI Í LIÐI

HIMNESKIR VÆNGIR



Litlatúni

SKÁL ER BESTA MÁL!



Bústaðavegi

Hey, Joe!



Miklabraut
Reykjavíkurvegur

Orkulykilinn hringir inn jólin!

Við eigum frábæra vini sem hjálpa þér að grípa góða orku á ferðinni. Vinir okkar á Orkustöðvunum bjóða viðskiptavinum með Orkulykil afslætti af matseðli.

Megi orkan vera með þér!

Kynntu þér afslætti frá vinum okkar hér



Fordæmalaust mál dónamyndbands

Frétt vikunnar

Aðalsteinn Kjartansson, blaðamaður á Stundinni

„Ég er með þrjár fréttir sem eru algjörlega fréttir vikunnar," segir Aðalsteinn.

„Númer eitt er stóra myndbandamálið hjá slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu. Þetta hefur tekið yfir alla umræðu og sú staðreynd að það séu einhverjir millistjórnendur hjá slökkviliðinu sem þurfa að kaupa eitthvað Onlyfans vídjó til að bregðast við einhverri nafnlausri ábendingu, hlýtur að vera algjört einsdæmi.

Athyglin sem þetta hefur vakið setur í samhengi hvað það er sem vekur áhuga fólks. Á sama tíma eru risastórar kjaraviðræður í gangi á Íslandi sem féllu, í umræðunni, algjörlega í skuggann af þessu dónavídjói.

Númer tvö eru vinslitin í verkalýðsfélögunum. Það eru bara einhverjar vikur síðan það birtust airbrushaðar myndir af leiðtogunum þremur, Vilhjálmi, Sólveigu og Ragnari.

Nú virðist bara búið að stroka Villa út. Ég held að það sé miklu stærri frétt heldur en við áttum okkur endilega á núna. Af því að þau þrjú hafa algjörlega leitt alla umræðu um baráttu verkalýðshreyfingarinnar í heild. Ég held að áhrifa þessara vinslita muni gæta lengi.



Svo er það þriðja sem tengist þessu líka: Það er hækkun á húsaleigu hjá henni Brynju Bjarnadóttur. Þetta afhjúpaði algjörlega fyrir öllum hver staðan í þessu þjóðfélagi er. Þeir sem eiga, þeir eiga rosalega mikið og þeir sem eiga ekki neitt geta aldrei eignast neitt. Í þessu máli kjarnaðist margra ára umræða um það hvernig samfélagið er að þróast. Og svona fréttir sem vekja upp tilfinningu eða mannlegan skilning á virkni samfélagsins, þær eru svo stórar. Þetta var klárlega þannig frétt." ■



Lítil og heimilisleg evrópsk kvikmyndafjölskylda

Ilmur Kristjánsdóttir hefur ekki áhuga á stjörnustjarfa á sviðinu í Hörpu í kvöld. Hún segist reyna að minnka viðburðinn í huganum enda sé um gríðarlega stóran viðburð að ræða. Þó líði henni alltaf vel á sviðinu.

ninarichter@frettabladid.is



Ilmur Kristjánsdóttir og Hugleikur Dagsson kynna af sviðinu á Evrópsku kvikmyndaverðlaununum í Hörpu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Evrópska kvikmyndaakademían hefur veitt Evrópsku kvikmyndaverðlaunin árlega frá árinu 1988. Verðlaun eru veitt í 19 flokkum, og eins og nafnið gefur til kynna, bundin við evrópska kvikmyndagerð og evrópska framleiðendur, leikstjóra og leikara.

Þetta er í fyrsta sinn sem verðlaunin eru afhent á Íslandi. Ilmur Kristjánsdóttir og Hugleikur Dagsson eru kynnar á sviði Hörpu í kvöld og er von á 700 erlendum gestum til landsins og 100 meðlimum heimspressunnar til viðbótar.

Aðspurð hvernig tilstandið leggist í Ilmi, svarar hún. „Við Hulli erum alltaf að reyna að minnka þetta í huganum. Svo mætum við í Hörpu og þá er komið fleira fólk og fleiri tæki og maður áttar sig á því hvað þetta er stórt," segir hún. „Við erum þannig að reyna að minnka þetta og ímynda okkur að við séum að skemmta á árshátíð og að þetta skipti ekki svo miklu máli," segir leikkonan og hlær.

„En það er alltaf eins að koma upp á svið. Maður situr úti í sal og hugsar, uh – hvernig ætli sé að vera uppi á þessu sviði? Svo kemur maður upp á svið og þá á maður bara heima þar," segir Ilmur.

Aðspurð um helstu áskoranir, til dæmis hvort að öryggisgæslan á svæðinu sé ströng, svarar hún: „Það er öryggisgæsla, auðvitað átti maður von á því líka. En það er verið að passa allt og manni líður bara vel með það."

Margir verða stjörnustjarfir í kringum ofurfræga einstaklinga. Ilmur kveðst þó ekki kvíða slíku. „Ég veit það ekki. Það verður bara að koma í ljós. Síðan er bara gaman að finna að við erum ein lítil evrópsk kvikmyndafjölskylda. Ég held að sú tilfinning eigi eftir að koma mörgum á óvart, hvað þetta er lítið og heimilislegt," segir Ilmur.

Leikkonan vill ekki gefa upp neitt um eftirlætismynd í hópi tilnefndra.

„Ég má ekki segja það. En ég held að allir haldi svolítið upp á Triangle of Sadness," svarar hún.

Verðlaunin eru afhent í 35. sinn um helgina. Til ársins 1997 voru verðlaunin kölluð Felix-verðlaunin, með tilvísun í verðlaunagripinn sem var seinna skipt út. Síðast voru verðlaunin afhent 11. desember 2021 í Berlín og í flokki bestu myndar bar sigur af hólmi Quo Vadis, Aida. Anthony Hopkins fékk aðalverðlaun sem besti leikari í aðalhlutverki og Jasna Đuričić fékk verðlaun sem besta leikkonan.

Rússneskum kvikmyndum hefur verið úthýst frá verðlaununum í ár sem viðbragð við innrásinni í Úkraínu. Nokkrar tilnefndra mynda takast á við stef sem tengjast stríði og heimsfaraldri. ■

Snjallmenni yrkir um jólin

ninarichter@frettabladid.is

Hönnuðurinn Arnór Bogason bað á dögunum gervigreindarforritið ChatGPT að yrkja fyrir sig jólalagatexta á íslensku. „Fólk er mikið að tjá sig um jólalög á Twitter þessa dagana á sama tíma og ChatGPT fór í loftið. Mér datt hreinlega í hug að sameina þetta tvennt og biðja snjallmennið að semja fyrir mig jólalag á íslensku," segir Arnór.

Jólaþess er nýyrði sem kemur fyrir í textanum. Aðspurður hvort að Arnór hafi séð það áður, segir hann svo ekki vera. Varðandi nafn á ljóðið svarar hann að Jólahendur höndum gæti verið ágætis nafn. ■

Jólahendur höndum

Jólin koma snemma
Hérna í bænum
Allir eru glaðir
Og ljúfir að sjá

Kertaljósin líða
Á björtum jólamönnum
Og allir eru að syngja
Með jólahendur höndum

Jólin eru hér
Og jólasveinar
Ertu til í jólatrénu
Eða hjá okkur hér

Það er eins og himinn
Á jóladag
Allt er svo fallegt
Og fjölskyldan saman

Jólin eru hér
Og jólahamingjan
Ég hlakka til að syngja
Með þér á jólatónleikum

Jólin eru hér
Það er tími til að gefast
Og njóta jólaþess
Með fjölskyldu og vinum

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrir@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Kolbeinn Kolbeinsson *kolbeinn@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is* **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

TAX FREE

9.12. – 12.12.

Fellum niður jafngildi virðisaukaskatts af

öllum vörum!*

*Gildir ekki af húsgögnum, Óskaskrínum og Hay vörum



25% afsláttur

Heyrnartól þráðlaus NC svört
Tilboðsverð 14.993 kr.
Verð áður 19.990 kr.

Auk annarra góðra tilboða!

Allt utan um pakkann

30% afsláttur



Öll jólakort

30% afsláttur





30% afsláttur

Tilboðsverð 5.399 kr.
Verð áður 7.999 kr.

***Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 11% virðisaukaskatt af sölu bóka, tímarita og tónlistar & 24% af öðrum vörum.**
Öll verðlækkun (9,91% & 19,35%) er alfarið á kostnað Pennans.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Tax Free gildir til og með 12. desember og gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir ekki af húsgögnum, Óskaskrínum og Hay vöru.

penninn.is
540-2000

Frí heimsending*
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjaþjónustu

Penninn Eymundsson
Bóksali í 150 ár

25%
afslátttur
af öllum jólavörum



Jólagjafa-handbók

Yfir 200 hugmyndir

SKOÐAÐU HANDBÓKINA

Aðventan í Breidd

kl. 13-16 **Laugardag;** ristaðar möndlur, Langleggur og Skjóða og Kaffitár

kl. 13-16 **Sunnudag;** jólasveinar, smákökubakstur og Kaffitár



Jólatrén eru komin

Það er eitthvað við lyktina af grenitrjám.
Sumir elska að skreyta það á meðan öðrum finnst
skemmtilegast að velja það
Öll okkar tré eru sérvalin og ættu því öll að
geta fundið sitt fullkomna jólatré

Nordmannsþinur

125-150 CM	150-175 CM	175-200 CM
5.995	6.995	7.995

Stafafura frá Skógræktinni

100-150 CM	150-200 CM	200-250 CM
5.995	6.995	7.995

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Great Place To Work. Best Workplaces™ Europe 2022

UMHVERFISVIÐURKENNING 2021

VIÐ ERUM HANDHAFI KUÐUNGSINS

SAMAN Í 60 ÁR

BYKO

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

VÍS
Lífið er að muna eftir jólasveinunum
Lífið er … að mæta því óvænta

Bakþankar



Tobbu Marinós

Að kenna 5.-J

Það má skipta um skoðun og það er svo geggjað. Ég dýrka hvað það er mikið frelsi fólgið í að fyrirgefa sér og þakka sér fyrir að skipta um skoðun.

Leyfa sér að prófa alls konar og um leið átta sig á því líkt og frænka mín Sheryl Sandberg segir – starfsframinn er ekki stigi – hann er klifurgrind. Við verðum ekki að fara upp eða niður. Það má – og á – að fara einn til hliðar, tvo upp, einn niður og sveifla sér.

Mér finnst þessi vitneskja gera það svo miklu auðveldara að taka áhættu í starfi og leyfa mér að takast á við krefjandi verkefni.

Tilhugsunin um að læra eitthvað eitt og vinna við það alla ævi hentar mörgum en alls ekki öllum.

Eldri kynslóðum var kennt að vera ekkert að vesenast neitt. Ef þú varst kennari þá áttir þú að vera ánægður með að kenna 5.-J alla ævi.

Pabbi þinn var kannski kennari. Þú gast þá líka gert það. Skipti engu sérstöku máli hvort þig langaði það eða hafðir hreinlega ánægju af samskiptum við börn. Systemið krafðist þess að þú héldir þig við það sem þú hafðir lært.

Díana átti að vera gift Karli Bretaprins. Þú átt að kenna 5.-J.

Í dag getur fólk verið framúrskarandi kennari en samt ákveðið að hætta og reka verslun, stofna matreiðsluskóla eða gerast hótelrekandi á Balí.

Koma svo kannski aftur í kennsluna síðar með enn meiri reynslu og lífsgleði.

Við erum höfum frelsi til að velja og ættum að njóta þess.

Einn niður, tveir til hliðar og tveir upp. Hrufla sig á leiðinni en halda áfram. Njóta útsýnisins. Ferðalagið telur, ekki reitirnir. ■







AUÐUR BJÖRT SKÚLADÓTTIR

Fallegar uppskriftir – eins báðum megin

GUÐRÚN S. MAGNÚSDÓTTIR

Fjölbreyttar og fallegar tuskur



Gerðu innkaupin heima á forlagid.is

Við bjóðum upp á innpökkun, merkimiða og heimsendingu gegn vægu gjaldi



LÁRA G. SIGURÐARDÓTTIR
SÓLVEIG EIRÍKSDÓTTIR

Góður lífsstíll, betri húð!

LENE HOLME SAMSØE

Falleg og sígild föt á börnin





SIGRÚN ALBA SIGURÐARDÓTTIR

„... bók sem þarf að rata sem víðast.“
JGT / SKALD.IS

NJÁLL GUNNLAUGSSON

Ómissandi bók fyrir allt áhugafólk um vélhjól





ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning

ÁRNI SNÆVARR

★★★★

„... skemmtileg og áhugaverð bók um forvitnileg mál ...“
SS / MORGUNBLAÐIÐ



FJÖRUVERÐLAUNIN
BÓKMENNTAVERÐLAUN KVENNA Á ÍSLANDI
TILNEFNING

SIGRÍÐUR VÍÐIS JÓNSDÓTTIR

★★★★

„... leiftrandi fróðleg, skemmtileg og hugvekjandi ...“
ÁHI / STUNDIN

HELGI ÞORLÁKSSON

„Tvímælalaust ein af bókum ársins!“
GUNNAR ÞÓR BJARNASON





BIRGITTA HAUKDAL

Vinsælu bækurnar um Láru og Ljónsa



ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN Tilnefning

SIGRÚN ELDJÁRN

★★★★½

RH / MORGUNBLAÐIÐ



MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR
ANNA C. LEPLAR

★★★★

SLR / MORGUNBLAÐIÐ

BÓK ER BESTA GJÖFIN



GUÐRÚN HELGADÓTTIR

Jón Oddur og Jón Bjarni – allar sögurnar í einni bók



ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN Tilnefning

ARNDÍS ÞÓRARINSDÓTTIR

★★★★½

„... framúrskarandi bók sem óhætt er að mæla með.“

IIA / MORGUNBLAÐIÐ



GUNNAR HELGASON

„Allt er þetta þrusu-skemmtilegt ...“

ÞORGEIR TRYGGVASON KILJAN



ÆVAR ÖRN BENEDIKTSSON

„... ógeðslegt og ógeðslega gaman.“

KL / LESTRARKLEFINN



ÆVAR ÖRN BENEDIKTSSON

„... skrifuð af hlýju, alúð og virðingu ...“

SGÞ / STUNDIN



GUNNAR THEODÓR EGGERTSSON

„Skemmtileg og vel skrifuð fantasíusaga ...“

BB / FRÉTTABLAÐIÐ



RUT GUÐNADÓTTIR

★★★★½

„... skemmtileg, vel skrifuð og góður endir á skemmtilegum furðuveruþríleik.“

HMR / MORGUNBLAÐIÐ



ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN Tilnefning

EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL

★★★★

ÁHI / STUNDIN



ÓLAFUR GUNNAR GUÐLAUSGSSON

★★★★

„... virkilega spennandi og mjög margslungin.“

RH / MORGUNBLAÐIÐ

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | **www.forlagid.is**